


skoðun 20

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Fermingar







FRÉTTABLAÐIÐ

Fimmtudagur
1. mars 2012
52. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup júlí - september 2011



## Subbuskapur og sóðarit

*Fjórtán valinkunnir bókamenn skrifa um bókmenntir á nýrri vefsíðu.*

**menning** 40

## Sárt að falla eftir 26 ár

*Páll Reynisson tekur á móti gestum á árlegri byssusýningu um helgina.*

**fólk** 54



## Svekkjandi tap

*Ísland tapaði gegn Svartfellingum ytra í gær.*

**sport** 62

## veðrið í dag




**ÉL VESTRA** Í dag verða suðvestan 8-15 m/s en gengur í suðaustan 10-18 m/s með úrkomu um sunnan og vestanvert landið í kvöld og hlýnar í veðri.

VEÐUR 4

# PFS vill ekki verða netlögga

**Póst- og fjarskiptastofnun ætlar sér ekki að breytast í ritskoðunarstofnun. Nýlegt frumvarp til laga veitir henni heimildir til að skipta sér af starfsemi rétthafa .is-léna. Vill breyta frumvarpinu í umsagnarferli.**

**FJARSKIPTI** Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) vill að frumvarpi sem veitir stofnuninni heimildir til að skipta sér af starfsemi allra rétthafa sem eru með .is-lén á netinu verði breytt. Stofnunin telur málsgreinar sem snúa að eftirlitshlutverki hennar óheppilega orðaðar og ekki nægilega skilgreindar. Stofnunin ætli sér ekki að breytast í ritskoðunarstofnun eða netlögreglu líkt og núverandi orðalag virðist heimila henni.

Í 15. grein frumvarps til laga um landslénið .is og önnur höfuðlén, sem Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra lagði fram á Alþingi í nóvember síðastliðnum, er fjallað um að PFS eigi að hafa umsjón og eftirlit með lögunum. Þar segir meðal annars: „Póst- og fjarskiptastofnun fer með eftirlit með framkvæmd laga þessara […] og eftir atvikum starfsemi skráningaraðila og rétthafa.“ Í skýringum er rétthafi skilgreindur sem „sá sem skráður er fyrir léni í rétthafaskrá“. Því má skilja greinina þannig að PFS fái heimild til að skipta sér af starfsemi allra sem eru með .is-lén.

> Við ætlum ekki að fara að skipta okkur efnislega að því sem sett verður fram á lénum.
>
> **BJÖRN GEIRSSON**
> STAÐGENGILL FORSTJÓRA PFS

Björn Geirsson, staðgengill forstjóra PFS, segir málsgreinina óheppilega orðaða. „Við ætlum ekki að fara að skipta okkur efnislega af því sem sett verður fram á lénum. Við ætlum ekki að breytast í ritskoðunarstofnun ríkisins. Okkur er einmitt ekki ætlað samkvæmt lögum að hafa hlutverk við að ritskoða efni á netinu. Við teljum að það þurfi að skýra þessa grein og munum sérstaklega gera athugasemdir þar að lútandi í umsögn okkar um frumvarpið. Við teljum þetta vera of opið og óskilgreint.“

Í sömu grein segir einnig að PFS geti „tekið ákvörðun um afskráningu léns og eftir atvikum kveðið á um að lén verði umskráð, til að mynda ef skráning léns felur í sér brot á starfsreglum skráningarstofu eða er í andstöðu við ákvæði laga“. Ekki er tilgreint sérstaklega í frumvarpinu hvaða lög skráningin megi ekki vera í andstöðu við.

Björn segir að stofnunin muni einnig gera athugasemd við þessa málsgrein enda veiti hún rúma heimild. „Stofnunin sér það ekki fyrir sér að hún muni beita sér fyrir lokun á lénum til dæmis vegna höfundaréttarbrota. Við teljum þetta vera óheppilega opið orðalag. Það er alls ekki vilji stofnunarinnar að taka að sér einhvers konar netlögregluverkefni.“

- þsj



**HLAUPIÐ Á HLAUPÁRSDAG** Hlaupið var til styrktar Einstökum börnum í fyrsta sinn í gær. Um 150 manns tóku þátt í hlaupinu, sem hófst við Seltjarnarneslaug seinnipart hlaupársdags. Eva María Jónsdóttir er forsprakki hlaupsins og segir afar sennilegt að viðburðurinn verði að hefð fjórða hvert ár í framtíðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

OR seldi útrásareignir í haust:

## Orka er í eigu starfsmanna

**VIÐSKIPTI** Orka Energy Holding, sem keypti erlend dótturfyrirtæki Orkuveitu Reykjavíkur (OR) í haust, er í eigu Hauks Harðarsonar og fleiri starfsmanna Orku Energy. Þetta staðfesti Gunnar Thoroddsen, framkvæmdastjóri Orku Energy, í gærkvöldi.

Greint var frá því í fréttum Stöðvar 2 í gær að Orka Energy hefði í haust keypt erlend dótturfyrirtæki OR án auglýsingar. OR gat hins vegar ekki upplýst um hverjir voru eigendur félagsins.

Dótturfyrirtæki OR voru áður inni í útrásararmi fyrirtækisins. Var þar um að ræða um 20% hlut í Enex Kína og um 25% hlut í Envent Holding sem á jarðhitafyrirtæki á Filippseyjum. Auk þessara hluta hefur Orka Energy keypt um 80% hlut Geysis Green Energy í Enex Kína. Fyrir þessar eignir greiddi Orka rúma 1,6 milljarða króna.

- þsj / sjá síðu 18




Íslensku tónlistarverðlaunin voru afhent við hátíðlega athöfn í Hörpu í gærkvöldi:

# Mugison hlaut fimm verðlaun

**TÓNLIST** Íslensku tónlistarverðlaunin voru afhent í Hörpu í gærkvöldi. Tónlistarmaðurinn Mugison kom, sá og sigraði að þessu sinni. Mugison fór heim með fimm verðlaun en hann var verðlaunaður fyrir hljómplötu ársins, sem lagahöfundur ársins, textahöfundur ársins, fyrir lag ársins og sem vinsælasti flytjandi ársins.

Björk fékk tvenn verðlaun á hátíðinni, meðal annars fyrir tónleikaröð sína Biophilia sem fór fram í Hörpu í haust. Andrea Gylfadóttir var valin söngkona ársins í flokknum popp, rokk, djass og blús og Daníel Ágúst Haraldsson söngvari ársins í sama flokki. Of Monsters and Men var valin bjartasta vonin.



**MUGISON FÉKK FLEST** Mugison gaf út Haglél á árinu og fékk flest verðlaun á hátíðinni í gær eða fimm talsins.

Í flokki sígildrar og samtímatónlistar var Víkingur Heiðar Ólafsson valinn flytjandi ársins. Kristinn Sigmundsson var söngvari ársins í sama flokki, Sigrún Hjálmtýsdóttir söngkona ársins og Benedikt Kristjánsson var valinn bjartasta vonin.

- áp / sjá síðu 58

Mannvinir
Rauða krossins
hjálpa börnum í neyð



Hjálpaðu núna
raudikrossinn.is
Rauði kross Íslands



**SPURNING DAGSINS**



*Sara, þurfa háskólanemar að læra að læra?*

„Fyrsta önnin í háskóla fer yfirleitt í að læra að læra. En svo má spyrja hvort ekki þurfi að kenna sumum kennurum að kenna.“

Sara Sigurðardóttir, formaður Stúdentaráðs HÍ, um áhyggjur af slæmum vinnubrögðum og óvirkni háskólanema.“

Lét Orkuveituna greiða félagi sem hann tengdist 25 milljónir fyrir litla vinnu:

# Garðyrkjustjóri fær árs skilorð

**DÓMSMÁL** Fyrrverandi garðyrkjustjóri Orkuveitu Reykjavíkur, Kristinn H. Þorsteinsson, hefur verið fundinn sekur af ákæru sérstaks saksóknara og dæmdur í tólf mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir umboðssvik. Kristinn lét Orkuveituna greiða garðyrkjufélagi sem hann tengdist rúmar 25 milljónir króna á fimm ára tímabili sem runnu í vasa tveggja kvenna sem gegndu stöðu framkvæmdastjóra félagsins.

**25** milljónir runnu frá OR til félags sem tengdist garðyrkjustjóranum.

Hjá lögreglu bar Kristinn að greiðslurnar hefðu í raun verið styrkir, í ætt við þá sem afreksmenn hefðu fengið frá Orkuveitunni, og að þeim hefði verið ætlað að mæta kostnaði Garðyrkjufélags Íslands, þar sem hann var stjórnarformaður, við alls kyns aðstoð við Orkuveituna. Framburður vitna styður það að litið hafi verið á greiðslurnar sem styrki, þótt Kristinn hafi síðar breytt framburði sínum og sagt að skilgreind vinna lægi að baki hverri greiðslu.

Í dómnum er því slegið föstu að félagið hafi unnið ýmsa vinnu í þágu Orkuveitunnar „en jafnljóst er að sú vinna var stopul og óveruleg í samanburði við reikningsfjárhæðirnar“. Greiðslurnar hafi því verið styrkir sem hann hafi ekki haft heimild til að veita. Segir í niðurstöðunni að umtalsverður dráttur hafi orðið á málinu og því þyki rétt að skilorðsbinda refsinguna. **- sh**

Tilraun til mannráns:

# Reyndu að rífa konu upp í bíl

**LÖGREGLUMÁL Kona leitaði til lögreglunnar í Reykjavík á þriðjudag og greindi frá því að þrír eða fjórir karlmenn reyndu að draga hana nauðuga upp í sendiferðabíl. Atvikið átti sér stað síðasta föstudagskvöld.**

**Systir konunnar lýsti eftir vitnum á Facebook um helgina, þar sem hún segir að hópur manna hafi reynt að draga litlu systur sína upp í bíl til sín. Þeir hættu við þegar vegfarendur áttu leið hjá. Lögreglan vinnur að rannsókn málsins.** **- sv**

Keppt í sundknattleik:

# Mottumars í þriðja sinn

**SAMFÉLAGSMÁL Karlar eru hvattir til að safna yfirvaraskeggi í marsmánuði þriðja árið í röð til að vekja athygli á baráttunni gegn krabbameini hjá körlum.**

**Mottumars, árvekni- og fjáröflunarátak Krabbameinsfélagsins, hefst formlega klukkan tvö í dag í Ásvallalaug í Hafnarfirði með stuttu ávarpi Guðbjarts Hannessonar velferðarráðherra.**

**Í kjölfarið munu lið slökkviliðs- og lögreglumanna etja kappi í sundknattleik en þeir síðarnefndu höfðu betur í ísknattleikskeppni í fyrra. Þorsteinn Guðmundsson grínari ætlar að „lýsa“ leiknum fyrir áhorfendum.** **- sh**

Uppsögn Gunnars Andersen:

# Gunnar hefur réttarstöðu ríkisstarfsmanns

**STJÓRNSÝSLA** Gunnar Þ. Andersen, forstjóri Fjármálaeftirlitsins (FME), hefur réttarstöðu sem embættismaður ríkisins. Þetta er mat Oddnýjar G. Harðardóttur, fjármálaráðherra, en Skúli Bjarnason, lögmaður Gunnars, fór þess á leit við ráðherra að hann skæri úr um réttarstöðu Gunnars.



GUNNAR Þ. ANDERSEN

Stjórn FME hafði áður tekið fram í bréfi til Skúla að hún teldi embætti Gunnars ekki falla undir ákvæði laga um réttindi ríkisstarfsmanna. Eins og kunnugt er tilkynnti stjórn FME Gunnari á dögunum að hún hygðist segja honum upp en Gunnar telur uppsögnina ólögmæta. **- mþl**

# Sorpu á Álfsnesi líkt við stóran útikamar

**Íbúar Leirvogstungu kvarta enn undan ódauni frá urðunarstað Sorpu á Álfsnesi. Bæjarráð Mosfellsbæjar er vonsvikið með lítinn árangur af aðgerðum gegn ólyktinni. Framkvæmdastjóri Sorpu segir kannanir sýna fækkun í kvörtunum.**

**UMHVERFISMÁL** „Við viljum fá bæinn í lið með okkur og fara með málið fyrir umhverfisnefnd Alþingis og lengra,“ segir Rúnar Þór Guðbrandsson, formaður íbúasamtaka Leirvogstungu í Mosfellsbæ sem enn kvarta vegna ólyktar frá urðunarstöð Sorpu í Álfsnesi.

Sorpa hefur meðal annars brugðist við kvörtunum vegna óþefsins með því að sprengja gjá til seyrulosunar. Í hana fer lífrænn úrgangur á borð við þann sem situr eftir í skolphreinsikerfi höfuðborgarbúa. „Þetta er eins og risastór útikamar,“ lýsir Rúnar sem kveður framkvæmdina misheppnaða.

„Sorpa er farin að sveigja all svakalega út af braut og hugsar fyrst og fremst um peninga frekar en að vera það samfélagsþjónustufyrirtæki sem það á að vera,“ segir Rúnar og vísar til þess að Sorpa taki við illa lyktandi lífrænum úrgangi til vinnslu í Álfsnesi þótt fyrirtækið sé vanbúið til þess. Á sama tíma sé Sorpeyðingarstöðin Kalka á Suðurnesjum með réttu aðstöðuna og bjóðist til að farga illa lyktandi úrgangi en fái ekki.

„Sorpa fær borgað fyrir að taka á móti þessu og gerir það frekar í þeirri von að vindáttin verði hagstæð og þeir sleppi fyrir horn.“

Björn Hafsteinn Halldórsson, framkvæmdastjóri Sorpu, segir fyrirtækið gera það sem það geti. „Við höfum aldrei sagt að við getum losað íbúa við alla lykt,“ segir Björn sem kveður Sorpu fylgjast með því hvernig til hafi tekist að minnka ólyktina, meðal annars með því að gera kannanir meðal íbúa. „Þær benda eindregið til þess að kvörtunum sé að fækka.“




**HINGAÐ OG EKKI LENGRA** Ljósmyndari Fréttablaðsins fékk ekki leyfi til að fara inn á urðunarstað Sorpu í Álfsnesi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



BJÖRN HAFSTEINN HALLDÓRSSON



RÚNAR ÞÓR GUÐBRANDSSON

Björn er ekki sáttur við að Sorpa sé sögð hafa þráast við að flytja lyktarvondan úrgang til Kölku. „Við fórum með þennan úrgang á Suðurnesin í fyrrasumar. En brennslustöðin þar lokaði einfaldlega í einn og hálfan mánuð,“ segir Björn. Nú sé slíkur úrgangur tekinn til meðferðar á Álfsnesi í aðstöðunni sem útbúin hafi verið þar í áðurnefndri gjá.

„Það má alveg nota þá lýsingu,“ segir Björn um samlíkingu Rúnars við risastóran útikamar. „Þetta hefur verið mjög erfitt mál. Þess vegna höfum við lagt áherslu á að reist verði hér gasgerðarstöð sem taki þennan lífræna úrgang, breyti honum í metangas og losi okkur við lyktina í leiðinni.“

Í bókun sem fulltrúi Mosfellsbæjar lagði fram í stjórn Sorpu 24. febrúar síðastliðinn er lýst vonbrigðum bæjarráðsins með að kostnaðarsamar aðgerðir gegn lyktarmenguninni hafi ekki skilað tilætluðum árangri. Jafnframt með það hversu vinna við að skoða möguleika á nýjum urðunarstöðum sé stutt á veg komin. „Þetta hefur dregist, það skal viðurkennast. Nú hefur verið ráðinn ráðgjafi í þetta mál og hann er byrjaður,“ segir framkvæmdastjóri Sorpu.

gar@frettabladid.is

Breytt afstaða Norður-Kóreu:

# Hefur frestað auðgun úrans

**NORÐUR-KÓREA, AP** Norður-Kórea hefur fallist á að fresta bæði auðgun úrans og tilraunum með langdrægar flaugar.

Þetta var niðurstaðan af viðræðum Norður-Kóreumanna við fulltrúa Bandaríkjanna, aðeins tveimur mánuðum eftir að Kim Jong-un tók við leiðtogaembætti af föður sínum Kim Jong-il.



KIM JONG-UN

Hillary Clinton, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, fagnaði þessu skrefi og sagði það sýna að breytingar séu að verða á „heiminum í kringum okkur“. **- gb**

Lyf og heilsa brutu lög:

# 100 milljóna sekt staðfest

**DÓMSTÓLAR Héraðsdómur Reykjavíkur hefur staðfest úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála um 100 milljóna króna sekt Lyfja og heilsu.**

**Sektin er til komin vegna misnotkunar fyrirtækisins á markaðsráðandi stöðu gagnvart Apóteki Vesturlands, að því er fram kemur á vef Samkeppniseftirlitsins, en það hóf rannsókn á brotum Lyfja og heilsu með húsleit í september 2007.**

**Áfrýjunarnefndin lækkaði árið 2010 sekt fyrirtækisins úr 130 milljónum.**

**Í dómnum eru brot Lyfja og heilsu sögð alvarleg og hafa miðað að því að hindra innkomu nýrrar lyfjaverslunar á markað sem fyrirtækið hafi áður setið eitt að. „Og síðan að því að veikja hinn nýja aðila og raska samkeppni.“ Kröfu um lækkun sekta var hafnað.** **- óká**

Fyrir þinn innri mann

Dagleg neysla ab-drykkja stuðlar að bættu heilsufari og vellíðan.




Alþingismenn ræddu afturköllun ákæru á hendur Geir H. Haarde fram á kvöld:

# Framtíð ákærunnar ræðst í dag

**ALÞINGI** Alþingismenn skera í dag úr um hvort ákæra á hendur Geir H. Haarde verði dregin til baka, eða tillögu þessu efnis vísað frá. Meirihluti stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar vill frávísun, eða að öðrum kosti verði tillaga um afturköllun felld.

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, lagði tillöguna fram. Hann fagnaði því í umræðum um málið á þingi í gær að meirihlutinn hefði afgreitt málið út úr nefndinni. Hann minnti á að meirihluti þingsins hefði óskað eftir efnislegri meðferð málsins. Því væri miður að meirihluti nefndar vildi vísa málinu frá. Fullar efnislegar aðstæður væru fyrir því að afturkalla ákæruna.

Valgerður H. Bjarnadóttir, formaður stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar, talaði fyrir áliti meirihlutans. Hún sagði ekki réttlætanlegt að þingið gripi inn í dómsmál og þess vegna bæri að vísa því frá. Ef ekki bæri að fella tillögu Bjarna þar sem engin efnisleg atriði hefðu komið fram sem breyttu ákvörðun Alþingis.



**LANDSDÓMUR** Formaður stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar segir ekki réttlætanlegt að Alþingi grípi inn í dómsmál.

Magnús H. Norðdal, þingmaður Samfylkingar, mælti fyrir tillögu fyrsta minnihluta nefndarinnar. Hann færði rök fyrir því að málið væri ekki þingtækt þar sem það stangaðist á við gildandi lög og lagatúlkun. Þingið ætti ekki að koma nálægt málinu eftir að ákæra hefði verið gefin út.

Þingmenn ræddu málið langt fram á kvöld en atkvæðagreiðsla fer fram í dag á þingfundi sem hefst klukkan 10.30. Þar ræðst hvort ákæran verður afturkölluð eður ei. **- kóp**




**Í mars er ástandsskoðun á bremsum í boði þjónustuaðila Toyota. Engin vandamál - bara lausnir.**
Stoppaðu (ef þú getur) hjá einhverjum af viðurkenndum þjónustuaðilum Toyota og láttu fara yfir bremsurnar í bílnum.
Það eykur umferðaröryggi og sparar þér peninga.

## 20% afsláttur

Í mars er 20% afsláttur af öllum bremsudiskum, bremsuklossum og bremsuborðum hjá viðurkenndum þjónustuaðilum Toyota.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Toyota Kópavogi | Nýbýlavegi 8 | 200 Kópavogi | 570 5070 |
| Toyota Akureyri | Baldursnesi 1 | 603 Akureyri | 460 4300 |
| Toyota Selfossi | Fossnesi 14 | 800 Selfossi | 480 8000 |
| Toyota Reykjanesbæ | Njarðarbraut 17 | 260 Reykjanesbæ | 420 6610 |
| Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur | Bæjarflöt 13 | 112 Reykjavík | 577 7080 |
| Bifreiðaverkstæðið Ásinn | Kalmansvöllum 3 | 300 Akranesi | 431 5050 |
| Bílatangi | Suðurgötu 9 | 400 Ísafirði | 456 4580 |
| Bifreiðaverkstæði KS | Hesteyri 2 | 550 Sauðárkróki | 455 4570 |
| Bílaleiga Húsavíkur | Garðarsbraut 66 | 640 Húsavík | 464 1888 |
| Bílaverkstæði Austurlands | Miðási 2 | 700 Egilsstöðum | 470 5070 |
| Bílageirinn | Grófinni 14a | 230 Reykjanesbæ | 421 6901 |

**Kynntu þér betur þjónustu okkar á www.toyota.is**

## GENGIÐ 29.02.2012

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 124,37 | 124,97 |
| Sterlingspund | 198,22 | 199,18 |
| Evra | 167 | 167,94 |
| Dönsk króna | 22,456 | 22,588 |
| Norsk króna | 22,382 | 22,514 |
| Sænsk króna | 18,912 | 19,022 |
| Japanskt jen | 1,5436 | 1,5526 |
| SDR | 193,33 | 194,49 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
215,5195

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Samgöngur eru stærsta hagsmunamál Vestmannaeyinga, segir bæjarstjórnin:

# Ný Eyjaferja verður smíðuð

**VESTMANNAEYJAR** Félag um smíði og kaup á nýrri Vestmannaeyjaferju verður stofnað á næstunni. Bæjarstjórn Vestmannaeyja ákvað þetta á fundi sínum í gær.

„Samgöngur eru og verða eitt stærsta hagsmunamál Vestmannaeyja. Á seinustu árum hafa mál þróast með þeim hætti að hluta úr ári eru samgöngur langt frá þörfum samfélagsins," segir í greinargerð með tillögunni. „Erfiðleikar við Landeyjahöfn hafa gert það að verkum að nánast vonlaust er að nýta höfnina á því skipi sem nú er siglt á við þær aðstæður sem nú ríkja í og við höfnina." Ein af forsendum þess að hægt verði að taka upp siglingar í Landeyjahöfn er sú að ný og grunnristari ferja verði nýtt til verksins.



**VESTMANNAEYJAFERJAN HERJÓLFUR** Ljóst er að til að Landeyjahöfn nýtist til fulls verði að festa kaup á nýrri og grunnristari ferju en Herjólfi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Auk Vestmannaeyjabæjar verður ríkinu, öðrum sveitarfélögum á áhrifasvæði Landeyjahafnar, lífeyrissjóðum og fjárfestum boðið að taka þátt í stofnun félagsins, að því er fram kemur í tillögunni.

Áætlaður kostnaður við smíði og hönnun nýrrar ferju er fjórir til fimm milljarðar króna og mun undirbúningur að stofnun félagsins hefjast strax.

Gert er ráð fyrir því að ríkið geri að minnsta kosti tíu ára leigusamning við félagið sem tryggi að hluthafar fái fé sitt greitt til baka á rekstrartímanum auk lágmarksávöxtunar. - sv

Barnsmorð á Hótel Fróni:

# Saksóknari vill 16 ára fangelsi

**DÓMSMÁL** Saksóknari í máli konunnar sem ákærð er fyrir að drepa og misþyrma nýfæddu barni sínu á Hótel Fróni á síðasta ári krefst hámarksrefsingar yfir henni. Verjandi konunnar vill sýknu og lágmarksrefsingu til vara.

Hann segir konuna hafa orðið fyrir miklu áfalli þegar barnið fæddist því hún hafi ekki vitað að hún væri ólétt. Konan segist ekkert muna eftir fæðingunni og þvertekur fyrir að hafa fætt barnið eða deytt það. - sv

Skila gögnum 23. mars:

# Báðu um lengri frest og fengu

**DÓMSMÁL** Lárus Welding og Guðmundur Hjaltason, sem sæta ákæru sérstaks saksóknara, lögðu ekki fram skriflegar varnir sínar í greinargerðarformi í Héraðsdómi Reykjavíkur á þriðjudag eins og við var búist.



LÁRUS WELDING



GUÐMUNDUR HJALTASON

Þeim hafði verið gefinn frestur til 28. febrúar en við fyrirtökuna óskuðu lögmenn þeirra eftir lengri fresti og féllst dómari á það. Næsta fyrirtaka í málinu er 23. mars og er gert ráð fyrir að greinargerðum verði skilað þá.

Lárus, sem var forstjóri Glitnis, og Guðmundur, sem stýrði fyrirtækjasviði bankans, eru ákærðir fyrir umboðssvik með því að hafa veitt Milestone tíu milljarða króna lán til að komast hjá veðkalli. - sh

**REYKJAVÍK**

### Tíu hálkuóhöpp í gær

Talsverð snjókoma var í höfuðborginni í gær og höfðu um tíu tilkynningar borist um óhöpp tengd hálkunni fyrir kvöldið. Enginn var þó fluttur á sjúkrahús vegna óhappanna.

**LEIÐRÉTT**

Ranglega var greint frá nafni eiginmanns Ragnheiðar Hildigerðar Hannesdóttur í blaðinu í gær. Eiginmaður Ragnheiðar heitir Víglundur Sigurjónsson. Beðist er velvirðingar á mistökunum.

# Brot olíufélaganna var eins ófyrirleitið og hugsast getur

**Samráðsolíufélögin telja ábata af áralöngu samráði lítinn eða engan. Lögmaður ríkisins segir bensínsöluna eina standa undir 1,3 milljarða króna samráðságóða. Félögin vilja 1,5 milljarða sektarákvörðun ógilta.**

**DÓMSTÓLAR** Tekist var á í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær um sektargreiðslur vegna olíusamráðsins árin 1993 til 2001. „Um er að ræða langvíðamesta og alvarlegasta brot gegn samkeppnislöggjöfinni sem nokkurn tímann hefur orðið upplýst um hér á landi," áréttaði Heimir Örn Herbertsson, lögmaður Samkeppniseftirlitsins, í upphafi málflutnings síns. Hann hafnar fyrir hönd umbjóðenda sinna öllum kröfum á hendur þeim og telur þær byggja á röngum forsendum. Heimir sagði samráð olíufélaganna hafa falið í sér „eins alvarlegt og ófyrirleitið brot á samkeppnislöggjöfinni" og hægt væri að hugsa sér.

Olíufélögin þrjú sem í samráðinu stóðu, Esso (Ker hf.), Skeljungur og Olís, reka sameiginlega mál á hendur Samkeppniseftirlitinu og ríkinu til að fá hnekkt sektargreiðslu vegna samráðsins. Eftir úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í ársbyrjun 2005 greiddu félögin lækkaða sekt upp á ríflega 1,5 milljarða króna, með fyrirvara um lögmæti sektarinnar.

Aðalkrafa olíufélaganna er að ákvörðun áfrýjunarnefndar samkeppnismála um sektargreiðslurnar verði ógilt vegna þess að farið hafi verið gegn lögum í málsmeðferð þegar félögin voru til rannsóknar hjá samkeppnisyfirvöldum og lögreglu um leið, rannsóknarregla hafi verið brotin og andmælarétti félaganna.

Varakrafa olíufélaganna snýr að því að brot félaganna hafi verið fyrnd þegar samkeppnisráð tók ákvörðun sína um þau árið 2004.



**Í HÉRAÐSDÓMI** „Þetta myndi vera hluti af gögnum málsins," sagði Heimir Örn Herbertsson, hæstaréttarlögmaður, um möppurnar á vagni fyrir aftan hann í dómsal Héraðsdóms Reykjavíkur í gær. Hann ver Samkeppniseftirlitið og Ríkið í máli samráðsolíufélaganna þriggja sem vilja fá felldar niður sektir vegna samráðs síns. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Samantekið samráð olíufélaganna

„Hið ólögmæta samráð tók, líkt og gögn málsins sýna svo glögglega, til samráðs um gerð tilboða í útboðum, þar á meðal í öllum útboðum sem félögin tóku þátt í árin 1996 til 2001," sagði Heimir Örn Herbertsson lögmaður fyrir dómi í gær. „Það tók til sölu á eldsneyti til erlendra skipa þar sem um var að ræða mikið magn gasolíu og svartolíu og til sölu á olíuvörum almennt, nánar tiltekið samvinnu um verðbreytingar á fljótandi eldsneyti, gasi, smurolíum og tengdum vörum. Þá tók það til samvinnu um að auka álagningu og bæta framlegð, líkt og fjölmörg dæmi eru um í gögnum málsins, samvinnu um að takmarka afslátt, samvinnu um að leggja gjöld á viðskiptavini, samvinnu um að draga úr framboði og takmarka þjónustu og alls konar ólöglegum upplýsingaskiptum fram og til baka."

Þrautavarakrafa félaganna er svo að lækka beri sektirnar verulega þar sem ekki hafi verið hægt að sýna fram á ávinninga þeirra af samráðinu hafi verið meiri en 40 milljónir króna, en það sé forsenda þess að nota megi ákvæði þágildandi laga um sektir sem hlutfall af veltu.

Þá vitnuðu lögmenn olíufélaganna til matsgerða sem sýndu að ávinningur af samráði þeirra hafi verið takmarkaður og hafi jafnvel leitt til taps.

Heimir Örn kvað yfirmatsgerð slá öll slík rök út af borðinu, enda hafi þessar niðurstöður verið fengnar í „hagfræðilegu tilraunaglasi" án vísan til þeirrar staðreyndar að félögin hafi staðið í stórfelldu samráði. Vandlega hafi verið farið yfir aðferðafræði samkeppnisyfirvalda við mat á ágóða félaganna og hún staðist alla skoðun. Þá vísaði hann til þess að fallið hafi Hæstaréttardómar og dómsáttir þar sem einstaklingar, stofnanir og fyrirtæki hafi fengið bætur vegna beins skaða af samráðinu. Framreiknaðar bætur sem Sigurði Hreinssyni hafi verið dæmdar í Hæstarétti sýni að ólögmætur samráðsgróði af bensínsölu einni hafi numið 1.328 milljónum króna. Þá megi sýna fram á 900 milljóna króna hagnað vegna samráðs af skiptisölu, sem samanlagt telji 2.200 milljónir króna, hátt yfir sektargreiðslu félaganna.

Heimir Örn benti jafnframt á að fyrirtæki eins og olíufélögin nytu ekki þagnarréttar þegar kæmi að rannsókn samkeppnisyfirvalda, hvað sem liði stöðu og brotum einstakra starfsmanna. Þá hafi brot félaganna verið samfellt og fyrningartími hafi bæði hafist og verið rofinn þegar rannsókn Samkeppniseftirlitsins hófst. Fráleitt væri að gera einhvern aðskilnað á eftirlitinu og Samkeppnisráði. „Brotið stóð yfir í níu ár. Það gerði það þegar samkeppnislög tóku gildi og stefnendur voru enn að hamast í samráðinu við húsleitina 18. desember 2001." olikr@frettabladid.is






## VEÐURSPÁ



Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

**BREYTING Í KVÖLD** en þá gengur í stífa suðaustanátt með hlýnandi veðri og úrkomu um sunnan- og vestanvert landið. Mikil rigning syðra fram á morgundaginn en úrkomulítið norðaustantil.




| HEIMURINN | |
|---|---|
| Alicante | 18° |
| Basel | 15° |
| Berlín | 12° |
| Billund | 11° |
| Frankfurt | 15° |
| Friedrichshafen | 15° |
| Gautaborg | 9° |
| Kaupmannahöfn | 9° |
| Las Palmas | 20° |
| London | 15° |
| Mallorca | 15° |
| New York | 11° |
| Orlando | 30° |
| Ósló | 7° |
| París | 17° |
| San Francisco | 12° |
| Stokkhólmur | 6° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Einar Davíðsson einar.davidsson@365.is, Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Steingrímsson hlynurs@365.is, Laila Awad laila@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is ALLT SÍMI 512-5402: Jóna Hafsteinsdóttir jmh@365.is, Snorri Snorrason snorris@365.is SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Benedikt Jónsson benediktj@365.is, Sigríður Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Ívar Hansen ivarorn@365.is RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigurlaug Aðalsteinsdóttir sigurlaug@365.is, Arna Kristinsdóttir arnarut@365.is, Guðný Gunnlaugsdóttir gunny@365.is, Sigrún Guðmundsdóttir sigrunh@365.is KYNNINGARSTJÓRI: Einar Skúlason einar.skulason@365.is

# Landsbankinn er öflugur samstarfsaðili fyrirtækja

**Landsbankinn fjármagnar verksmiðju Lýsis** í Reykjavík. Það er stefna bankans að vera hreyfiafl í samfélaginu, styðja við fjárfestingar og vera öflugur samstarfsaðili íslenskra fyrirtækja.

Öflugt atvinnulíf þarf greiðan aðgang að fjármagni og þar gegnir Landsbankinn mikilvægu hlutverki. Bankinn fjármagnar fjölda stórra og smárra verkefna, allt frá laxeldi til gagnavera og í samstarfi við stórhuga fólk munum við halda áfram að koma hreyfingu á efnahagslífið.

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA



## KJÖRKASSINN




*Líst þér vel á hugmyndir fyrirtækisins Triumvirate Environmental um að flytja sorp frá Bandaríkjunum til eyðingar á Íslandi?*

| | |
|---|---|
| Já | 15,1% |
| Nei | 84,9% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Munt þú kjósa í næstu forsetakosningum ef til þeirra kemur?*

Segðu þína skoðun á Vísi.is vísir

Mitt Romney sækir í sig veðrið eftir sigur í Michigan á þriðjudaginn:

# Kominn aftur á beinu brautina

**BANDARÍKIN, AP** Mitt Romney vann sigur í forkosningum Repúblikanaflokksins bæði í Michigan og Arizona á þriðjudag. Fyrirfram var hann nokkuð öruggur með sigur í Arizona, en sigurinn í Michigan var naumur.

Romney er þar með kominn aftur með nokkuð afgerandi forystu í forkosningunum. Hann er nú búinn að tryggja sér sigur í sex af ellefu ríkjum Bandaríkjanna og er kominn með 154 kjörmenn.

Rick Santorum hefur unnið sigur í fjórum ríkjanna en er aðeins kominn með 45 kjörmenn. Newt Gingrich hefur tryggt sér 45 kjörmenn en Ron Paul er kominn með 40 kjörmenn.

Á þriðjudag í næstu viku verður svo „stóri þriðjudagurinn“ svonefndi, þegar forkosningar verða í tíu ríkjum Bandaríkjanna. Að honum loknum ættu línur að vera orðnar nokkuð skýrar.

Forsetakosningarnar verða svo haldnar í byrjun nóvember, þar sem sigurvegari forkosninga Repúblikanaflokksins keppir við Barack Obama um embættið. - gb



**MITT ROMNEY ÁSAMT EIGINKONU SINNI ANN** Sigurgleði þegar úrslitin í Michigan voru orðin ljós. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Seljahjallagil og nágrenni:

# Svæði við Mývatn friðlýst

**UMHVERFISMÁL** Umhverfisráðherra hefur undirritað friðlýsingu Seljahjallagils, Bláhvamms, Þrengslaborga og nágrennis.

Svæðið var friðlýst sem náttúruvætti en það er á landi jarðarinnar Grænavatns. Þetta er þriðja svæðið í Skútustaðahreppi sem friðlýst er á innan við ári en í júní síðastliðnum friðlýsti ráðherra Hverfjall og Dimmuborgir.

Svæðið sem nú var friðlýst er ólíkt hinum tveimur að því leyti að það er enn sem komið er tiltölulega óspjallað svæði. - mþl



**JAMES MURDOCH** Ætlar nú að einbeita sér að sjónvarpsrekstri fjölmiðlasamsteypunnar. NORDICPHOTOS/AFP

James Murdoch segir af sér:

# Afsögnin sögð óhjákvæmileg

**BRETLAND, AP** James Murdoch, yngsti sonur ástralska fjölmiðlajöfursins Ruperts Murdoch, sagði í gær af sér sem framkvæmdastjóri News International.

News International er útgáfufyrirtæki evrópskra dagblaða fjölmiðlasamsteypunnar News Corp, sem er að stærstum hluta í eigu þeirra feðga. Murdoch hefur sætt mikilli gagnrýni vegna vafasamra starfsaðferða blaðamanna á blöðum útgáfunnar, News of the World og The Sun, þar sem blaðamenn hafa orðið uppvísir að því að hafa bæði beitt ólöglegum símhlerunum og greitt mútur til lögreglu. - gb

Skýrsla Ríkisendurskoðunar:

# Sama þjónusta fyrir minna fé

**HEILBRIGÐISMÁL** Þjónusta á hjúkrunarheimilum hefur ekki verið skert á undanförnum árum þrátt fyrir samdrátt í fjárveitingum. Þetta eru niðurstöður nýrrar skýrslu Ríkisendurskoðunar, um rekstur hjúkrunarheimila fyrir aldraða á tímabilinu 2008 til 2010.

Í skýrslunni segir að ekki verði séð að álag á starfsmenn heimilanna hafi aukist á tímabilinu né að þjónusta hafi verið skert. Úttektin náði einkum til 34 hjúkrunarheimila af samtals 43 sem starfrækt voru í landinu árið 2010. - sv

# Spá því að fasteignir muni hækka í verði

**Úttekt á þróun fasteignaverðs á Íslandi í samanburði við önnur Evrópulönd sýnir mesta nafnverðshækkun hér. Hagfræðideild Landsbanka og Greiningardeild Arion banka spá hóflegri hækkun á raunvirði íbúða næstu tvö ár.**

**FRÉTTASKÝRING**

Hvernig er útlitið varðandi fasteignaverð hérlendis á næstunni?

Ný skýrsla frá Royal Institution of Chartered Surveyors (RICS) sem gert er skil á vef breska dagblaðsins Daily Mail og margir íslenskir fjölmiðlar hafa sagt frá, greinir frá því að húsnæðisverð á Íslandi hafi hækkað um tíu prósent að nafnverði á milli áranna 2010 og 2011. Úttekt RICS tekur til 23ja landa og er hækkunin hvergi eins mikil og hér á landi.

Í öðru sæti, rétt á eftir Íslandi, er Noregur og Frakkland er í þriðja sæti.

Í skýrslunni segir þó að hina miklu uppsveiflu á Íslandi megi rekja til þess að markaðurinn sé á uppleið eftir mikla lækkun í kjölfar hrunsins.

Hækkunin í Noregi sé til komin vegna einstaklega góðra efnahagsaðstæðna þar í landi. Þar sé seðlabankinn meðal annars að grípa til aðgerða til að stöðva þenslu í lánum vegna húsnæðiskaupa.

Þá sé 6,5 prósenta hækkun í Frakklandi til komin vegna hvetjandi ívilnana ríkisins, sem nú séu ekki lengur til staðar.

Mikill samdráttur var víða um álfuna, mestur reyndist hann í Írlandi þar sem fasteignaverð lækkaði um 17 prósent að nafnverði og nær 10 prósent á Spáni.

Hvað varðar horfur á fasteignamarkaði hérlendis, gera spár greiningardeilda bankanna ráð fyrir hækkunum næstu tvö árin.

Í Þjóðhag, ársriti Hagfræðideildar Landsbankans, frá í desember síðastliðnum segir að allt bendi til þess að botninum hafi verið náð. Þó sé ólíklegt að meiri háttar viðsnúningur, umfram verðbólgu, muni eiga sér stað næstu misserin.



**ÞAK YFIR HÖFUÐIÐ** Íbúðaverð á Íslandi hækkaði um 10% milli áranna 2010 og 2011. Spár greiningardeilda gera ráð fyrir að verð muni hækka hóflega næstu misserin. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

## Hrun frá hruni

Frá því að raunverð á íbúðum náði hámarki í október 2007 lækkaði það um þriðjung fram að lokum síðasta árs. Nafnverð íbúða lækkaði um 8% milli janúar 2008 og október 2011 en á sama tíma hækkaði almennt verðlag um 36%. Raunverð íbúða í lok síðasta árs var á svipuðum slóðum og það var á fyrri helmingi árs 2004.

*Heimild: Þjóðhagur Hagfræðideildar Landabankans, desember 2011.*

Landsbankinn gerði ráð fyrir 8,9 prósenta hækkun raunvirðis fram til loka árs 2013.

Greiningardeild Arion banka spáði, í úttekt sinni á fasteignamarkaðinum síðasta haust, að verðhækkanir væru í spilunum þótt þær yrðu sennilega ekki miklar. Nafnverðshækkun til 2013 verði í kringum 18 prósent og hækkun raunvirðis verði um átta prósent.

Margt vinni gegn hækkunum, til dæmis lítill kaupmáttur, atvinnuleysi og erfið fjármálaleg skilyrði heimila.

Seðlabankinn hefur ekki gefið út spá nýlega, en í peningamálum frá lokum síðasta árs segir að ætla megi að húsnæðisverð muni þróast nokkurn veginn í takt við almennt verðlag á næstu árum. Raunhækkanir muni því ekki verða mjög miklar. thorgils@frettabladid.is

Rannsaka heilsufar Íslendinga:

# Viðamikilli heilsufarsrannsókn ýtt úr vör

**VÍSINDI** Háskóli Íslands og Krabbameinsfélag Íslands hafa sameinast um að ýta úr vör einni viðamestu heilsufarsrannsókn sem farið hefur fram á Íslandi. Stefnt er að því að koma á fót svokölluðum Heilsusögubanka Íslendinga sem á að nýtast bæði innlendum og erlendum vísindamönnum við rannsóknir á heilsufari.

Forrannsókn vegna verkefnisins hefst nú í vor en stefnt er að því að gagnaöflun í Heilsusögubankann hefjist formlega í janúar á næsta ári. Stefna aðstandendur verkefnisins að því að safna á næsta áratug upplýsingum um 100 þúsund Íslendinga. - mþl

Egypti neitar öllum sökum:

# Al-kaída leiðtogi handtekinn

**KAÍRÓ, AP** Egypti sem talinn er í hópi helstu leiðtoga Al-kaída hryðjuverkasamtakanna var handtekinn í Kaíró í gær. Hann neitar þó ásökununum og segir að ruglast hafi verið á sér og öðrum manni.



**SAIF AL-ADEL**

Maðurinn, sem heitir Mohammed Ibrahim Makkawi, var handtekinn á miðvikudag á flugvelli í Kaíró við komu frá Pakistan. Hann er talinn hafa gengið undir nafninu Saif al-Adel í störfum fyrir Al-kaída en nafnið þýðir „sverð réttlætisins“. Al-Adel er meðal annars talinn tengjast sprengingum í sendiráðum Bandaríkjanna í Keníu og Tansaníu árið 1998. - mþl




# NÝTT HAGKAUPSBLAÐ
## KOMIÐ ÚT Á HAGKAUP.IS




## Kíktu á Hagkaup.is

### Stútfullt blað af flottum nýjungum!

Vörurnar í blaðinu eru fáanlegar á hagkaup.is, Kringlunni og Smáralind. Minna úrval í öðrum verslunum.



**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

**VEISTU SVARIÐ?**



1. *Hvað heitir frambjóðandi Sósíalistaflokksins í komandi forsetakosningum í Frakklandi?*
2. *Hvað heitir sorpeyðingarstöðin í Helguvík?*
3. *Hvað heitir tónlistar- og dagskrárgerðarmaðurinn Villi naglbítur fullu nafni?*

**SVÖR**

*1. François Hollande 2. Kalka 3. Vilhelm Anton Jónsson*

Stungið upp á kynningu á á þúsund ára matarmenningu Íslendinga í Hljómskálagarðinum í Reykjavík:

# Veitingahús með fornmannamat í torfkofa

**SKIPULAGSMÁL** „Mig langar að byggja fornaldarbæ í Hljómskálagarðinum eða miðbænum sem býður ferðamönnum að kynnast sögu okkar, mat og menningu,“ segir í einni tillögunni sem sett hefur verið fram á vefnum Betri Reykjavík sem borgin hefur nú rekið um nokkurt skeið.

„Ferðamenn sem koma til Íslands vilja kynnast sögu okkar, menningu og jafnvel bragða mat þann sem var á borðum fyrir 1000 árum,“ segir í tillögunni. „Staðurinn yrði úr torfi og grjóti og með gömlum húsgögnum. Kokkar og þjónustufólk verði í fötum þess tíma. Maturinn væri reyktur, lagður í súr, þurrkaður og svo framvegis. Gestir fengju kyrtil og sauðskinnsskó við komuna í skálann.“

Tillagan um veitingahús úr forneskju var lögð fram í menningar- og ferðamálaráði á mánudag. Ráðið sagði gildandi deiliskipulag fyrir Hljómskálagarð ekki gera ráð fyrir uppbyggingu af þessum toga þó að oft hafi verið ræddar hugmyndir um kaffihús sem myndi bæta þjónustu við gesti garðsins. Hugmyndin var þó ekki alfarið blásin út af borðinu. „Aðili sem hefur áhuga á að reisa og reka matsölustað getur sótt um lóð hjá Skipulags- og byggingarsviði og síðar rekstrarleyfi fyrir veitingastað hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu,“ sagði menningarráðið. **- gar**



**SÚRMATUR Í HLJÓMSKÁLAGARÐINN** Menningarráð segir að sækja þurfi um lóð hjá skipulagssviði og leyfi frá lögreglunni vilji menn opna veitingastað í Hljómskálagarðinum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Segir andstæðinga undirbúa voðaverk

**Vladimír Pútín þykir nokkuð öruggur með sigur í forsetakosningum á sunnudaginn. Hann kemst þá aftur í embættið eftir að hafa setið hjá í eitt kjörtímabil. Í kosningabaráttunni leggur hann áherslu á hernaðaruppbygginguna.**

**RÚSSLAND** Samkvæmt skoðanakönnunum hefur Vladimír Pútín endurheimt fylgi sitt, og gott betur en það, frá því að hann hrapaði niður í um fjórðungs fylgi upp úr áramótum.

Nú mælist hann með ríflega helmings fylgi og þykir nokkuð öruggur með sigur í forsetakosningunum á sunnudag.

Fari samt svo að hann nái ekki því helmings fylgi, sem krafist er í fyrri umferð, þá er varla sjáanlegt að neinn hinna fjögurra mótframbjóðenda eigi minnstu möguleika gegn honum í seinni umferð kosninganna, sem haldin yrði þremur vikum síðar.

Vinsældir Pútíns hafa verið miklar, en þær döluðu töluvert í kjölfar þingkosninga í desember síðastliðnum, þegar ljóst þótti að úrslitunum hafði að einhverju marki verið hagrætt.

Þá fóru af stað fjölmenn mótmæli gegn stjórnvöldum almennt og Pútín sérstaklega, en undanfarið hefur lítið farið fyrir slíkum mótmælum.

Þess í stað hefur Pútín verið áberandi í fjölmiðlum við að minna kjósendur á sig, og hefur þá ekki síst lagt áherslu á hernaðaruppbyggingu og styrk Rússlands.

Mótframbjóðendur hans hafa ekki fengið jafn mikla athygli í fjölmiðlum og Pútín hefur ekki fallist á neinar sjónvarpskappræður eins og tíðkast víðast hvar á Vesturlöndum í aðdraganda kosninga.

Í gær beindi Pútín orðum sínum sérstaklega að stjórnarandstöðunni, sem nú er að sækja um leyfi til mótmælafunda eftir kosningarnar, og sagði hættu á því að andstæðingar sínir muni fremja einhver voðaverk til að æsa fólk upp á móti stjórnvöldum.

„Þeir eru að leita að leita að fórnarlambi meðal þekkts fólks,“ sagði Pútín. „Ég er hræddur um að þeir gætu drepið einhvern og kennt svo stjórnvöldum um.“ Þessi ummæli benda til þess að hann óttist andstæðinga sína, sem hann hefur ítrekað sakað um að ganga erinda erlendra afla.

Meðal annars hefur hann sakað Bandaríkin um að standa að baki mótmælum, og þá í þeim tilgangi að veikja Rússland.

Pútín var forseti frá 2000 til 2008, mátti þá ekki bjóða sig fram aftur í þriðja sinn en hefur verið forsætisráðherra í eitt kjörtímabil meðan vinur hans, Dmitrí Medvedev, hefur séð um forsetaembættið.

gudsteinn@frettabladid.is



**PÚTÍN Á SVIÐINU** Engar kappræður frambjóðenda eru haldnar í Rússlandi fyrir forsetakosningarnar, þótt fjórir aðrir séu í framboði. NORDICPHOTOS/AFP

Situr inni til mánudags:

## Gæsluvarðhald yfir sprengjumanni staðfest

**LÖGREGLUMÁL Hæstiréttur staðfesti í gær gæsluvarðhaldsúrskurð Héraðsdóms Reykjaness yfir tæplega þrítugum manni sem var handtekinn í byrjun vikunnar eftir að grunsamlegar myndir birtust af honum á Facebook.**

**Maðurinn tók á móti lögreglu á heimili sínu vopnaður hnífi. Á heimili hans fundust skotvopn og heimatilbúnar rörasprengjur, auk torkennilegs efnis. Rannsóknin snýr ekki síst að því að upplýsa hvað maðurinn hugðist fyrir með útbúnaðinn.**

**Hann mun sæta varðhaldi til mánudagsins næsta á grundvelli rannsóknarhagsmuna.** **- sh**

Hjónabönd samkynhneigðra:

## Biskupar gagnrýna ráðherra

**DANMÖRK** Meirihluti danskra biskupa er þeirrar skoðunar að kirkjumálaráðherra Danmerkur, Manu Sareen, blandi sér í innri málefni kirkjunnar með lagafrumvarpi sem heimilar hjónabönd samkynhneigðra. Þetta kemur fram í umsögnum biskupanna um frumvarpið, að því er Kristeligt Dagblad greinir frá.

Kirkjumálaráðherrann hefur lofað að fyrstu samkynhneigðu pörin geti gengið í hjónaband þegar í júní.

Biskuparnir í Kaupmannahöfn og Árósum eru hlynntir hjónaböndum samkynhneigðra. **- ibs**



**ÞJÓÐKIRKJAN** Síðar í þessum mánuði verður biskup kosinn í póstkosningu. Fái enginn frambjóðandi meirihluta atkvæða verður kosið aftur á milli þeirra tveggja sem fá flest atkvæði.

Biskupskjör 2012:

## Framboðsfrestur runninn út

**ÞJÓÐKIRKJAN** Frestur til að tilkynna um framboð í komandi biskupskjöri rann út í gær. Enginn frambjóðandi bættist við á síðustu dögunum en hafi frambjóðendur póstlagt bréf þar sem tilkynnt er um framboð í dag verða þau tekin til greina. Endanlegur listi frambjóðenda ætti því að liggja fyrir á föstudag.

Átta hafa gefið kost á sér til biskups: Agnes M. Sigurðardóttir, Gunnar Sigurjónsson, Kristján Valur Ingólfsson, Sigurður Árni Þórðarson, Sigríður Guðmarsdóttir, Þórhallur Heimisson, Þórir Jökull Þorsteinsson og Örn Bárður Jónsson. **- mþl**

**FANGELSISMÁL**

### Búið að opna réttargeðdeild

Nýtt húsnæði réttargeðdeildar Landspítalans á Kleppi var tekið í notkun í gær. Íbúar Sogns í Ölfusi þar sem réttargeðdeildin starfaði síðustu 20 ár flytja í nýja húsnæðið í vikunni.


www.volkswagen.is




Volkswagen Passat EcoFuel

**Metanlegur sparnaður**

Eldsneytiskostnaður Volkswagen Passat á hverja 1000 km*

Metan 8.442 kr.
Dísil 13.187 kr.
Bensín 17.059 kr.

* Miðast við almennt verð á eldsneyti hjá Olís 1. febrúar 2012

Das Auto.

Komdu og reynsluaktu Volkswagen Passat

Reynslan er góð!

Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt

HEKLA

# BAÐ INNRÉTTINGAR

Allt að **50%** afsláttur

**VERTU ÞINN EIGINN ARKITEKT**
*margir möguleikar á stærðum og útfærslum*



**Hnota** stærð: 121 x 48 sm



**Hvítt háglans** stærð: 80 x 48 sm



**Hvítt fulningar** stærð: 100 x 48 sm



**Hvítt fulningar** stærð: 140 x 48 sm



**Hlynur** stærð: 130 x 48 sm



**Kirsuberja fulningar** stærð: 80 x 48 sm

www.i-t.is

INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili

**Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15** | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is



**LITRÍKAR REGNHLÍFAR** Á Filippseyjum mættu hundruð þúsunda manna með litríkar regnhlífar á útisamkomu á vegum trúarsöfnuðar í höfuðborginni Manila og sautján öðrum borgum nú í vikunni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kosið til embættis annars varaformanns Sjálfstæðisflokksins:

# Þrír hafa tilkynnt um framboð

**STJÓRNMÁL** Þrír hafa tilkynnt um framboð til annars varaformanns Sjálfstæðisflokksins, en kosið verður til embættisins í fyrsta skipti á flokksráðsfundi hinn 17. mars næstkomandi.

Þeir sem þegar hafa stigið fram eru Jens Garðar Helgason, formaður bæjarráðs Fjarðabyggðar, Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri í Hveragerði, og Geir Jón Þórisson yfirlögregluþjónn.

Kristján Þór Júlíusson, þingmaður flokksins, hefur einnig verið nefndur í þessu sambandi, en í samtali við Fréttablaðið í gær sagðist hann ekki hafa gefið neitt út um málið. Hann muni þó tilkynna um ákvörðun sína á næstunni.



**SJÁLFSTÆÐISMENN** Flokksráðsfundur Sjálfstæðisflokksins mun í fyrsta sinn kjósa í embætti annars varaformanns flokksins. Þessi mynd var tekin á síðasta landsfundi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Embætti annars varaformanns verður nokkuð veigamikið þar sem sá sem því gegnir mun, auk þess að vera staðgengill formanns og varaformanns, vera formaður miðstjórnar og sem slíkur hafa yfirumsjón með allri stefnumótun og málefnastarfi innan flokksins.

Áhugasamir geta tilkynnt framboð til annars varaformanns allt fram að kjöri á flokksráðsfundinum.

Stofnað var til embættisins á síðasta landsfundi Sjálfstæðisins að tillögu framtíðarnefndar flokksins. **- þj**

Dæmdur í 60 daga fangelsi:

# Óþekktar töflur voru haldlagðar

**DÓMSTÓLAR** Nokkur grömm af marijúana og amfetamíni auk yfir hundrað óþekktra taflna voru gerð upptæk hjá manni á þrítugsaldri sem í gær var dæmdur í 60 daga fangelsi fyrir fíkniefnabrot, þjófnaði og umferðarlagabrot.

Dómurinn, sem kveðinn var upp í Héraðsdómi Reykjavíkur, er skilorðsbundinn í tvö ár. Maðurinn var einnig sviptur ökuréttindum í tvö ár og þarf að greiða 434 þúsund krónur í sakarkostnað og verjanda sínum tæpar 88 þúsund krónur. **- óká**

Ákærðir vegna mansals:

# Konur neyddar í götuvændi

**SVÍÞJÓÐ** Sex karlar hafa verið ákærðir í Gautaborg vegna mansals. Karlarnir, sem tilheyra rúmensku gengi, eru sakaðir um að hafa lokkað konur frá Rúmeníu til Svíþjóðar og þvingað þær í götuvændi.

Í fyrra voru 255 karlar í Gautaborg sektaðir fyrir kaup á vændi. Líklegt þykir að þeir hafi verið viðskiptavinir rúmensku kvennanna sem áætlað er að hafi verið fimmtán talsins.

Samvinna við rúmensk lögregluyfirvöld var meðal þess sem gerði lögreglunni í Gautaborg kleift að afhjúpa mansal rúmenska gengisins. **- ibs**

# Segir sölu á Gagnaveitu fara gegn bókun meirihlutans

**Fulltrúi Vg segir sölu Gagnaveitu andstæða bókun meirihlutans. Eigendanefnd tekur ákvörðun í vor. Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins óttast að tíminn sé naumur. Ellefu milljarðar hafi farið í uppbyggingu.**

**FRÉTTASKÝRING**

Verður Gagnaveitan seld í ár?

Kjartan Magnússon, fulltrúi Sjálfstæðisflokksins í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur (OR), lagði til í mars 2011 að Gagnaveitan yrði seld. Sú tillaga hefur verið á borði eigendanefndar Orkuveitunnar síðan og segir Dagur B. Eggertsson, formaður og formaður eigendanefndar, að tekin verði afstaða til sölu í vor. Kjartan óttast hins vegar að það verði of seint og rýri verðgildið.

„Eftir er að taka ákvörðun um málið í eigendanefnd og annars staðar á lýðræðislegum vettvangi þriggja sveitarfélaga. Verði sú niðurstaða jákvæð þarf síðan að vinna verðmat, útboðslýsingu og fara í ýmsa tímafreka vinnu áður en hægt er að hefja söluferlið. Menn eru því að lenda í tímahraki og það er einmitt það versta sem menn lenda í þegar verið er að selja fyrirtæki af þessari stærðargráðu.“

OR gerir ráð fyrir 5,1 milljarði króna af sölu eigna árið 2013 og stærstur hluti þeirrar upphæðar er vegna fyrirhugaðrar sölu gagnaveitunnar. Hana á þó eftir að samþykkja í stjórn og eigendanefnd. Bjarni sagði í Fréttablaðinu í gær að fyrirtækið þyrfti að greiða 30 milljarða af lánum á næsta ári og stór gjalddagi væri upp úr áramótum. Ætti að nýta söluvirði gagnaveitunnar í það þá þyrfti að selja fyrirtækið á þessu ári.

Dagur segir söluna vera hluta af aðgerðaáætlun sem samþykkt hafi verið á síðasta ári. Farið verði yfir möguleika í stöðunni þegar kemur fram á vorið. Hann telur það ekki of seint. „Árið er ekki búið. Það skiptir mestu máli að við vöndum til verka í þessu og flönum ekki að neinu.“

Sóley Tómasdóttir, fulltrúi Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs, í stjórn OR, leggst alfarið gegn sölunni. Hún segir hana einnig í trássi við bókun meirihluta Samfylkingar og Besta flokksins frá í fyrra.

„Það er alvarlegt hvernig stjórnendur og meirihluti Orkuveitunnar leyfa sér að tala um gagnaveituna sem eitthvað sem megi selja. Það kemur skýrt fram í bókun borgarráðs, þegar aðgerðaáætlunarinnar var sett fram, að OR eigi að vera í meirihluta í almannaeigu.“

Dagur bendir hins vegar á að borgarráð hafi bókað í mars í fyrra að sá möguleiki verði kannaður að Gagnaveitan verði „grunnur að sameiginlegu grunnneti landsins í gagnaflutningum, sem tryggi hagstætt verð, opna samkeppni og meirihlutaeign almennings“.

Sóley segir fleiri möguleika í boði varðandi tekjuöflun vegna hins stóra gjalddaga, til dæmis að selja húsnæði. Ekki sé ólíklegra að finna kaupanda að aðalstöðvum fyrirtækisins en gagnaveitunni.

„Ég hef ítrekað bent á að eigendur þurfi að leggja til hliðar. Það er hætta á því að þeir þurfi að leggja fyrirtækinu til meira fé. Áætlanir um sölu eigna eru í það brattasta.“

Dagur á hins vegar síður von á því að eigendur setji meira fé inn í fyrirtækið. Aðgerðaáætlunin hafi staðist hingað til.

**kolbeinn@frettabladid.is**

## Um 11 milljarðar farið í fyrirtækið

Kjartan Magnússon gagnrýnir mjög seinaganginn á sölu Gagnaveitunnar. Hann lagði fram tillögu í mars á síðasta ári, en afgreiðslu hennar var frestað og hún ekki tekin fyrir fyrr en í júní og var þá vísað til eigendanefndar Orkuveitunnar.

„Þar hefur hún legið síðan, óafgreidd vegna skeytingarleysis fulltrúa meirihlutans í borgarstjórn Reykjavíkur. Á þessum tíma hefur komið fram í fjölmiðlum að bæði stjórnarformaður OR og forstjóri styðja tillöguna og vilja sjá hana verða að veruleika en verða að bíða eftir leyfi frá eigendanefnd fyrirtækisins. Sú nefnd virðist hins vegar vera mjög ákvarðanafælin í þessu máli svo ekki sé meira sagt. Nú er tillagan að verða ársgömul og ótrúlegt að engin afstaða skuli hafa verið tekin til hennar þrátt fyrir að söluhluti aðgerðaáætlunarinnar standi og falli með sölu Gagnaveitunnar.“

Kjartan segir sér sýnast að um 11 milljarðar króna hafi runnið til uppbyggingar fyrirtækisins. Það hafi komið úr sjóðum Orkuveitunnar, sem nú séu tómir, eða með lánsfé sem Orkuveitan ber ábyrgð á.



**LJÓSLEIÐARI** Gagnaveitan rekur ljósleiðaranet sem teygir sig frá Bifröst til Vestmannaeyja. Sala fyrirtækisins á að skila OR milljörðum króna sem nýtast við greiðslu af lánum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**SÓLEY TÓMASDÓTTIR**



**DAGUR B. EGGERTSSON**



**KJARTAN MAGNÚSSON**



**GUANTANAMO** Þar eru enn um 170 fangar. NORDICPHOTOS/AFP

Guantanamo-fangi dæmdur:

# Segist sekur og lofar samvinnu

**BANDARÍKIN, AP** Majid Khan, bandarískur ríkisborgari í fangelsi Bandaríkjahers á Kúbu, lýsti sig í gær sekan um að hafa veitt aðstoð sína við undirbúning hryðjuverkaárása Al Kaída á Bandaríkin.

Með því að lýsa sig sekan féllst hann á samkomulag við Bandaríkjastjórn um að hann fái ekki þyngri dóm en 25 ára fangelsi. Hann hefur einnig lofað samvinnu við að upplýsa mál annarra fanga.

Hann hefur setið í Guantanamo-búðunum síðan 2003. Hann er sjöundi fanginn í búðunum sem hlýtur dóm, en sá fyrsti þeirra sem Bandaríkin telja mjög mikilvægan. **- gb**



# MacBook Pro

## mest seld fartölvan*



## Verð frá: 229.990.-



Wacom teikniborð
Teikniborð í ýmsum stærðum fyrir Mac/PC
**Verð frá: 12.990.-**

wacom



Knomo - fartölvutöskur
Vandaðar töskur fyrir bæði kynin
**Verð frá: 8.990.-**



Walk On Water - fartölvuhulstur
Ýmsar tegundir
**Verð frá : 6.990.-**



Harðir diskar
USB - Firewire - e-Sata
**Verð frá : 16.990.-**



Microsoft Office 2011
Word, Excel og PowerPoint
**Verð frá : 21.990.-**

Birt með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar.
* Mest selda fartölvan 2011 hjá epli.is

epli.is

**Smáralind**
**Opnunartímar**
**Virka daga** 11-19 | Fimmtudaga 11 - 21 | **Laugardaga** 11 - 18
**Sunnudaga** 13 - 18 | **Sími** 512 1300 | www.epli.is

**Laugavegi 182**
**Opnunartímar**
**Virka daga** 10-18 | **Laugardaga** 11 - 16
**Sími** 512 1300 | www.epli.is

**FRÉTTASKÝRING:** Þjórsá – virkjanir og lífríki

# Mikið breytt af mannavöldum

**Virkjanir í neðri hluta Þjórsár hafa verið þrætuepli um árabil. Í haust tók umræðan flugið eftir að drög að þingsályktunartillögu rammaáætlunar voru kynnt en þá var gefið grænt ljós á þrjár virkjanir. Einn angi umræðunnar lítur að lífríki Þjórsár og þeirra stofna laxfiska sem áin fóstrar. Á víxl ganga fullyrðingar um neikvæð áhrif virkjana og möguleika á því að viðhalda stofnum með mótvægisaðgerðum við virkjanagerð.**



**VIÐ URRIÐAFOSS** Þjórsá er lengsta vatnsfall landsins og víða falleg. Urriðafoss hefur hins vegar orðið táknmynd náttúrugæða sem tapast ef af virkjanaframkvæmdum verður í neðri hluta árinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Drög að þingsályktunartillögu rammaáætlunar um vernd og nýtingu náttúrusvæða litu dagsins ljós í ágúst í fyrra. Þar er að finna flokkun náttúrusvæða eftir því hvort nýta eigi svæði til orkuvinnslu eða vernda þau alfarið. Eins er sérstakur flokkur, biðflokkur, þar sem enn á eftir að meta hvoru megin einstakir kostir falla. Í nýtingarflokk féll Þjórsá þar sem Landsvirkjun hefur hug á að reisa þrjár virkjanir; Hvammsvirkjun, Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun í þessari röð ef áin er gengin frá fjalli til fjöru.

### Rannsóknir í Þjórsá

Hvað sem menn vilja segja um neðri hluta Þjórsár sem virkjunarkost verður ekki framhjá því litið að virkjunarkostir í ánni eru betur rannsakaðir, og þess vegna lengra komnir, en flestir aðrir hér á landi. Tíu ár eru síðan umhverfismat fór fram og síðan hefur verið unnið að undirbúningi og hönnun virkjana af Landsvirkjun. Veiðimálastofnun, sem er rannsókna- og ráðgjafarstofnun, vann viðamikla rannsókn um lífríki Þjórsár vegna umhverfismatsins.

Niðurstaða umhverfismatsins árið 2002, sem hefur reyndar verið harðlega gagnrýnt, var að þessar virkjanir voru leyfðar með skilyrðum. Hvað fisk og vatnalífríki varðar voru sett skilyrði um að greið leið yrði fyrir fisk upp ána, lágmarksvatn yrði alltaf á farvegum neðan við stíflur og að seiðafleyta væri gerð í stíflu Urriðafossvirkjunar til að seiði kæmust þar ósködduð niður ána og til sjávar.

### Kortlagning

Í rannsóknum Veiðimálastofnunar fyrir umhverfismatið var farið í viðamiklar botndýrarannsóknir. Fiskistofnar voru rannsakaðir; seiðabúskapur mældur og veiðitölur unnar. Búsvæði voru kortlögð í ánni og framleiðslugeta hennar á laxi metin. Farið var í viðamiklar rannsóknir á gönguatferli lax og urriða bæði seiða á leið til sjávar og fullorðins fisks upp ána. Þá hafa verið mældir umhverfisþættir eins og vatnshiti, rýni (grugg) sem mikil áhrif hafa á göngur fiska. Síðast en ekki síst var reynt að meta áhrif virkjana og benda á og meta mögulegar mótvægisaðgerðir.

Meginniðurstöður rannsóknanna fyrir umhverfismatið voru að þrátt fyrir jökullitinn í Þjórsá er þar ríkuleg botndýrafána. Víða eru góð búsvæði fyrir seiði og talsvert uppeldi lax og urriða er í Þjórsá og í Kálfá. Ofan við fossinn Búða, en laxastigi var gerður við fossinn árið 1991, er vaxandi uppeldi laxa.

Árið 2010 veiddust 9.218 laxar á vatnasvæði Þjórsár sem er 17% af veiði náttúrulegra laxa á Íslandi það ár. Meira en 95% aflans hefur verið veiddur í net. Ekki er þekkt hvert veiðihlutfall er á fiski sem gengur í Þjórsá og því ekki þekkt hve stórir stofnar laxa og göngusilunga eru. Ljóst er þó að laxastofn Þjórsár er stór á landsvísu.

### Í fyrsta skipti

Orri Vigfússon, formaður NASF, Verndarsjóðs villtra laxa, hefur öðrum fremur gengið fram fyrir skjöldu til varnar laxinum í Þjórsá. Hann hefur réttilega bent á að gangi virkjunaráform Landsvirkjunar fram muni í fyrsta skipti verða lokað á hrygningarsvæði villts laxastofns á Íslandi. Hann er þeirrar skoðunar að virkjanirnar muni ganga afar nærri laxastofninum og reyndar stofni sjóbirtings einnig. Í því samhengi er hent fram þeirri spurningu hvar búsvæði laxins eru helst og hvaða áhrif virkjanirnar þrjár hafa, hver um sig.

Sigurður Guðjónsson, forstjóri Veiðimálastofnunar, er til svara. „Hvammsvirkjun er ofan við náttúrulega fiskgenga svæði Þjórsár neðan Búða. Ef litið er á allt svæðið sem opið er fiski eftir stigagerð við Búða þá er ljóst að án mótvægisaðgerða myndi Hvammsvirkjun loka rúmlega 30% af heildarbúsvæðum lax. Rúm 5% búsvæða lax færu undir lón. Holtavirkjun er líka nær öll ofan við náttúrulega fiskgenga svæðið. Holtavirkjun án mótvægisaðgerða myndi loka tæpum 49% heildarbúsvæða lax og rúm 7% búsvæða laxa færu undir lón. Urriðafossvirkjun myndi án mótvægisaðgerða loka um 88% heildarbúsvæða laxa. Um 12% heildarbúsvæða lax lenda undir Heiðarlóni Urriðafossvirkjunar, samkvæmt okkar rannsóknum,“ segir Sigurður.

### Óröskuð náttúra?

Að svo komnu máli verður að hnykkja á því að Þjórsá er þegar mikið breytt af mannavöldum. Í vatnakerfinu eru þegar fimm virkjanir og sú sjötta í byggingu, Búðarhálsvirkjun. Í tengslum við þær virkjanir eru mörg miðlunarlón og veitur sem hafa gerbreytt eiginleikum árinnar. Þessa staðreynd undirstrikar Sigurður.

„Nú er rennsli mun stöðugra en áður, þurrkar óþekktir og flóð miklu minni. Einnig hefur jökulsvifaur í ánni minnkað mikið þar sem hann sest til í lónum. Með minni svifaur nær sólarljósið dýpra niður í vatnið og frumframleiðsla þörunga í ánni eykst. Jafnara rennsli hefur einnig bætt skilyrði fyrir flestar lífverur í ánni,“ segir Sigurður.

Aftur skal hafa í huga að laxastigi var reistur við fossinn Búða árið 1991. Landsvirkjun kostaði fiskvegagerðina en samkomulag var um það við Veiðifélag Þjórsár vegna virkjana í efri Þjórsá. Við þá aðgerð nær tvöfölduðust búsvæði fyrir lax í Þjórsá en til að flýta landnámi laxins á svæðinu var þar sleppt umtalsverðum fjölda laxaseiða. Nú er talsvert af laxi sem elst þar upp úr náttúrulegri hrygningu. Lax er enn að nema þar land og á því laxgengd í Þjórsá enn eftir að aukast, að óbreyttu.

### Mótvægi

Í skýrslu Veiðimálastofnunar um lífríki Þjórsár segir að virkjanirnar muni hafa umtalsverð áhrif á lífríki. Mótvægisaðgerðir geti hins vegar breytt þeirri mynd. Hvort fiskvegir og seiðaveitur dugi til er hins vegar óljóst og skýrist ekki fyrr en virkjanirnar eru reistar.

Sigurður segir að ef aðgerðir til að tryggja göngur fiska upp og niður ána virka sem skyldi muni áfram vera sterkur laxastofn í Þjórsá. „Afar ólíklegt er að hann hverfi eins og haldið hefur verið fram. Vissulega er áhætta fólgin í öll inngrip í náttúruna. Hvernig gera á fiskvegi til að koma fiski yfir hindranir er vel þekkt hér á landi, þannig að þar er áhættan ekki mikil. Minni reynsla er á búnaði til að koma seiðum niður ár. Mikil þróunarvinna hefur verið unnin erlendis í slíku og þar hafa menn náð góðum árangri. Byggt er á bestu fáanlegu lausnum í þeim efnum í Urriðafossvirkjun.“

Um þetta er deilt eins og annað. Ragnhildur Sigurðardóttir, vistfræðingur hjá Umhverfisrannsóknum ehf., segir í skýrslu um umhverfisáhrif Urriðafossvirkjunar frá 2007 að erlendar rannsóknir bendi ekki til að seiðaveita sé líkleg til að „bjarga laxastofninum frá hruni“ í á sem beri fram um eina milljón tonn af framburði á ári og sé „vatnsmikil og stríð“. Frá þeim tíma hefur vissulega mikið vatn runnið til sjávar við þróun þessarar tækni en margir hafa enn uppi stórar efasemdir um að mótvægisaðgerðir dugi til.

### Laxveiðiparadís?

Fréttablaðið fjallaði á dögunum um þá hugmynd Orra Vigfússonar að gera mætti Þjórsá að stangveiðiperlu með því að minnka svifaur í ánni. Orri tók fram að „þúsund spurningum“ ætti eftir að svara og hvatti þess vegna til þess að sérfræðingar myndu meta hvort hugmyndin sé raunhæf. Þessi hugmynd um stangveiði í Þjórsá fer ekki saman við hugmyndir um virkjanir, heldur er um að ræða valkost til að skapa verðmæti fyrir samfélagið. Stangveiði kæmi í stað orkuvinnslu.

Eftir að fréttin birtist um miðjan febrúar hefur þeirri pælingu verið komið á framfæri við blaðið hvort ekki sé um sama hlutinn að ræða, en bara með öfugum formerkjum. Það geti ekki talist til náttúruverndar að breyta náttúrunni stórlega til þess að auka möguleika til stangveiði. Skipti þá engu hversu mikið aðdráttarafl slíkt gæti haft í huga veiðimanna. Eftir standi sú staðreynd að verið sé að fikta í náttúrunni með tiltekið markmið að leiðarljósi; rétt eins og hugmyndir um virkjanir ganga út frá.

**Svavar Hávarðsson**
svavar@frettabladid.is



## Aflstöðvar Landsvirkjunar í Þjórsá og mögulegar virkjanir






# SENSAI

## PRIME SOLUTION

Endurvekur hina lýtalausu
áferð húðarinnar




### Leyndardómar *Koishimaru-silkisins* afhjúpaðir

Það var hin óvenjufallega húð á höndum kvenna sem sátu við vefstóla og unnu hið fegursta silki úr *Koishimaru-silkiþráðum* sem vakti sérstaka athygli forsvarsmanna SENSAI-snyrtivörufyrirtækisins. Það varð upphafið að því að farið var að nota slíka silkiþræði við framleiðslu á hinum heimsþekktu snyrtivörum fyrirtækisins. Þessir forlátafínu silkiþræðir búa yfir náttúrulegu rakagefandi efni, hyaluronic acid, sem beinlínis umvefur hverja húðfrumu fyrir sig með dýrindis raka, rétt eins og þegar sjórinn baðar allar steinvölurnar í flæðarmálinu.

Í hinum nýja PRIME SOLUTION frá SENSAI sameinast hin sérstæðu áhrif *Koishimaru-silkisins* og tímamóta tækninýjung í framleiðslunni. Þannig tekst nú að endurvekja húðfrumur sem hafa smám saman lagst í dvala eftir því sem aldurinn færðist yfir. Húðin gengur beinlínis í endurnýjun lífdaga þar sem henni býðst nú einstök vara sem dregur ótrúlega vel úr ummerkjum öldrunar og laðar þannig fram fegrandi áhrif þess farða sem þú notar hverju sinni.

Gerum lífið fallegra með SENSAI.

** Prófað in vitro.*

Kanebo
INTERNATIONAL

www.sensai.is

## KANEBO DAGAR Í HAGKAUP
## 1. - 7. MARS.

Sérfræðingar kynna það nýjasta frá Japan.
Falleg gjöf fylgir þegar keypt er fyrir 6.900 kr. eða meira*

*Gildir á meðan birgðir endast.



HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# KONUKVÖLDSTILBOÐ

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **20%** afsláttur<br>af öllum vörum<br>Smart | **20%** afsláttur<br>af öllum vörum<br>Stílisti á staðnum<br>Bata<br>Skóverslun Smáralind | **20%** afsláttur<br>af öllu í dömudeild<br>United Colors of Benetton | **20%** afsláttur<br>af öllum förðunar- og andlitsvörum<br>THE BODY SHOP | **25%** afsláttur<br>af öllum skóm frá Jungla og El Naturalista<br>Bossanova | **20%** afsláttur<br>af öllum silfurhálsmenum<br>CARAT<br>Haukur gullsmiður |
| **50%** afsláttur<br>af völdum kvenúlpum<br>**30%** afsláttur<br>af völdum peysum<br>CINTAMANI<br>WWW.CINTAMANI.IS | **20%** afsláttur<br>af öllum vörum<br>DOROTHY PERKINS | **25%** afsláttur<br>af dömuveskjum og skarti<br>Drangey | **20%** afsláttur<br>af Bosch hundamat & Sanabelle kattamat<br>Valdar vörur á tilboði<br>DÝRABÆR | **2090 kr.**<br>Parma bruschetta með hvítvínsglasi<br>**2390 kr.**<br>Kókos-karrí kjúklingasalat með hvítvínsglasi<br>energia | **20%** afsláttur<br>af Knomo tölvutöskum<br>**10%** afsláttur<br>af Macbook Air tölvum<br>Frítt smart cover með kaupum á iPad<br>epli.is |
| **20%** afsláttur<br>af öllum vörum<br>evans. | **20%** afsláttur<br>af töskum og beltum<br>galleri sautján | **20%** afsláttur<br>af öllum BilliBi skóm<br>gs skór<br>Kringlan - Smáralind | Taxfree af öllum dömufatnaði, dömuskóm og snyrtivörum<br>HAGKAUP<br>Ein ferð betra verð | Heiðar Jónsson með ráðgjöf og alls konar kynningar<br>HYGEA | Með hverju pari af eyrnalokkum er 50% afsláttur af pari númer tvö<br>Ice in a bucket |
| **15%** afsláttur<br>af öllu og gloss í kaupbæti<br>JÚNÍK | **20%** afsláttur<br>af Sviss Mokka, Sveiflu og Súkkulaði<br>Kaffitár | **20%** afsláttur<br>af kjólum, pilsum, skarti og töskum<br>KARAKTER | **30%** afsláttur<br>af skartgripum<br>Glæsileg gjöf fylgir ef verslað er fyrir meira en 50.000 kr.<br>KAREN MILLEN | **20%** afsláttur<br>af öllum Vagabond skóm<br>Kaupfélagið | **20%** afsláttur<br>af Guess úrum<br>Leonard |
| **20%** afsláttur<br>af öllum kvenbuxum<br>LEVI'S | Kynningar, veitingar og fullt af flottum vörum á **20-50% afslætti**<br>LYFJA | **20%** afsláttur<br>af Make Up Store vörunum<br>MAKE UP STORE | **20%** afsláttur<br>af úrum<br>meba \| rhodium | Skemmtileg tilboð<br>MegaStore | Valdar vörur á tilboði<br>name it |
| **20%** afsláttur<br>af öllum vörum<br>oasis | **20%** afsláttur<br>af öllum vörum<br>ORGINAL | Kauptu gullkúlu og fáðu 20.000 kr. gjafabréf í kaupbæti<br>PANDORA<br>ÓGLEYMANLEG AUGNABLIK | **20%** afsláttur<br>af öllum vörum<br>POLARN O. PYRET | **20%** afsláttur<br>af öllum vörum<br>SAINTS | **15%** afsláttur<br>af dömufatnaði<br>SELECTED |
| **3 fyrir 2**<br>**af öllum vörum**<br>Heimaspameðferð í kaupbæti ef þú verslar fyrir meira en 10 þúsund krónur<br>Signatures Of Nature<br>-náttúrulegar og lífrænar snyrtivörur | Kokteilar<br>**900 kr.**<br>Frozen Daiquiri<br>Frozen Margarita<br>Skemmtigarðurinn<br>SMÁRALIND | **20%** afsláttur<br>af Easy Tone, Sketchers Shape Ups og öllum sandölum<br>STEINAR WAAGE<br>SKÓVERSLUN | Tesmökkun og teprufur gefnar<br>TE & KAFFI | **20%** afsláttur<br>af öllum vörum<br>TOPSHOP | **20%** afsláttur<br>af öllum Adidas fatnaði og skóm<br>ÚTILÍF |
| Valdar vörur á tilboði<br>VERO MODA | Valdar vörur á tilboði<br>VILA<br>CLOTHES | **20%** afsláttur<br>af öllum nýjum vörum<br>ZayZay | **20%** afsláttur<br>af öllum nýjum vörum<br>ZIK ZAK | | |

## Skemmtilegar kynningar í göngugötunni

Mekka Wine&Spirits
Signatures of nature
Airbrush and Makeup Gallerý
CrossFit Hafnarfirði
Allt í köku
Levis
Nói Síríus
Skin Doctors
Oroblu
Ölgerðin
Bailine
Stöð 2 og Vísir
Úrval Útsýn
Sigmundur Breiðfjörð, skopmyndateiknari

**Glæsilegt happdrætti**

**Yfir 40 frábærir vinningar**





Konu kvöldið er frá klukkan 19-23

# Konukvöld

## 1. mars 2012

Á Konukvöldi Létt Bylgjunnar í Smáralind bjóðum við upp á fínar kynningar á vörum og þjónustu, glimrandi skemmtun, smávegis af góðgæti og frábær tilboð.

**Kæru konur – sjáumst í Smáralind!**

### Dagskrá

**Fimmtudagur 1. mars**

| | |
|---|---|
| 20.00 | Jónsi setur kvöldið og tekur lagið |
| 20.30 | Jón Jónsson syngur |
| 21.00 | Tískusýning verslana í Smáralind í samstarfi við Oroblu |
| 21.30 | Eyjólfur Kristjánsson tekur lagið |
| 22.00 | Jónsi og Greta Salóme taka lagið<br>Útdráttur í happdrætti |
| 22.00 | Friðrik Ómar og Queen tribute |





Smáralind

ENNEMM / SÍA / NM50905

# neytendur
hagur heimilanna

**80 ÞÚSUND KRÓNUM** er varið í sykur og sætindi á ári á íslensku meðalheimili (miðað við árið 2010). Þetta eru 1,5 prósent af meðalneyslunni. Talan hefur hækkað frá árinu 2002 úr 58 þúsund krónum, en þá var hlutfallið hærra, eða 1,7 prósent.

■ Matvæli

## Grautur er orðinn vinsæll réttur á veitingastöðum



Grautur verður sífellt vinsælli matur og ekki bara sem morgunverður. Kaffiveitingahúsakeðjan Starbucks og ýmsir skyndibitastaðir í Bandaríkjunum eru núna með graut á matseðlinum og á veitingastað í Stokkhólmi, sem nýlega hefur verið opnaður, er grautur á matseðlinum. Margir fínir veitingastaðir í London bjóða upp á ýmsar tegundir grauta. Samkvæmt könnun sænsku matvælakeðjunnar AXA hafa 80 prósent Svía borðað graut einhvern tíma síðastliðna sex mánuði. Flestir þeirra borðuðu graut í morgunmat.

■ Póstverslun

## Þingmenn vilja starfshóp til að auðvelda póstverslun

Neytendasamtökin fagna þingsályktunartillögu um aðgerðir til að efla og auðvelda póstverslun, að því er kemur fram á vef samtakanna. Þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir að skipaður verði starfshópur til að athuga þróun og regluverk í póstverslun. Meðal verkefna hans yrði að kanna hvort rétt sé að fella niður aðflutningsgjöld þegar upphæðir eru svo litlar að það borgar sig ekki að innheimta gjöldin. Jafnframt yrði kannað hvort ráðlegt sé að setja í lög að flytjendur, þar á meðal hraðflutningsfyrirtæki, verði að birta gjaldskrá um umsýslugjöld vegna tollafgreiðslu. Tekið er fram að dæmi séu um flytjendur sem nú hafi ekki slíka skrá. Einn af kostum við slíka breytingu væri að þá gæti kaupandi reiknað út og borið saman kostnað við að fá ákveðna vöru heim með ýmsum flutningsaðferðum eða í gegnum ýmsa flytjendur.

# Skylt að bjóða ódýrustu lyfin

**Lyfsölum er skylt að bjóða neytendum ódýrustu samheitalyfin sem eru á markaði hverju sinni. Erfitt er fyrir neytandann að fylgjast með því hvort boðið er upp á ódýrasta kostinn.**



**LYFJAKAUP** Samkvæmt lyfjalögum eiga lyfsalar að hafa á boðstólum þau lyf sem selja má hér á landi.

Samkvæmt reglugerð um afgreiðslu lyfseðla, áritun og afhendingu lyfja er lyfjafræðingi skylt að upplýsa sjúkling um val milli samsvarandi samheitalyfja sé ávísað á slík lyf og verðmunur er meiri en 5 prósent frá verði ódýrustu samheitalyfja í viðmiðunarverðskrá Lyfjagreiðslunefndar. Greiðsluþátttaka Sjúkratrygginga miðast við lægsta verðið.

„Við spyrjum sjúklinginn hvort hann vilji ódýrara lyf en ávísað er á ef um verðmun er að ræða. Þetta á bæði við um val milli frumlyfs og samheitalyfs og á milli tveggja samheitalyfja. Ef ég hef ekki keypt ódýrasta lyfið á markaðnum býð ég lyfið sem ég er með til sölu á lægsta verðinu. Ég er til dæmis með lyf til sölu sem kostar 4.000 krónur en svo kemur á markað samheitalyf sem kostar 3.700 krónur. Þótt ég kaupi það ekki inn býð ég neytandanum lyfið sem ég hef til sölu á lægra verðinu,“ segir Eysteinn Arason, lyfsali í Lyfjum og heilsu í Austurveri.

Hann segir erfitt fyrir neytendur að fylgjast með því hvort lyfsalar bjóði ódýrasta kostinn. „Neytandinn þyrfti að vera ansi glúrinn til þess að sjá hvort verið er að bjóða honum ódýrasta lyfið. Hann þyrfti vita hvernig verðkerfið er byggt upp og fylgjast með því. Þetta er svolítið flókið en það er enginn feluleikur í gangi. Verðskráin er á vef Lyfjagreiðslunefndar, www.lgn.is, og þar sést bæði heildsölu- og smásöluverð.“

Um ástæðu þess að lyfsalar kaupi ekki alltaf ódýrasta samheitalyfið segir Eysteinn: „Það getur verið að menn vilji minnka þær birgðir sem fyrir eru. Sumir lyfsalar taka þá á sig þessi fimm prósent eða hvað það er sem munar í verði.“

Starfsmenn Lyfjastofnunar fara í eftirlitsferðir í hvert apótek á nokkurra ára fresti og spyrja þá meðal annars lyfsalana hvort viðskiptavinum séu boðin ódýrustu samheitalyfin, að sögn Brynhildar Briem, eftirlitsmanns á Lyfjastofnun. „Við bendum á að samkvæmt lyfjalögum eigi þeir að hafa á boðstólum þau lyf sem selja má hér á landi eða útvega þau svo fljótt sem auðið er.“

Samkvæmt upplýsingum frá Sjúkratryggingum sjá starfsmenn þar ekki hvort sjúklingurinn eða lyfsalinn borgar mismuninn ef ódýrasta lyfið er ekki til sölu í apóteki.

ibs@frettabladid.is


Verkfræðingafélag Íslands 1912 - 2012 100

**Afmælisráðstefna VFÍ**

**Framtíðarnýting orkuauðlinda á Íslandi**

**Fimmtudaginn 8. mars heldur Verkfræðingafélag Íslands ráðstefnu á Grand Hótel um framtíðarnýtingu orkuauðlinda á Íslandi.**

**Dagskrá:**

| | | |
|---|---|---|
| 9:00 | Setning. *Kristinn Andersen, formaður VFÍ.* | |
| 9:05 | Ávarp. *Hr. Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands.* | |
| 9:15 | Hvað hafa auðlindirnar fært íslensku samfélagi? *Sveinn Þórðarson, sagnfræðingur.* | |
| 9:35 | Staða orkumála á Íslandi. *Ingvar Birgir Friðleifsson, Orkustofnun - Jarðhitaskóla SÞ.* | |
| 9:55 | Orkufyrirtækin og samfélagið. *Tryggvi Þór Haraldsson, Samorka.* | |
| 10:15 | Kaffihlé | |
| 10:40 | Umhverfisáhrif orkuframleiðslu og -notkunar. *Kristín Linda Árnadóttir, Umhverfisstofnun.* | |
| 11.00 | Skipulag á orkumarkaði. *Friðrik Már Baldursson, Háskólanum í Reykjavík.* | |
| 11:20 | Sýn iðnaðarins á orkunýtingu framtíðarinnar. *Orri Hauksson, Samtökum iðnaðarins.* | |
| 11:40 | Samfélagsleg sátt - á að flytja orkuna út eða nýta hana innanlands? *Gunnar Tryggvason, Orkustefna fyrir Ísland.* | |
| 12:00 | Hádegishlé | |
| 13:00 | **Málstofa I** **Orkuvinnsla og flutningur** | **Málstofa II** **Orkunotkun og iðnaður** |
| 15:10 | Kaffihlé | |
| 15:30 | **Pallborðsumræður - Tækifæri eða ógnun?** Þátttakendur eru: Gunnar Tryggvason, Hörður Arnarson, Kristín Linda Árnadóttir og Rannveig Rist. Guðmundur G. Þórarinsson stýrir. | |
| 16:20 | Samantekt ráðstefnustjóra. | |
| 16:30 | Ráðstefnuslit - Léttar veitingar. | |

Ráðstefnustjóri: Jóhanna Harpa Árnadóttir.
Málstofustjórar: Gunnar G. Tómasson og Steinar Friðgeirsson.

**Ráðstefnugjald, hádegismatur og hressing í kaffihléum innifalin:**
**Félagsmenn VFÍ og TFÍ kr. 10.000.**
**Utanfélagsmenn kr. 14.000.**
**Nemar og eldri borgarar kr. 8.500.**

**Skráning fer fram með tölvupósti á skrifstofa@verktaekni.is eða í síma 535 9300.**

Upplýsingar eru einnig á vef VFÍ www.vfi.is


**NEYTANDINN: ÞÓRÐUR HELGI ÞÓRÐARSON ÚTVARPSMAÐUR**

# Enginn eplamaður



„Verstu kaupin sem ég hef gert eru án nokkurs vafa MacBook Pro-tölva sem ég keypti mér fyrir um fimm árum,“ segir tónlistar- og útvarpsmaðurinn Þórður Helgi Þórðarson, betur þekktur sem Doddi litli.

„Ég uppfærði hana svo að þetta yrði alveg svaka tæki og ætlaði svo að sigra heiminn með stórkostlegri músík minni. Síðan náði ég aldrei að venjast þessu umhverfi í þessu MAC drasli þannig að hún hefur aðallega verið að passa upp á blöð hjá mér og einstaka sinnum notuð á netinu. Batteríið virkaði aldrei almennilega og svo skipti ég um rafmagnssnúru og það kallaði á mörg þúsund króna uppfærslu. Ég ber því eplum ekki góða söguna.“

Þórður segir hins vegar að það besta sem hann hafi fest kaup á sé uppþvottavél.

„Ef ég ætti ekki eina slíka væri ekki lift hérna inni. Það er alveg ótrúlegt hvað lífið er mikið betra með henni. Svo er líka alltaf gott að eignast USB-minnislykla til að flytja gögn á milli tölva, en ég held að ég hafi nú yfirleitt fengið þá gefins.“

■ Sektir

## Matvælaeftirlitið sektar veitingastaði á Kastrup



Veitingastaðirnir á flugvellinum í Kaupmannahöfn hafa verið sektaðir sjö sinnum og fengið 12 athugasemdir frá danska matvælaeftirlitinu það sem af er þessu ári og í fyrra. Oftast var sektað vegna þess að viðkvæm matvæli voru geymd við of hátt hitastig, að því er greint er frá á vef 24timer. Greint er frá því að sushi, sem ekki má geyma við hærri hita en 2 gráður, var geymt við 7,6 gráða hita á veitingastaðnum Airport Deli. Lagkagehuset var sektað fyrir að geyma kjúkling við of háan hita. Veitingastaðurinn Ciao var sektaður vegna þess að „kaldi“ maturinn var alltof heitur. Hreinlætis var einnig ábótavant á veitingastaðnum.







Komdu og gerðu góð kaup á skómarkaði Ellingsen **dagana 1.–10. mars.**
Vandaðir gönguskór, kuldaskór, barnaskór og gúmmískór á frábæru verði!



**COLUMBIA** RAVENOUS GÖNGUSKÓR
Stærðir 42–49
**16.990 KR.**
VERÐ ÁÐUR 24.990 KR.



**COLUMBIA** MASTER GÖNGUSKÓR
Stærðir 42–46
**19.990 KR.**
VERÐ ÁÐUR 29.990 KR.



**COLUMBIA** TALUS GÖNGUSKÓR
Stærðir 36–42
**24.990 KR.**
VERÐ ÁÐUR 36.990 KR.



**NIKE** MANOA KULDASKÓR
Stærðir 36–46
**17.990 KR.**
VERÐ ÁÐUR 29.990 KR.



**NIKE** RONGBUK GÖNGUSKÓR
Stærðir 41–49
Til í bláu og svörtu
**19.990 KR.**
VERÐ ÁÐUR 29.990 KR.



**MONTRAIL** BADROCK GÖNGUSKÓR
Stærðir 42–46
**27.992 KR.**
VERÐ ÁÐUR 34.990 KR.



**COLUMBIA** ROPE TOW KULDASKÓR
Barnastærðir 32–39
**9.490 KR.**
VERÐ ÁÐUR 13.990 KR.



**COLUMBIA** SHASTA RIDGE GÖNGUSKÓR
Stærðir 38–43
**21.592 KR.**
VERÐ ÁÐUR 26.990 KR.



**TAY SPORT** KULDASTÍGVÉL
Stærðir 41–48
**17.520 KR.**
VERÐ ÁÐUR 21.900 KR.



**VIKING** GÚMMÍSKÓR
Stærðir 35–47
**3.992 KR.**
VERÐ ÁÐUR 4.990 KR.



**VIKING** JOLLY GÚMMÍSTÍGVÉL
Barnastærðir 21–35
**3.992 KR.**
VERÐ ÁÐUR 4.990 KR.

**Leitaðu ráða hjá okkur.** Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.–föstud. 8–18 • laugard. 10–16 • **ellingsen.is**

**Ellingsen**
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

PIPAR\TBWA • SÍA • 120682

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

**319.575** VAR FJÖLDI ÍBÚA á Íslandi um síðustu áramót.

Vöruskipti við útlönd:

## Hagstæð um 10 milljarða króna

Vöruskipti Íslands við útlönd voru hagstæð um 10,1 milljarð króna í janúarmánuði. Alls voru fluttar út vörur fyrir 47,3 milljarða króna en inn fyrir 37,2 milljarða króna. Það er mun betri vöruskiptajöfnuður en var í janúar 2011 þegar hann nam um átta milljörðum króna. Þetta kemur fram í tölum sem Hagstofa Íslands birti í gær.

Alls jókst útflutningur um 7,6% frá því sem hann var í janúarmánuði í fyrra. Innflutningur jókst einnig en mun minna, eða um 3,6%.

Um 58% af vörum sem Íslendingar fluttu út í janúar voru iðnaðarvörur, að mestu ál. Tæplega 38% útfluttra vara voru sjávarafurðir og jukust verðmæti þeirra um tæpa þrjá milljarða króna, 15,6% frá því í janúar 2011. Tæpur þriðjungur þeirra vara sem Íslendingar flytja inn er hrávörur og rekstrarvörur. - þsj

Jákvæður þjónustujöfnuður:

## Þjónusta skilaði 36 milljörðum

**Þjónustujöfnuður Íslands við útlönd var jákvæður um 36 milljarða króna á síðasta ári. Alls fluttu Íslendingar út þjónustu fyrir 332,6 milljarða króna en innflutt þjónusta nam 296,6 milljörðum króna. Jöfnuðurinn var þó neikvæður á síðustu þremur mánuðum ársins þegar flutt var inn þjónusta fyrir 4,9 milljarða króna meira en var flutt út. Þetta kemur fram í tölum sem Hagstofa Íslands birti í gær.**

**Stærsti hluti útfluttrar þjónustu Íslendinga eru samgöngur sem skiluðu tekjum upp á 154,1 milljarð króna á síðasta ári. Alls var þjónustujöfnuður í samgöngum jákvæður um 66,6 milljarða króna. Halli var á annarri þjónustu.** - þsj

# Félag í Singapore keypti eignir í Asíu af OR og Geysi

**Orka Energy Holding keypti í haust Enex Kína af Orkuveitunni og Geysi Green Energy. Félagið er skráð í Singapore og er að stærstum hluta í eigu Hauks Harðarsonar. Heildarvirði Enex Kína er um 1,6 milljarður.**

Orka Energy Holding, sem keypti erlend dótturfyrirtæki Orkuveitu Reykjavíkur (OR) fyrir 365 milljónir króna síðastliðið haust, er í eigu Orka Energy Pte. Ltd., félags skráð í Singapore. Það félag er í eigu Hauks Harðarsonar, sem er kjölfestufjárfestir í félaginu, og starfsmanna Orku Energy Holding. Gunnar Thoroddsen, framkvæmdastjóri Orku Energy, staðfesti það í samtali við Fréttablaðið í gær.

Orka Energy keypti einnig um 80% hlut Geysis Green Energy í Enex Kína í haust. Ef greitt var sama verð á hlut og OR fékk þá mun kaupverðið hafa verið um 1,3 milljarðar króna.

Samkvæmt tilkynningu til fyrirtækjaskrár var ný stjórn skipuð í Orku Energy Holding þann 19. desember 2011. Þar kemur fram að í henni sitji Haukur Harðarson, sem er stjórnarformaður, Thomas Patrick Reilley, Eldur Ólafsson, Skúli Valberg Ólafsson og Nigel Patrick Dunmore.

Greint var frá því í fréttatíma Stöðvar 2 í gærkvöldi að Orka Energy Holding hafi keypt erlend dótturfyrirtæki OR sem áður voru inni í útrásararmi hennar, Reykjavík Energy Invest (REI). Um er að ræða félagið Iceland America Energy, sem er í slitameðferð, 19,53% hlut í Enex Kína og tæplega fjórðungshlut í Envent Holding ehf. sem á jarðhitafyrirtæki á Filippseyjum. Gengið var frá sölu þessara fyrirtækja síðastliðið haust án þess að söluferlið væri auglýst sérstaklega. OR fékk 365 milljónir króna fyrir eignarhluti sína í Envent Holding og Enex Kína, samkvæmt aðgerðaáætlun fyrirtækisins og eigenda þess.

Orka Energy er nú eini hluthafinn í Enex Kína, en Geysir Green Energy átti áður um 80% hlut í félaginu. Alexander K. Guðmundsson, forstjóri Geysis, segir að sala á hlut félagins hafi farið fram samhliða sölunni á hlut OR í Enex Kína. Hann vildi ekki gefa upp hvert söluverðið hafi verið. Í aðgerðaráætlun OR kemur hins vegar fram að hlutur hennar hafi verið seldur fyrir 317 milljónir króna. Miðað við það er heildarvirði Enex Kína um 1,6 milljarðar króna og fyrrum eignarhlutur Geysis því 1,3 milljarða króna virði.

thordur@frettabladid.is



**HÖFUÐSTÖÐVAR** Orka Energy Holding er skráð til heimilis á Bæjarhálsi 1, í höfuðstöðvum OR. Samkvæmt frétt Stöðvar 2 í gær er skýringin sú að félagið leigir skrifstofuaðstöðu þar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### Forsetinn fundaði með eigandanum í síðustu viku

Á heimasíðu embættis forseta Íslands kemur fram að Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, hafi átt fund í Singapore með Hauki þann 24. febrúar síðastliðinn. Samkvæmt frétt um málið á heimasíðunni var fundurinn um „eflingu jarðhitanýtingar í Kína, á Filippseyjum og víðar. Margvísleg verkefni eru þar komin á framkvæmdastig og mörg Asíulönd hafa vaxandi áhuga á nýtingu jarðhita og að njóta góðs af þekkingu og reynslu Íslendinga á þessu sviði".

Árið 2005 birtust í íslenskum fjölmiðlum fréttir af stórhuga áformum Enex í Kína, en fyrirtækið skrifaði þá undir samning um byggingu stærstu jarðhitaveitu heims í borginni Xianyang, en fyrsti áfangi jarðhitaveitunnar var metinn á 1,3 milljarða króna. Uppbygging á jarðhitaveitunni stendur enn yfir og þá hefur Enex haft áform um uppbyggingu á fleiri stöðum í Kína.


**Gengislánin- tíminn er dýr í óvissu**

Samtök iðnaðarins efna til morgunverðarfundar um áhrif nýgengins dóms Hæstaréttar um gengislánin

**Föstudaginn 2. mars kl. 8.30 - 10.00**
**Grand Hótel Reykjavík, Hvammi**

**Dagskrá:**

***Ragnar H. Hall***, hæstaréttarlögmaður
***Þorsteinn Einarsson***, hæstaréttarlögmaður

Pallborð: ***Yngvi Örn Kristinsson, hagfræðingur, Ragnar H. Hall og Þorsteinn Einarsson***

Fundarstjóri er ***Orri Hauksson***, framkvæmdastjóri SI

Fundurinn er opinn og aðgangur ókeypis.

**Skráning á www.si.is**

SI

*Samtök iðnaðarins - www.si.is*


Viðsnúningur varð í rekstri MP á síðari hluta árs:

## MP banki tapaði hálfum milljarði

MP banki tapaði 484 milljónum króna eftir skatta á síðasta ári. Á fyrri hluta ársins tapaði bankinn 681 milljón króna fyrir skatta en skilaði hagnaði upp á 140 milljónir króna á þeim síðari. Þetta kemur fram í ársreikningi MP banka fyrir árið 2011 sem gerður var opinber í gær. Hagnaðurinn er tilkominn á síðustu fjórum mánuðum ársins, sem er mun betri niðurstaða en rekstraráætlun ársins gerði ráð fyrir. Samkvæmt henni var gert ráð fyrir tapi út árið 2011.

Alls eru um tvö þúsund fyrirtæki og um tíu þúsund einstaklingar í viðskiptum við MP banka. Heildareignir bankans eru um 50,1 milljarður króna og skuldir um 45 milljarðar króna. Langstærsti hluti skulda bankans eru innlán, eða um 77%.

Í kynningu með ársreikningnum kemur fram að lánasafn bankans hafi aukist um 76% á síðasta ári, hreinar vaxtatekjur fóru úr því að vera neikvæðar um 45 milljónir króna um mitt ár í að vera jákvæðar um 323 milljónir síðustu þrjá mánuði ársins og þóknanatekjur fóru úr 72 milljónum króna á öðrum ársfjórðungi í 563 milljónir króna á þeim fjórða. Eigið fé MP banka er 19,2%.

Nýir eigendur tóku við bankanum 1. apríl 2011 þegar þeir keyptu íslenskar og litháískar eignir gamla MP banka, sem nú heitir EA Fjárfestingafélag. Nýju hluthafarnir, sem eru tæplega 40 íslenskir og erlendir fjárfestar, lögðu bankanum til um 5,5 milljarða króna. Stærsti einstaki eigandi MP banka eftir umbreytinguna er Títan fjárfestingafélag, í eigu Skúla Mogensen, með 17,3% hlut. - þsj



**VIÐSNÚNINGUR** Sigurður Atli Jónsson er forstjóri MP banka. Bankinn skilaði hagnaði síðustu fjóra mánuði síðasta árs.




# COSTA BRAVA

## 4, 7, 10, 11 OG 14 DAGA FERÐIR Í BOÐI

### Lloret de Mar á Costa Brava er nýr áfangastaður Express ferða á Spáni.

Lloret de Mar er heillandi strandbær sem býður upp á frábæra og fjölskylduvæna afþreyingu; skemmtigarða, köfun, sólarstrendur, golfvelli og barnvæn leiksvæði. Fjöldi góðra veitingastaða er á svæðinu og njóta hefðbundnir spænskir fiskréttir mikillar hylli ferðamanna. Lloret de Mar er í Katalóníu-héraði og þar er að finna margar minjar frá tímum Rómverja sem áhugavert er að skoða. Flogið er til Barcelona með nýjum vélakosti Iceland Express, Airbus 320. Farþegum ekið til og frá Lloret de Mar gegn vægu gjaldi.

**STUTT TIL BARCELONA**



★★★
### Trimar Apartments
**Verð á mann í 7 daga frá:**

**78.900 kr.**

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára í fjölskylduherbergi. Flogið út 4. júní. Netverð m.v. 2 fullorðna frá 90.900 kr. Flogið út 4. júní.



★★★★
### Costa Encantada Aparthotel
**Verð á mann í 7 daga, frá:**

**77.800 kr.**

**Frá 95.300 kr. með öllu inniföldu**

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2 - 11 ára í fjölskylduherbergi í viku. Flogið út 4. júní.

★★
### Hotel Norai
**Verð á mann í 10 daga, frá:**

**77.800 kr.**

**- með morgunverði**

Netverð á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn, 2-11 ára. Flogið út 8. júní. Netverð m.v. 2 fullorðna frá 85.700 kr. Flogið út 8. júní.



★★★
### Don Juan Hotel
**Verð á mann í 7 daga, frá:**

**83.500 kr.**

**- með fullu fæði**

Netverð á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn. Flogið út 8. júní. Netverð á mann m.v. 2 fullorðna frá 94.200 kr. Flogið út 8. júní.



**BÓKAÐU NÚNA! TAKMARKAÐ SÆTAFRAMBOÐ**

**Express ferðir**

Ferðaskrifstofa

* Sveigjanlegir greiðslumöguleikar

Ármúli 7, 108 Reykjavík | expressferdir.is | sími: 5 900 100

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Hvað kostar að vera í Evrópusambandinu?

## Debet og kredit

Sigurður Ingi Jóhannsson, þingmaður Framsóknarflokksins, spurði utanríkisráðherra á þingi fyrir stuttu um kostnað við Evrópusambandsaðild, þar á meðal við þátttöku í ýmsum sjóðum ESB og Seðlabanka Evrópu.

Þetta var þörf fyrirspurn. Almenningur þarf að gera sér sem skýrasta mynd af því hvað aðild að ESB myndi kosta skattgreiðendur í beinhörðum framlögum og hvaða ávinning er líklegt að íslenzkt samfélag hafi af henni á móti.

Kostnaðurinn við ESB-aðild hefur af og til komið til umræðu, en sú umræða hefur iðulega verið býsna þröng. Þannig komu fram tvær skýrslur á árunum 2002 og 2003, önnur á vegum Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands og hin frá endurskoðunarfyrirtækinu Deloitte & Touche. Í báðum skýrslum var niðurstaðan sú að Ísland myndi borga meira í sjóði ESB en það fengi til baka. Þetta varð ýmsum stjórnmálamönnum tilefni til að álykta að Ísland ætti ekkert erindi í þetta ríkjasamband, sem yrði skattgreiðendum svo dýrt. Málið þyrfti ekki að ræða frekar.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Veruleikinn er hins vegar flóknari en þetta, eins og kemur fram í ýtarlegu svari Össurar Skarphéðinssonar utanríkisráðherra við fyrirspurn Sigurðar Inga. Það sem ekki var tekið með í reikninginn fyrir áratug var til dæmis áhrifin af því ef Ísland tæki upp evruna. Það myndi spara Seðlabankanum gríðarlegar fjárhæðir, annars vegar vegna þess að miklu minni þörf yrði fyrir að hafa stóran gjaldeyrisforða og hins vegar vegna þess að Seðlabankinn fengi hlutdeild í myntsláttuhagnaði evruríkjanna.

Í svari utanríkisráðherra er líka bent á að stærstur hluti almenns framlags Íslands til ESB muni skila sér til baka í formi styrkja til landbúnaðar, byggða- og atvinnumála, menntamála og vísindasamstarfs. Hugsanlega fái Ísland meira til baka en það leggur í sjóði sambandsins; það fari eftir útsjónarsemi Íslendinga við að sækja um stuðning í evrópska sjóði. Bent er á að hreinn fjárhagslegur ávinningur Íslands af vísinda- og menntasamstarfi við ESB undanfarin 15 ár hafi verið um 700 milljónir króna á ári. Einnig mætti nefna fordæmið úr norrænu samstarfi, sem lengst af hefur skilað Íslandi meiri fjármunum en sem nemur því sem ríkissjóður leggur af mörkum.

Þá eru ótalin óbein áhrif af aðild að ESB á hag fólks og fyrirtækja á Íslandi og þar með á ríkissjóð. Í svari utanríkisráðherra er meðal annars bent á ávinning af lægri vöxtum sem fylgja myndu upptöku evru og Alþýðusambandið hefur metið til 15 milljarða ávinnings á ári fyrir íslenzk heimili, að erlend fjárfesting hefur aukizt í ríkjum sem ganga í ESB, að markaðsaðgangur fyrir fullunnar sjávarafurðir Íslendinga myndi batna og að viðskiptakostnaður, einkum fyrir einstaklinga og minni fyrirtæki, minnkar við upptöku evru.

Vandinn við að meta kostnað og ávinning af ESB-aðild er að auðveldast er að meta beinan kostnað; um hann verður samið í aðildarviðræðunum. Erfiðara er að meta hvað kemur til baka úr sjóðum ESB, meðal annars vegna þess að það byggist á frumkvæði og útsjónarsemi Íslendinga sjálfra. Og erfiðast er að meta óbeinu efnahagslegu áhrifin. Engu að síður er nauðsynlegt að horfa á heildarmyndina, bæði debet og kredit.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Óheppileg samlíking

Árni Johnsen kvartaði yfir því á þingi í gær að ESB hefði opnað skrifstofu hér á landi til að reka áróður fyrir sjálfu sér. Hann líkti því við að Bretar hefðu gert slíkt í miðju þorskastríði og vitnar þannig um þann hug sinn að hann líti á umsókn Íslands að Evrópusambandinu sem stríð. Aðra samlíkingu tók hann, að Bandaríkjamenn hefðu í miðju kalda stríðinu farið um landið og rekið áróður fyrir sínum málstað. Eh… já… en… Hefur Árni aldrei heyrt talað um Varðberg? Eða Samtök um vestræna samvinnu? Og áróður þeirra? Og Natóferðirnar? Hélt hann að þetta væri allt greitt af skattpeningum?

### Breytt símaskráning

Varðberg heldur úti heimasíðu og þar má finn eitthvað af upplýsingum um samtökin. Meðal annars er þar gefið upp farsímanúmer. Þegar því númeri var flett upp á já.is fyrir nokkrum dögum var það skráð á Alþingi. Svo er ekki lengur, nú er það ekki skráð.



### Hættur, farinn

Þráinn Bertelsson er hættur á Facebook vegna þess að kona úti í bæ tók skjáskot af ummælum hans og setti í myndaalbúm með yfirskriftina: „Karlar sem hata konur“. Þetta finnst Þráni ótækt, er hættur og farinn. Sami Þráinn hefur kallað samþingkonu sína fasistabelju og ausið gagnrýnanda óhróðri fyrir að vera ekki nógu hrifinn af bók Þráins. En konan með albúmið er of mikið af því góða. Segi einhver kona sem ég þekki ekki eitthvað um mig; þá hætti ég og fer.

kolbeinn@frettabladid.is

HALLDÓR




## Skattpíning Sjálfstæðisflokksins á börnum afnumin

Fjármál



Jóhanna Sigurðardóttir
forsætisráðherra

Matthías Bjarnason, fyrrverandi ráðherra og leiðtogi í Sjálfstæðisflokknum, ritaði grein sem birt var á þessum stað í Fréttablaðinu í gær undir fyrirsögninni „Ríkisstjórn Jóhönnu og skattpíning barna“.

Það er rétt hjá Matthíasi að ég hef á löngum stjórnmálaferli fjallað um skattlagningu barna. Má þar nefna hróplegt óréttlæti sem fólst í því að fyrir meira en áratug í tíð sjálfstæðismanna greiddu 15 ára unglingar fjórfalt hærri skatt af tekjum sínum en 16 ára unglingar vegna undarlegra skattareglna.

Það er hins vegar alrangt hjá Matthíasi að ríkisstjórn mín hafi staðið fyrir hækkun á sköttum barna og unglinga eða almennings yfirleitt þegar kemur að vaxtatekjum af bankabókum og innstæðum í fjármálastofnunum. Reyndar má fullyrða að í langflestum tilvikum hafa skattar á þessa hópa lækkað vegna breytinga ríkisstjórnarinnar á fjármagnstekjuskatti. Samhliða hækkun skatthlutfallsins í 20 prósent var innleitt frítekjumark að upphæð 100.000 kr á ári fyrir einstaklinga og 200.000 kr fyrir hjón. Í tíð sjálfstæðismanna höfðu vaxtatekjur af bankainnstæðum alls almennings verið skattlagðar frá fyrstu krónu.

Öllum almennum sparnaði, ekki síst hjá börnum og unglingum, var því hlíft við skattlagningu eftir að ríkisstjórn mín hafði breytt skattkerfinu ólíkt því sem áður var í tíð Sjálfstæðisflokksins. Nú er reyndin sú að ríkir fjármagnseigendur greiða bróðurpartinn af þeim fjármagnstekjuskatti sem innheimtur er í landinu.

Matthías ætti einnig að íhuga hvaða sögu eftirfarandi staðreyndir segja um það þjóðfélag sem við búum nú í. Árið 2010 var fjármagnstekjuskattur lagður á tæp 183 þúsund einstaklinga. Á síðasta ári var fjármagnstekjuskattur lagður á rétt um 47 þúsund einstaklinga. Á einu ári fækkaði þeim sem greiddu fjármagnstekjuskatt um 136 þúsund, ekki síst vegna þess skattfrelsis sem núverandi ríkisstjórn innleiddi fyrir allan minniháttar sparnað m.a. barna og unglinga.

Við jafnaðar- og vinstrimenn, sem nú stýrum landinu, beitum skattkerfinu gegn ójöfnuðinum sem flokkur Matthíasar studdi að árum saman með ívilnandi hætti fyrir hina ríku. Við erum stolt af því að hafa snúið af óheillabraut ójöfnuðarins.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Atli Fannar Bjarkason (dægurmál) *atlifannar@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Stórhækkun orkuverðs er nú boðuð

Orkumál

Einar K. Guðfinnsson

alþingismaður



Hægt og hljótt, en ákveðið og örugglega, er verið að leggja drög að tvöföldun raforkuverðs hér á landi og 50% hækkun innkaupaverðs almenna markaðarins. Þessi skýra stefnumörkun stjórnvalda kom fram í svari Oddnýjar G. Harðardóttur, starfandi iðnaðarráðherra, við fyrirspurn minni á Alþingi sl. mánudag. Þetta mun að óbreyttu hafa gríðarleg áhrif á afkomu heimilanna og þyngja byrðar atvinnulífsins.

Spurning mín til ráðherrans var svohljóðandi: Hver verður þróun raforkuverðs á næstu árum, á almennum markaði, miðað við áform Landsvirkjunar um aukna arðsemi og að orkuverð fyrirtækisins fylgi þróun orkuverðs í Evrópu?

Svar ráðherrans var skýrt og rímar við það sem fram kemur í skýrslu iðnaðarráðherra um heildstæða orkustefnu fyrir Ísland, sem lögð var fyrir Alþingi fyrr á þessu þingi. En orðrétt sagði ráðherrann í svari sínu til mín: „Hlutdeild orkukostnaðar í rafmagnsreikningi heimilanna er rétt undir 50%. Hin 50% eru vegna kostnaðar við dreifingu og flutning auk 12 aura orkuskatts. Því mun almenn 100% hækkun orkuhlutans valda tæplega 50% hækkun innkaupsverðs almenna markaðarins“.

### Horfið frá núgildandi stefnu

Hér er verið að hverfa frá stefnu sem gilt hefur áratugum saman. Hún hefur falist í því að láta almenna notendur og atvinnulífið njóta þess að við eigum hér mikla endurnýjanlega orku sem hægt er að selja við lægra verði en þekkist víðast í Evrópu. Þessi stefnumörkun hefur verið mjög til hagsbóta fyrir almennt atvinnulíf og almenning. Þannig höfum við fært arðinn af orkuframkvæmdum okkar til fólksins í landinu.

Nú er ætlunin að gera breytingu á. Stjórnvöld hyggjast stuðla að mjög mikilli hækkun raforkuverðs og sjá síðan til þess að það fylgi almennri verðþróun í Evrópu. Þar er áætlað að orkuverð tvöfaldist á næstu 20 árum. Vel má vera að þessar hækkanir verði enn stórkarlalegri. Þróun olíuverðs að undanförnu gefa að minnsta kosti ekki miklar vonir um að það fari lækkandi. Og svo vill nú til að jarðefniseldsneyti er ráðandi á orkumarkaði í öðrum löndum. Verðlagsþróun á þeim markaði mun því hafa mjög stefnumarkandi áhrif á verðþróun hér á landi.

### Ákall um lægra verð til almennings og atvinnureksturs

Það er því af sú tíð, þegar við Íslendingar kepptumst við að leggja af olíu sem orkugjafa til heimila, til þess meðal annars að lækka útgjöld þeirra. Nú mun orkuverðið fylgja þeirri verðþróun sem í Evrópu verður.

Á sama tíma og stjórnvöld boða þessa miklu hækkun raforkuverðsins, heyrum við ákall stórra raforkukaupenda eins og garðyrkjunnar um lægra orkuverð. Og stjórnskipuð nefnd hefur skilað tillögum um lækkun húshitunarkostnaðar, sem er mjög brýnt mál. Hætt er við að sú lækkun hverfi fljótt þegar verðstefna stjórnvalda fer að bera ávöxt.

Eða trúir einhver því að pólitískar ráðstafanir dugi til þess til langframa að halda niðri orkuverði, t.d. til húshitunar á svokölluðum köldum svæðum, eftir að búið er að hækka verð orkuhlutans um 100%; tvöfalda það sem sagt? Þessi spurning svarar sér sjálf.

### Er hækkun orkuverðsins tilfærsla á milli vasa?

Því er haldið fram að þessi nýja stefna sé góð fyrir almennt atvinnulíf í landinu og heimilin vegna þess að arðurinn af hærra raforkuverði renni inn í sameiginlegan sjóð okkar, ríkissjóð. Þetta sé eins konar tilfærsla á milli vasa! En er það svo? Er ekki skynsamlegra að gæta hófs í verðlagningunni og gefa atvinnulífinu og heimilunum betra svigrúm? Er það ekki líklegra til þess að bæta hér lífskjör og styrkja samfélagslegar forsendur okkar?

Það er brýnt að ræða þessi mál, með efnislegum hætti. Svona stórpólitískar ákvarðanir, sem hafa munu miklar afleiðingar í för með sér, á ekki að taka án þess að mönnum sé ljóst til hvers þær muni leiða.

# Nýr ríkiskapítalismi

Fjármál

Einar Benediktsson

fv. sendiherra



Á fáum áratugum hafa ríkisfyrirtæki í Kína, Rússlandi og víðar vaxið svo ört að verða risar á heimsvísu. Spurt er hvort þetta boði nýjan ríkiskapítalisma í anda Lenins og að frjálshyggjan sé á undanhaldi? Mætti væntanlega byrja á þeirri byrjun, að arfleifð 20. aldarinnar var útbreiðsla um heimsbyggðina á túlkun Leníns á kenningum Marx; óhjákvæmileg framvinda sögunnar hefði sannast á byltingunni í Rússlandi.

Þessi sögutúlkun verður trúaratriði byltingarsinna í anda Kommúnistaávarpsins. Þá mæla Lenin og síðar Stalin svo fyrir, að allar fórnir og útrýmingar eða „hreinsanir“ á milljónum andstæðinga með járnhörðu einræði væru bæði réttlætanlegar og nauðsynlegar. Allar greinar atvinnulífsins voru að sjálfsögðu ríkisreknar en Sovétríkin voru óralangt á eftir kapítalismanum í framleiðni og vörugæðum. Undantekningin var vopnaframleiðsla. Aðeins yrði tímabundin töf á aðlögun að hinu nýja sæluríki, alræði öreiganna. Ekkert bólaði á því og íslenskir kommúnistar biðu að virtist þolinmóðir eftir því að að Eyjólfur hresstist, eins og sagt var.

Í janúarlok 2012 var vikuritið The Economist helgað vaxandi ríkiskapítalisma, þjóðfélagsnýjung hins komandi heimshluta í framför (e. The Emerging World´s New Model). Vísað er til aðalfyrirmyndarinnar með eldrauðri forsíðumynd af Lenin. Það var í Singapore að þessi nýi ríkiskapítalismi heldur innreið sína og var algjör ríkisforsjá látin ráða. Singapore nær geypimiklum árangri í að fá til sín erlendar fjárfestingar. Þetta tekur forsetinn Deng Xiaoping Kínverjum til fyrirmyndar og hafin er innreið erlendra fyrirtækja til landsins og 1,3 milljarða Kínverja í heimsvæðinguna.

Deng og eftirmaðurinn Jiang Zemin og þeirra kynslóð leiðandi manna höfðu menntast eða hlotið starfsþjálfun í iðnaðarrekstri í Sovétríkjunum. Þriðji þátturinn í þróun nýs ríkiskapítalisma kemur eftir hrun Sovétríkjanna og yfirgang oligarkanna svonefndu, flokksgæðinga sem sölsuðu undir sig hluta alls hagkerfis landsins. Pútín forseti stöðvar þá þróun og kemur iðngreinum undir ríkið eða eftirlit þess.

Veldi þessa nýja kapítalisma má m.a. ráða af risavöxnum aðalbækistöðvum fyrirtækjanna í Beijing, Moskvu og Kúala Lúmpúr. Ríkisfyrirtæki eru í heildina næstum allt markaðsvirðið á kauphöllunum í Kína og Rússlandi og ráðstafa miklu af risavöxnum þróunar- og fjárfestingarsjóðum. Í Kína lýtur stjórnun á efnahagslífinu flokksvaldi, umfram það sem þekkist í öðrum ríkjum ríkiskapítalismans. Um það sér sérstök ríkisstofnun og deild í kommúnistaflokknum sem er til margvíslegra áhrifa. Áhersla hefur verið lögð á háa menntun og að forystumenn séu þar jafnokar erlendra keppinauta, enda hefur mikill fjöldi Kínverja sótt háskólanám í Evrópu og Bandaríkjunum.

> Landfræðileg staða Íslands vegna samgangna framtíðar kann að verða mikill þáttur í efnahagslegri framvindu okkar.

Kínversk stjórnvöld telja sig sýnilega standa í hörkubaráttu við vestræn ríki um hráefni, einkum olíu. Þeir leita m.a. til landa sem Vesturveldum hugnast ekki til samskipta, svo sem Súdan og eru þar 10.000 Kínverjar við störf. Þar sem annars staðar er um að ræða uppbyggingu iðnaðar og vissra grunnstoða efnahagslífsins með kínversku vinnuafli, sem ferðalangur sagði mér að ætti við um nýbyggingar hótela í Karíbahafi. Þá eru auðlindir norðurskautsins heillandi með mikið af öllum ónýttum olíuforða heims auk jarðgass.

Alkunna er að norðausturhluti Íslands er ákjósanlegur fyrir hafnir sem þjóni nýrri siglingaleið sem og olíuiðnaði. Þann 23. febrúar kom fregn sem staðfestir að einmitt þarna geti risið smækkuð íslensk útgáfa af Stavanger eða Aberdeen í olíuumsvifum. Upplýst var að jarðlagsrannsóknir við Jan Mayen bendi til þess að olíu sé að finna einmitt á Drekasvæðinu sem Íslendingar eiga að hluta. Grímsstaðir á Fjöllum eru æskilegt bakland aðila ef þeir vilja troða sér að hugsanlegri auðlindanýtingu. Þá kynni að þurfa aðstöðu fyrir fjölmennt vinnulið, flugvöll og staðsetningu rannsókna fyrir norðurskautið. Varla ætti ekki að þurfa að ræða hverjir eru þjóðarhagsmunir varðandi eigu/leiguhald 300 ferkílómetra jarðnæðisins þarna, né ætti heldur að vera neinn árekstur aðila um þetta. Þá eru Noregur og Ísland í lykilstöðu fyrir miklar gámahafnir vegna nýrrar siglingaleiðar á norð-austur slóðinni um heimskautið. Landfræðileg staða Íslands vegna samgangna framtíðar kann að verða mikill þáttur í efnahagslegri framvindu okkar. Kæmi annað til en að hugsanleg ný gámahöfn yrði í íslenskri eigu eins og aðrar hafnir landsins?

Svokallaður „öxull ríkiskapítalisma“ nær vinsældum sem hugmyndafræði sem sér Bandaríkin dragast inn í skel, Evrópu stríðandi við innri erfiðleika og að ekki sé leiðandi hópur iðnríkja lengur G8-löndin heldur G20. Ríkiskapítalisminn verður aldrei fjöldahreyfing en til árekstra í samskiptum vegna stuðnings hins opinbera sem óstutt einkaframtak mætir. Það verður æ meira pólitískt vandamál að ríkisstuðningur Kínverja kosti Bandaríkin og Evrópu fjölda starfa.

Mjög eru skoðanir skiptar um framtíð ríkiskapítalisma en vöxtur hans er ein aðalbreytingin á hagkerfi heimsins undanfarin ár. Er þetta alda framtíðarþróunar eða enn eitt dæmið um ríkisforræði sem mistekst? Hvernig geta ríkin séð eigin fyrirtækjum fyrir nægilegu eftirliti, forðað því að þau verði peningahít í lélegum rekstri eða tryggi tækniframfarir? Úttekt Economist færir rök til hins gagnstæða og telur að eftirlíkingar hvers kyns af vestrænni framleiðslu og lærdómur af rekstraraðferðum verði styrkur ríkiskapítalismans. Helsti dragbítur hans sé vöntun á athafnafrelsi við að vera armur hins opinbera og spilling. En barátta á 21. öld verði ekki á milli kapítalisma og sósíalisma, heldur á milli mismunandi útgáfa af kapítalisma. Kína verður í broddi fylkingar: landið er efnahagslegt ofurveldi – superpower- og á hraðri leið með að skáka Bandaríkjunum sem herveldi.

FordTransit
Standard heitur alla morgna

Nýtt tákn um gæði

FordTransit sendibíll
Verð án vsk. frá 3.338.645 kr. (áður 3.577.690 kr.)
Verð með vsk. frá 4.190.000 kr. (áður 4.490.000 kr.)
300.000 kr. lækkun

Stilltu klukkuna að kvöldi og þú byrjar daginn heitur að morgni. Tímastillanleg olíumiðstöð er staðalbúnaður í Transit. Vertu í hópi þeirra bestu. Kauptu Ford.



FordTransit 8-9 sæta
fyrir leigubílstjóra / bílaleigur
FordTransit 14-18 sæta
fyrir hópferðaleyfishafa
FordTransit 6 sæta
með palli, fyrir vinnuflokka

VERÐLÆKKUN



FordTransit Connect sendibíll
Verð án vsk. frá 2.382.470 kr. (áður 2.541.833 kr.)
Verð með vsk. frá 2.990.000 kr. (áður 3.190.000 kr.)
200.000 kr. lækkun

skoðaðu greiðslukjörin
nýttu verðmætin í gamla bílnum
við kaupum hann kaupir þú nýjan
Komdu í kaffi á milli kl. 9 og 17

Notaðu sérþjónustu atvinnubíla Ford
Komdu í kaffi og spjallaðu við okkur. Segðu okkur hvað þú ert að pæla og við finnum örugglega hagstæða fyrirtækjalausn fyrir þig.

FordTransit fjórhjóladrifinn (AWD) sendibíll
Verð án vsk. frá 4.772.908 kr. (áður 5.250.996 kr.)
Verð með vsk. frá 5.990.000 kr. (áður 6.590.000 kr.)
600.000 kr. lækkun

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 | ford.is

* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður og gerð bílanna getur verið frábrugðin myndunum í auglýsingunni. Nánari upplýsingar veita ráðgjafar.

# Lagerútsala!

Hefst í dag!





Svefnsófar

stillanleg rúm • einbreið rúm • tvíbreið rúm •




**Bak við Holtagarða!!**

ekki missa af þessu!!

betrabak.is

# Aðeins í 4 daga!







gaflar • sængur • svefnsófar • teppasett o.fl.

# Lagerútsalan hefst í dag

## 30-70% afsláttur

fim - fös frá kl. 12 - 18

lau - sun frá kl. 12 - 17

**Reykjavík**
**Lagarsalan er í Holtagörðum en verslunin er í Faxafeni 5**
**Sími 588 8477**

**betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is**

Betra BAK

# Blekkingarleikur með skattlagningu lífeyrissparnaðar

Fjármál

Vilhjálmur Egilsson
framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins



Enn koma fram tillögur um skattlagningu lífeyrissparnaðar frá stjórnmálamönnum sem vilja láta taka sig alvarlega. Nú síðast er lagt til að ríkið „innleysi" skattinneign sína af viðbótarlífeyrissparnaði landsmanna til að fjármagna niðurfærslu Íbúðalánasjóðs á lánum. Auk þess verði lagður sérstakur skattur á almennan lífeyrissparnað vegna hagnaðar af svokölluðum Avensviðskiptum á árinu 2010.

Núverandi fyrirkomulag á skattlagningu lífeyrissparnaðar er nauðsynlegt vegna þess að með því verða lífeyrisþegar jafnframt skattgreiðendur á lífeyrisaldrinum. Fyrirséð breyting á aldurssamsetningu þjóðarinnar á komandi áratugum, hlutfallsleg fjölgun aldraðra og fækkun á vinnumarkaði, þýðir að lífeyrisþegarnir sjálfir munu verða að standa undir kostnaði við opinbera þjónustu.

> Núverandi fyrirkomulag á skattlagningu lífeyrissparnaðar er nauðsynlegt vegna þess að með því verða lífeyrisþegar jafnframt skattgreiðendur...

Af þessari ástæðu verður ekki hægt að efna loforð stjórnmálamanna samtímans um að tilteknar lífeyrisgreiðslur verði skattfrjálsar þegar þar að kemur. Tekjur lífeyrisþega verða örugglega skattlagðar á ný þótt þær hafi verið skattlagðar áður. Loforð um skattfrelsi tekna úr lífeyrissjóðum í framtíðinni er því blekkingarleikur og viðkomandi stjórnmálamönnum til vansa að taka þátt í þeim leik.

Ljóst er að vandi skuldugra heimila og fyrirtækja er mikill en of hægt hefur gengið að auka fjárfestingar í atvinnulífinu og fjölga störfum sem er eina raunhæfa leiðin til að komast út úr vandræðunum. Æskilegt væri að stjórnmálamenn sem vilja láta taka mark á sér hugsuðu um hvernig hægt væri að nota skattkerfið til þess að glæða fjárfestingu og tekjuaukningu í samfélaginu.

Ef vilji er fyrir hendi má beita skattkerfinu í þágu skuldugra heimila með réttum hvötum þar sem fólk fær svigrúm til að greiða niður skuldir með vinnu og tekjum. Sú leið er miklu líklegri til árangurs heldur en blekkingarleikur með skattlagningu lífeyrissparnaðar.

# Ásgeir, Vigdís og Kristján gátu þetta

Forsetaembættið

Guðni Th. Jóhannesson
sagnfræðingur



Stundum er sagt um stjórnmálamenn og aðra leiðtoga að þeir þekki illa sinn vitjunartíma. Kannski er það rétt. Stundum er líka sagt að þeir kunni öðrum fremur þá list að segja eitt en meina annað. Kannski er það líka rétt. En svo kemur líka fyrir að þeir ákveða að láta gott heita og segja það svo ekki verður um villst. Það gátu forsetar Íslands, Ásgeir Ásgeirsson, Kristján Eldjárn og Vigdís Finnbogadóttir til dæmis á sínum tíma.

Fyrsti forsetinn, Sveinn Björnsson, lést á forsetastóli en í nýársávarpi sínu 1. janúar 1968 tilkynnti eftirmaður hans, Ásgeir Ásgeirsson, „svo ekki verði um villst" eins og hann komst að orði, að hann yrði ekki í kjöri við forsetakosningar síðar um árið. Bætti Ásgeir svo við: „Ekki skaltu freista Drottins Guðs þín og þá ekki heldur þjóðar þinnar með þrásetu. En það kalla ég þrásetu að sjá ekki sitt aldursmark. Nýjar kynslóðir vaxa upp en vér sem erum á áttræðisaldri vöxum fram af."

Fyrsta dag ársins 1980 tilkynnti Kristján Eldjárn, sem tók við af Ásgeiri Ásgeirssyni tólf árum fyrr, um sín framtíðaráform. Veður voru þá válynd í stjórnmálum. Um leið og Kristján staðfesti það sem flestir þóttust vita, að hann hygðist láta af embætti forseta Íslands, viðurkenndi hann þess vegna að sitthvað hefði mátt vera í fastari skorðum í þjóðlífinu „nú þegar ég tilkynni þetta til þess að enginn þurfi að velkjast í vafa." Svo sagði Kristján Eldjárn: „En stundarástand getur ekki breytt því sem þegar er fastákveðið. Sjálfur tel ég að tólf ár séu eðlilegur og jafnvel æskilegur tími í þessu embætti og er það drjúgur spölur í starfsævi manns. Og enginn hefur gott af því að komast á það stig að fara að ímynda sér að hann sé ómissandi."

Velunnarar Kristjáns skoruðu á hann að skipta um skoðun. Hann hvikaði hvergi. Vigdís Finnbogadóttir varð forseti og sat næstu 16 ár. Í nýársávarpi sínu 1. janúar 1996 tilkynnti Vigdís að hún yrði ekki í kjöri við forsetakosningar um sumarið: „Ég hef við ótal tækifæri fundið til þess að Íslendingar láta sér annt um embætti forseta Íslands. Það er um leið ljóst að það er ekki sjálfgefið hvernig forsetaembætti skuli sinnt og verður ekki. Þar veldur hver á heldur, eins og sjálfsagt er."

Við tók Ólafur Ragnar Grímsson, umdeildur, kappsamur, metnaðargjarn og duglegur í öllu sem hann hefur tekið sér fyrir hendur. Stundum hefur hann vart getað leynt því að honum hafi í sumu þótt lítt til forvera sinna koma þó að hann bætti við að breytt aldarfar skipti einnig máli. „Þessi gamli siður," sagði Ólafur eitt sinn, „að forsetinn héldi sig bara til hlés og segði helst ekki neitt, nema örfá skipti á ári, hann á kannski ekki við í þessu samfélagi sem við búum við í dag."

> Stundum hefur hann vart getað leynt því að honum hafi í sumu þótt lítt til forvera sinna koma þó að hann bætti við að breytt aldarfar skipti einnig máli. „Þessi gamli siður," sagði Ólafur eitt sinn, „að forsetinn héldi sig bara til hlés og segði helst ekki neitt, nema örfá skipti á ári, hann á kannski ekki við í þessu samfélagi sem við búum við í dag."

Allt er í heiminum hverfult. Kannski eiga gamlar dyggðir eins og hógværð, lítillæti og sjálfsgagnrýni ekki heldur við um okkar daga. Veldur hver á heldur, það gildir um samfélög jafnt sem forseta.




Framtíðin
brosir við þér
GRUNDTAL ílát með segli
1.490,-/3 í pk.
Ø9,5, H3,7cm. Ryðfrítt stál
KVART vinnulampi 2.490,-
H42cm. Skermur Ø8,5cm. Svart
Fæst einnig í silfurlituðu og rauðu
29.950,-
MICKE hornvinnustöð
B100×D100, H151cm. Hvítt
Fæst einnig í hvítu/birki og svarbrúnu/brúnu
11.450,-
MICKE skúffueining á hjólum
B35×D50, H75cm. Hvítt
Fæst einnig í fleiri litum
7.990,-
TORBJÖRN snúningsstóll
Sæti B40×D43, H42-50cm. Alme svart
Fæst einnig í Alme rauðu
KNODD fata með loki 2.490,-
16L. Ýmsir litir
2012
Ferming
2.690,-
Fermingarbæklingurinn er kominn út!
Honum er dreift í dag inn á öll heimili
landsins sem samþykkja fjölpóst.
IKEA
Verslun opin 11-20 alla daga - Veitingastaður opinn 9:30-19:30 - www.IKEA.is

# Gagn Háskóla Íslands af nýju húsi

Nýr Landspítali

Sigurður Guðmundsson
forseti Heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands



Margoft hefur verið bent á ávinning nýbyggingar fyrir starfsemi Landspítala. En hver er ávinningur háskólans? Mikilvægt er að koma kennslu fyrir á einum stað. Með því styrkjast möguleikar á samkennslu og samþáttun kennslu í grunnnámi áður en nemendur fara út á deildir spítalans þar sem þeir læra sín fræði m.a. af sjúklingum sem þar eru. Nauðsyn er á að nemendur átti sig strax á því að fleiri stéttir en þeirra eigin sinna sjúklingum. Fagstéttir þurfa að læra snemma að starfa saman.

Mikil styrkur, faglegur og fjárhagslegur, felst í því að koma starfsemi og stoðþjónustu allra deilda og námsbrauta heilbrigðisvísindasviðs á einn stað. Samnýting rannsóknastofa, tækjabúnaðar og starfsfólks býður ekki aðeins upp á fjárhagslega hagræðingu heldur einnig mikil fagleg tækifæri.

Nýverið var Lífvísindasetri Háskóla Íslands komið á laggirnar. Það er samstarfsvettvangur allra þeirra sem sinna grunnrannsóknum í líf- og heilbrigðisvísindum. Í nýju húsi kæmist öll starfsemi því tengd undir eitt þak.

Nýverið var Lífvísindasetri Háskóla Íslands komið á laggirnar. Það er samstarfsvettvangur allra þeirra sem sinna grunnrannsóknum í líf- og heilbrigðisvísindum. Í nýju húsi kæmist öll starfsemi því tengd undir eitt þak. Nálægð bóklegs náms og grunnrannsókna við rannsóknir og nám á sjúkradeildum efla starfsþjálfun nemanna og gera þá enn hæfari til að sinna og mæta þeim miklu breytingum sem verða munu í fagi þeirra á næstu árum og áratugum.

Að lokum er brýnt að benda á að sá hópur landsmanna sem helst hlýtur ávinning af því að samræma starfsemi spítalans og háskólans eru sjúklingar þessa lands. Á þeim er því miður enginn hörgull og verður ekki. Meginmarkmið nýbyggingarinnar er að efla þekkingu, menntun og síðast en ekki síst þjónustu við sjúklinga.




# Nóg komið - hættið núna

Menntamál

Leó Már Jóhannsson
rafmagnsverkfræðingur og foreldri barna í Hamraskóla



Í Hamraskóla er sérdeild fyrir einhverf börn sem heitir Hamrasetur og var hún stofnuð haustið 1996. Þar eru átta nemendur sem fá mikinn stuðning og einstaklingsmiðaða kennslu. Hamrasetur er staðsett í hjarta Hamraskóla, á besta stað í skólanum.

### Viðkvæm starfssemi

Börnin eru eins mismunandi og þau eru mörg. Grunnurinn að þeirra starfi er stöðugleiki og aftur stöðugleiki þar sem allar breytingar eru erfiðar og krefjast oft langrar aðlögunar. Það tekur einnig langan tíma að byggja upp farsælt og gott starf eins og búið er að gera hér í Hamrasetri. Mikinn skilning og sveigjanleika þarf hjá öllum sem að koma og oft er þetta erfitt. Börnin fara í sína bekki eins mikið og oft og þau þola. Þau taka þátt í íþróttum og hinu einstaklega góða tónlistarstarfi sem fram fer hér í Hamraskóla. Sérkennarar vinna með hverju barni og þau treysta á skilningsríkan skóla sína skólagöngu. Í raun verður sérdeild Hamraskóla lögð niður og ný stofnuð í Foldaskóla. Hefja þarf uppbyggingu sem örugglega tekur nokkur ár! Eftir að foreldrar fóru að andmæla var settur á stofn stýrihópur um sérdeildina. Þar má því miður eingöngu skoða fyrirkomulag og búnaðarmál en ekkert sem snýr að innri starfssemi s.s. velferð barnanna eða áhættu við flutning enda yrði þá snarlega hætt við þessa sameiningu.

### Afleiðingar

Það er ljóst að sérdeildin hefur gleymst þegar þessar sameiningartillögur urðu til. Lítið tillit er tekið til barnanna, margra mánaða aðlögun liggur fyrir hjá flestum, með öllum þeim erfiðleikum sem því fylgja. Áhættan er óásættanleg fyrir börnin sem náð hafa góðri fótfestu hér í Hamraskóla og taka miklum framförum. Nýr skóli, gjörbreytt umhverfi er ekki skref fram á við og hvað á svo að gera ef aðlögunin gengur illa, ef Foldaskóli er ekki tilbúinn, ef kennarar, starfsfólk og nemendur taka ekki tillit til sérdeildar? Er þetta áhættunnar virði? Vilja borgarfulltrúar leggja endalausar áhyggjur og erfiðleika á einhverf börn og foreldra þeirra? Þessi viðkvæmu mál hafa ekki verið skoðuð og blátt bann virðist vera innan borgarkerfisins að ræða þessi viðkvæmu mál þrátt endalaust hjal um samráð og „faglegt“ starf.

Sérdeild Hamraskóla er aðdáunarverð, frábærir kennarar, mikill stöðugleiki og árangur barna eins og best verður á kosið. Það hefur valdið miklum vonbrigðum að fólk sem maður hefur talið fagfólk virðist komið í pólitík og pólitíkin komin eitthvert annað og lengra.

þar sem allir hjálpa til. Hámarksframför er tryggð með sérsniðinni námskrá og stöðugu umhverfi.

### Árangurinn

Hamrasetur er án efa hin tæra snilld íslensk menntakerfis. Hamraskóli hefur búið sérdeildinni frábært umhverfi og aðlagað skólastarfið að sérþörfum barnanna. Allir taka þátt, kennarar, starfsfólk og nemendur sem sýna mikinn skilning og hjálpsemi. Skólastjórinn hefur stutt sérstaklega vel við sérdeildina sem sést á góðum árangri. Svona uppbygging tekur nokkur ár og tekst aðeins ef skólinn er eins jákvæður og Hamraskóli er. Við erum að sjá árangur sem okkur hafði ekki dreymt um, skólagöngu sem er eins góð og við getum hugsað okkur. Nú er þetta umhverfi allt í hættu!

### Sameiningin

Til stendur að flytja unglingadeildina í Foldaskóla og óljóst hvað gerist síðar með yngri bekki. Líklegast er að sérdeildin flytji þá öll í Foldaskóla þar sem fimm börn eru í 8-10 bekk og það hentar tæpast að ganga 2,2 km til að fara í bekkinn sinn, jafnvel oft á dag. Þá þurfa yngri börnin að fara í nýjan bekk og að auki er aldursdreifing í sérdeildinni mjög breytileg þar sem sum börn eru þar alla

### Látið Hamrasetur vera

Sérdeild Hamraskóla er aðdáunarverð, frábærir kennarar, mikill stöðugleiki og árangur barna eins og best verður á kosið. Það hefur valdið miklum vonbrigðum að fólk sem maður hefur talið fagfólk virðist komið í pólitík og pólitíkin eitthvert annað og lengra.

Ef flutningur unglingadeildar verður einhvern tímann talin góð hugmynd og að Hamrasetur flytjist þá með, krefst það mikils undirbúnings. Aðdragandi þarf að vera langur, minnst 2-3 ár. Tryggja verður að slíkur flutningur henti bæði börnunum og foreldrum, að ekki sé verið að eyðileggja langa uppbyggingu og aðlögun.

Því er hér þeirri eindreginni ósk beint til borgarfulltrúa um að draga þessa sameiningu til baka. Þetta er ekki góð hugmynd því hún mun hafa mikil og slæm áhrif á marga. Ef borgarfulltrúar geta ekki hætt við hana strax þá á a.m.k. að fresta henni, skipa starfshóp sem getur t.d. dundað sér við að telja stafina í símaskránni næstu árin á meðan sérdeildin hér í Hamraskóla blómstrar!


adidas
cooler
brighter
louder
ÚTILÍF
KONUKVÖLD
Í SMÁRALIND TIL KL. 23
20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM FRÁ ADIDAS
KYNNING Á HLAUPA OG ÆFINGASKÓM FRÁ ADIDAS
NÁÐU ÁRANGRI. ÚTILÍF – HOLTAGÖRÐUM. GLÆSIBÆ. KRINGLUNNI. SMÁRALIND. WWW.UTILIF.IS

# Vilt þú skilja eftir þig jeppa fyrir framkvæmdastjóra lífeyrissjóðsins?

Það er erfitt að komast að því að ævistarf náins ástvinar hverfi eftir andlátið. Að uppsöfnuð lífeyrisréttindi séu þurrkuð út og eftirlifandi fjölskylda sitji eftir með ekkert í höndunum. Það er þungur róður fyrir venjulegt fólk að bæta við sig skuldum þegar ástvinir deyja. Þessir peningar renna beint í lífeyrissjóðina sem ráðstafa þeim eftir eigin geðþótta.

Ef ég væri ungur maður í dag myndi ég velja lífeyrissjóð með erfanlegum réttindum.
Ég skora á unga fólkið að skoða réttindi sín hjá lífeyrissjóðunum vel og velja eftir því sem það telur sanngjarnt.

Helgi Vilhjálmsson, íslenskur eldri borgari






PIPAR\TBWA - SÍA \ 120672

**ÚTREIKNINGUR Á EIGN VIÐ ÚTBORGUN ER MIÐAÐUR VIÐ LAUNÞEGA SEM FELLUR FRÁ 67 ÁRA EFTIR AÐ HAFA GREITT Í LÍFEYRISSJÓÐ AF 400.000 KR. MÁNAÐARLAUNUM Í 30 ÁR.**

## FRJÁLSI LÍFEYRISSJÓÐURINN // ERFANLEGA LEIÐIN (30)*

| DEILD | SKÝRING | MÁN. GREIÐSLUR | EIGN VIÐ ÚTB. |
|---|---|---|---|
| STIGADEILD | 67 ÁRA - ÆVILOKA | 0 KR. | 0 KR. |
| ALDURSTENGD DEILD | 85 ÁRA - ÆVILOKA | 212.266 KR. | 0 KR. |
| FRJÁLS SÉREIGN | 67 ÁRA - 77 ÁRA | 91.241 KR. | 9.277.492 KR. |
| BUNDIN SÉREIGN | 67 ÁRA - 85 ÁRA | 160.352 KR. | 25.858.542 KR. |
| SAMTALS | | | **35.136.035 KR.** |

## DÆMI UM HEFÐBUNDINN LÍFEYRISSJÓÐ // LÍFEYRISSJÓÐUR VERSLUNARMANNA*

| DEILD | SKÝRING | MÁN. GREIÐSLUR | EIGN VIÐ ÚTB. |
|---|---|---|---|
| STIGADEILD | 67 ÁRA - ÆVILOKA | 0 KR. | 0 KR. |
| ALDURSTENGD DEILD | 67 ÁRA - ÆVILOKA | 231.926 KR. | 0 KR. |
| FRJÁLS SÉREIGN | 67 ÁRA - 77 ÁRA | 0 KR. | 0 KR. |
| BUNDIN SÉREIGN | 67 ÁRA - 85 ÁRA | 0 KR. | 0 KR. |
| SAMTALS | | | **0 KR.** |




## FORSENDUR

| UPPLÝSINGAR | ERFANLEGA LEIÐIN (30) | LÍFEYRISSJ. VERSLUNARMANNA |
|---|---|---|
| VIÐMIÐUNARLAUN | 400.000 KR. | 400.000 KR. |
| RÉTTINDASTUÐULL | 0,00% | 1,34 |
| STIGASJÓÐUR | 0,00% | 0,00% |
| ALDURSTENGT | 3,10% | 12,00% |
| FRJÁLS SÉREIGN | 2,35% | 0,00% |
| BUNDIN SÉREIGN | 6,55% | 0,00% |
| ÁVÖXTUN | 3,50% | 3,50% |
| IÐGJ. Í STIGADEILD | 0 KR. | 0 KR. |
| IÐGJ. Í ALDURSTENGDA D. | 12.400 KR. | 48.000 KR. |
| IÐGJ. Í FRJÁLSA SÉREIGN | 9.400 KR. | 0 KR. |
| IÐGJ. Í BUNDNA SÉREIGN | 26.200 KR. | 0 KR. |

* Útreikningar frá Frjálsa lífeyrissjóðnum.

Ef Jón Jónsson hefði á sínum tíma valið erfanlega leið hjá frjálsum lífeyrissjóði, hefðu erfingjar hans fengið 35 milljónir.
Jón hins vegar borgaði í hefðbundinn lífeyrissjóð og erfingjarnir fengu 0 krónur.

**Hvora leiðina myndir þú velja?**

# Sorry Jón og sorry Stína

Menning
Hjálmtýr Heiðdal
kvikmyndagerðarmaður



21. feb. sl. birtist í Fréttablaðinu grein eftir Guðmund Edgarsson málmenntafræðing um ríkisstyrkta menningarstarfsemi. Skrif Guðmundar er dæmi um hinn „árlega héraðsbrest“, eins og Pétur Gunnarsson rithöfundur nefnir viðbrögðin, þegar úthlutun listamannalauna er kynnt opinberlega.

Að hætti frjálshyggjumanna setur Guðmundur upp hið einfalda dæmi að skattgreiðendur skuli ekki greiða fyrir menningarstarfsemi sem þeir hafa ekki áhuga á. Guðmundur ræðir málefni Þjóðleikhússins, sem nýtur töluverðra framlaga af skattfé, og Skjás Eins, sem heyr sína lífsbaráttu á grundvelli eigin ágætis og vinsælda. (Skjár einn er reyndar rekinn með miklu tapi, 375 milljónum kr. 2009 og trúlega niðurgreiddur af móðurfélaginu sem rekur Símann.)

Að sögn Guðmundar þá er „leikhúsrekstur eins og hver annar atvinnurekstur og á því að lúta lögmálum markaðarins“. Þetta er skýrt, list sem ekki höfðar til nægilega margra deyr drottni sínum.

Guðmundur er ekki einn um þessa skoðun, nýlega birti Kristinn Ingi Jónsson, ritstjóri sus.is, grein með fyrirsögninni List er fyrir listunnendur. Kristinn leggur fram einfalda spurningu: „Hvernig getur það þá verið, að allir skattgreiðendur, sama hvort þeir unni list eður ei, séu neyddir til að greiða ákveðnum listamönnum laun?“

Niðurstaða Kristins Inga er sú sama; þeir sem vilja njóta lista eiga að borga það sjálfir.

Nú rorra þeir sælir í sinni trú félagarnir Guðmundur og Kristinn og ekkert haggar þeirra sælu sannfæringu. Enda málið fremur augljóst og skýrt séð frá þeirra sjónarhól. Þetta þarf ekki að ræða frekar.

Ræðum því eitthvað annað, t.d. vegakerfið, jafnvel jarðgöng. Jarðgöng eru grafin gegnum fjöll og undir hafsbotninn til þess að auðvelda samgöngur. Það er rætt um að vetrarfærð sé víða varasöm og sumstaðar geta jarðgöng leyst vandann. Víða eru hættulegir fjallvegir lagðir af og jarðgöng koma í staðinn. Þetta flokkast undir framfarir.

En það er einn galli á jarðgöngum, þau eru staðbundin og yfirleitt greidd af almannafé. Reykvíkingur getur ekki nýtt sér jarðgöng milli Eskifjarðar og Reyðarfjarðar nema endrum og eins. Og þarf að fara langa leið til þess. Samt er hann þátttakandi í kostnaði við gerð ganganna – og viðhaldi þeirra.

Hér er augljóslega verið að sniðganga lögmál Guðmundar og Kristins; jarðgöng eru fyrir jarðgangaunnendur, þau eiga að lúta lögmálum markaðarins.

Það þýðir ekkert að benda á gagnsemi jarðganga, t.d. samgöngubætur og lægri slysatíðni, grundvallatriðin eru á hreinu: þeir sem nota jarðgöng eiga að borga þau.

Útreikningar sýna að jarðgöng á Austfjörðum geta aldrei borgað sig nema með himinháum veggjöldum. Sem enginn mundi greiða. Arðsemi Vaðlaheiðarganga, sem eru þó á þéttbýlla svæði, er reiknuð fram og aftur og óvíst um sjálfbærni framkvæmdanna. Margt bendir til þess að vegfarendur aki gamla veginn í stað þess að borga sannvirði fyrir styttri leið í gegnum göngin.

En það er eins með jarðgöng og listina, þau eru þarna vegna þess að sameiginlegt átak skattgreiðenda greiddi kostnaðinn að hluta. Og líkt og listin, þá skila jarðgöng verðmætum til baka. Ég minntist á slysatíðni og við má bæta minni bensíneyðslu og lengri endingu ökutækja sem fara oft sömu leið. Og tími er einnig peningar í einhverjum fræðum.

Hvað fáum við fyrir skattfé sem greitt er til menningarstarfsemi? Íslenskt leikhús, íslenskar kvikmyndir, íslenska tónlist, íslenska myndlist og íslenskar bækur. Enn fremur þýdd erlend leikverk, þýddar bækur og hingað koma stórgóðir erlendir listamenn.

Félagarnir Kristinn og Guðmundur telja báðir að Jón og Stína eigi að greiða fyrir sína menningarneyslu, burt séð frá efnum þeirra og aðstæðum. Stína er fremur blönk tveggja barna einstæð móðir og Jón er í hjólastól.

Spólum hratt áfram: Kiddi og Gummi hafa fengið sitt fram. Nú fer Stína ekki í leikhús vegna þess að miðarnir kosta það sem þeir þurfa að kosta, 15-20.000 pr. sýningu. Jón fer ekki í leikhús vegna þess að nú eru margir aðrir fatlaðir geta ekki borgað brú fyrir fatlaða við Þjóðleikhúsið. Þau vita fátt skemmtilegra en að fara í leikhús. En sorry Jón og sorry Stína – samfélagið styður ekki listir og menningu. Fyrirsögnin á grein Kristins átti að vera List er fyrir ríka listunnendur.

Kenningar frjálshyggjumanna um listir og menningu eru af sama sauðahúsi og kenningar þeirra um efnahagsmál. Þær eru skemmtilegt umræðuefni – en stórslys í framkvæmd.

# Röddin úr fílabeinsturninum

Menntamál
Björn Guðmundsson
framhaldsskólakennari



Sighvatur Björgvinsson fv. ráðherra skrifaði nýlega grein í þetta blað þar sem hann fjallaði um ólæsi fjórða hvers stráks sem útskrifast úr grunnskóla eftir 10 ára skólavist. Hann telur að grunnskólinn þurfi að gera meiri kröfur til nemenda svo námið skili árangri ef ég skil hann rétt.

Ýmislegt bendir til þess að Sighvatur hafi nokkuð til síns máls. Framhaldsskólakennarar eru margir hissa á því hve marga nema þeir fá sem ekki eru búnir að læra að sinna námi eftir 10 ára veru í grunnskólanum. Látum vera þótt miklar gloppur séu í þekkingu margra þessara nema. Verra er að margir skilja ekki enn til hvers þeir eru í skóla og að því fylgja ekki bara réttindi heldur líka skyldur. Námstækni er oft mjög ábótavant og því algengt að helmingur nemenda falli í byrjunaráföngum framhaldsskólans.

Framhaldsskólakennarar eru undir miklum þrýstingi að skila þessum nemendum áfram og helst eiga allir að verða stúdentar. Ýmislegt bendir til þess að stúdentsprófið hafi verið gengisfellt. Um það vitnar slakt gengi nýnema í HÍ og inntökuprófin sem HÍ telur sig nú þurfa að taka upp. Ólafur Stephensen, ritstjóri Fréttablaðsins, skrifaði um þetta síðastliðið haust og talaði í því sambandi um svikna vöru.

Jakobína Ingunn Ólafsdóttir, doktorsnemi í menntunarfræðum, svaraði Sighvati. Því miður einkennast skrif hennar ekki af hógværð hins menntaða manns heldur þvert á móti. Hún telur að fv. ráðherra með alla sína menntun og lífsreynslu hafi EKKI NEITT fram að færa um menntun barna. Þessi staðhæfing Jakobínu þykir mér bæði kjánaleg og hrokafull. Ónafngreindur veðurfræðingur fær líka kalda kveðju frá Jakobínu. Væntanlega á hún þar við Harald Ólafsson sem gagnrýnt hefur brotalamir í stærðfræðikennslu í grunnskólum. Viðurkennt er þó að víða skortir grunnskólakennara með menntun í stærðfræði. En ef ég skil Jakobínu rétt er ekki mark takandi á neinum varðandi skólamál nema menntaelítunni í fílabeinsturninum sem hún tilheyrir líklega sjálf.

Á bloggsíðu sinni segist Jakobína hafa áhuga á aukinni þátttöku almennings í mótun samfélags og eflingu lýðræðis. Ekki er umrædd svargrein hennar í samræmi við þetta, en þar gefur hún skýrt til kynna að leikmenn (almenningur) séu ekki marktækir í umræðu um skólamál. Í tengslum við forval VG í Reykjavík 2010 sagði Jakobína að þekking, tjáningarfrelsi og velferð íbúanna eigi að ráða í stjórnsýslunni. Til hvers á almenningur að tjá sig ef honum er svo bara sagt (af sérfræðingum eins og Jakobínu) að það sem hann hefur fram að færa séu bara kerlingabækur? Ég skil reyndar ekki hvað Jakobína er að fara þegar hún segir að þekking á málefnum uppeldis og menntunar sé lokuð inni í fílabeinsturnum menntaelítunnar. Hvers vegna er þessi þekking lokuð inni?

Jakobína telur Sighvat hafa heykst á námi sínu við HÍ. Að heykjast á einhverju hefur í flestra huga þá neikvæðu merkingu að gefast upp á einhverju (þótt líka geti það merkt að hætta við). Jakobína virðist með þessu reyna að gera lítið úr Sighvati en vandséð er hvað þetta kemur grein hans við. Menn geta hætt í námi af ýmsum ástæðum og það er ekki endilega neikvætt. Jakobína ætti að temja sér kurteisi og málefnalega umfjöllun. Í stað þess að gera lítið úr Sighvati (og veðurfræðingnum) hefði hinn langskólagengni menntunarfræðingur fremur átt að beita þekkingu sinni til að ræða á uppbyggilegan hátt hvernig skýra má ólæsi íslenskra stráka og hvernig hugsanlega má bregðast við því.

Alltaf má gera betur í skólastarfi á öllum skólastigum. Það hlýtur að vera áhyggjuefni að nærri fjórði hver strákur útskrifast torlæs úr grunnskóla. Ekki dugir heldur að skella skollaeyrum við því að íslensk börn hafa komið fremur illa út úr samanburði við jafnaldra sína í Evrópu í PISA könnunum. Síðasta skýring menntaelítunnar sem ég man eftir var sú að íslensk börn tækju þessi próf ekki eins alvarlega og jafnaldrar þeirra í Evrópu. Sem sagt, við erum að gera allt rétt og þurfum því ekki að bæta okkur. Ef svona hugsun ræður för er sannarlega ekki von á góðu.

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST OG FÉLAG SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA BJÓÐA TIL MÁLÞINGS:

Ábyrgir stjórnendur og hagsmunir almennings

Verið velkomin í Iðnó, föstudaginn 2. mars kl. 14-16

Á síðustu misserum hafa komið upp nokkur mál þar sem hagsmunir almennings virðast hafa verið látnir víkja fyrir viðskiptasjónarmiðum. Hér er ekki aðeins um fjármálageirann að ræða. Nefna má nýlegar fréttir um notkun iðnaðarsalts í matvælum, díoxínmengun frá sorpbrennslu og um mengað vatn sem barst í sjó frá verksmiðju á síðasta ári. Hver er ábyrgð stjórnenda í þessum efnum?

Í tengslum við PRME, sameiginlegt átak Sameinuðu þjóðanna og menntastofnanna víðsvegar um heim, skipuleggur Háskólinn á Bifröst röð málþinga nú á vormánuðum. Yfirskrift málþinganna er samfélags- og stjórnendaábyrgð.

Ráðstefnan „Ábyrgir stjórnendur – hagsmunir almennings“ er fyrst þeirra.

Dagskrá

Setning: Bryndís Hlöðversdóttir rektor
Ávarp: Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra
Framsöguerindi: Dr. Njörður Sigurjónsson lektor

Pallborð:
Stefán Gíslason
Framkvæmdastjóri Environice
Anna Björk Bjarnadóttir
Framkvæmdastjóri tæknisviðs Símans
Kristján Rafn Sigurðsson
Framkvæmdastjóri Eðalfisks

Félag Sameinuðu þjóðanna UNA ICELAND

Allir eru velkomnir og enginn aðgangseyrir.
Nánari upplýsingar á bifrost.is

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

# Mat á gulli og silfri

Viðskipti
Dóra G. Jónsdóttir
Helga Jónsdóttir
Sigmar Ó. Maríusson
safnanefnd Félags íslenskra gullsmiða

Mikið er rætt þessa dagana um kaup og sölu gamalla gripa úr gulli og silfri. Íslenskir gullsmiðir hafa í gegn um aldirnar endurnýtt gamla muni og hafa eftir óskum neytenda tekið gamla muni í endurvinnslu.

Íslenskir gullsmiðir flytja inn efni til að vinna úr. Þetta efni er hægt að panta eftir ýmsum óskum. Hægt er að panta hreint gull og hreint silfur, sem er þá oftast afgreitt í litlum kornum (grain), sem miðast þá við 1.000. Þetta er síðan blandað í ákveðnum hlutföllum. Mest er smíðað úr 14 karat gulli hér á landi og er það þá ýmist stimplað sem 14 k eða 585. Verð á þessum málmum hefur verið hátt á síðustu árum.

Þegar keyptir eru gamlir munir eru þeir í afar mismunandi ásigkomulagi. Þetta er efni, sem fyrst þarf að hreinsa og yfirfara, það þarf að athuga kveikingar.

Einu sinni voru múrsteins og bismark skartgripir afar vinsælir og því mikið til af hálsfestum og armböndum í ýmsum breiddum og þykktum. Svona gripir eru með mörgum kveikingum, sem þýðir það að allir þessir litlu hlekkir eru kveiktir saman. Slaglóð heitir það, sem notað er til að kveikja saman hlekkina.

Það hefur jafnan sama styrkleika (14 karat) í samræmi við það, sem verið er að kveikja saman. En það er öðruvísi blandað til þess að hafa lægra bræðslumark. Þetta getur rýrt verðmæti hluta í endursölu. Þegar fólk vill selja gamla muni eru þeir metnir sem brotagull eða brotasilfur, sem hefur miklu minna verðgildi en hreinn málmur. Þar skipta líka máli svona atriði, sem þarf að meta. Ef gullsmiður tekur svona hluti til að vinna úr þeim fyrir viðkomandi verður matið hærra fyrir eigandann, en það er metið í endursölu. Eins getur viðkomandi viðskiptavinur valið sér grip, sem hann vill kaupa og látið það gamla ganga upp í. Þannig fær kaupandinn líka meira fyrir efnið en að setja það beint í sölu sem brotaefni.






**Sennheiser heyrnartól HD-229**

Verð 9.900 kr.




**Sennheiser heyrnartól HD-438**

Verð 13.900 kr.




**Sennheiser heyrnartól HD-518**

Verð 23.900 kr.




**Sennheiser heyrnartól HD-228**

Til í svörtu og hvítu
Verð 8.900 kr.




**Rakvél Cruzer Z-50**

Verð 14.900 kr.




**Pfaff Select 3**

Verð 89.900 kr.




**Husquarna 116**

Saumar þykk og þunn efni
Verð 49.900 kr.




**Snyrtispegill BS-49**

Verð 4.995 kr.






**Living Color**

Stemningslampi
Verð 22.900 kr.

# Fullkomnar gjafir
## fyrir fermingarbarnið

Frábær tilboð á vörum sem eru tilvaldar til fermingargjafa.
Við tökum vel á móti þér og leiðbeinum þér við val á réttu gjöfinni.

**Kíktu í heimsókn!**

PFAFF

Pfaff • Grensásvegi 13 • Sími 414 0400 • www.pfaff.is • facebook.com/pfaff.is

www.baddydesign.com

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**ÓLAFUR JÓHANNESSON** forsætisráðherra (1913-1984) átti afmæli þennan dag.

*„Hvernig er það, herrar mínir? Ætlið þið aldrei að setjast aftur í stjórn?“ sagt við aðra þingmenn Framsóknarflokksins þegar honum þótti þeir setja saman fulldýra óskalista.*

## Merkisatburðir 1. mars

1565 Borgin Rio de Janeiro í Brasilíu stofnuð.

1815 Napóleón snýr aftur úr útlegð sinni á Elbu.

1872 Yellowstone-þjóðgarðurinn í Bandaríkjunum verður fyrsti þjóðgarður heims.

1905 Fyrsta símaskráin á Íslandi gefin út.

1970 Ísland gengur í EFTA, fríverslunarsamtök Evrópu.

1991 Formleg opnun Ólafsfjarðarganga sem voru þá lengstu göng á Íslandi eða 3400 metrar.

2002 Bandaríkjaher ræðst inn í Afganistan.

2006 Grein númer milljón sett inn á ensku Wikipediu.

**ÞETTA GERÐIST** 1. MARS 1989

## *Bjór leyfður eftir áratuga bann*

Fyrir réttum 23 árum var sala bjórs leyfð á Íslandi eftir áratugabann. Bjór var upphaflega bannaður árið 1915 eins og sala á öðru áfengi. Sjö árum síðar var sala léttvíns leyfð og árið 1935 var áfengisbann afnumið, nema sala og innflutningur á áfengu öli. Bann við bjór var stutt margvíslegum rökum, en talsmenn þess höfðu til dæmis áhyggjur að áfengisdrykkja landsmanna myndi aukast, yrði bjórinn leyfður. Þegar það svo gerðist vakti það heimsathygli, en ýmis erlend blöð sendu fréttamenn til landsins til þess að fylgjast með Íslendingum kneyfa ölið.

340.000 dósir af öli seldust á þessum fyrsta degi og mynduðust víða biðraðir á útsölustöðum ÁTVR auk þess sem margt var um manninn á veitingastöðum sem höfðu leyfi til þess að selja bjór.





**POLLAPÖNK** Þeir Haraldur, Guðni, Arnar og Heiðar Örn ætla að spila fyrir krakka á öllum aldri næstu helgar og hefja leikinn í Hafnarfirði.

HLJÓMSVEITIN POLLAPÖNK: TÚRAR UM SUÐVESTURHORNIÐ

# Stórkostlega gefandi að spila fyrir krakka á tónleikum

„Okkur langaði einfaldlega að bjóða upp á tónleika á tíma sem hentar krökkum og til þess að eiga sem auðveldast með að nálgast þau settum við okkur í samband við íþróttafélögin. Þau vinna auðvitað frábært starf sem okkur langaði til að styrkja og því varð það úr að hluti af aðgangseyrinum inn á tónleikana rennur til þeirra,“ segir Arnar Gíslason, trommuleikari í hljómsveitinni Pollapönki, sem hyggst á næstu vikum spila nokkra tónleika í nágrenni höfuðborgarinnar.

Tónleikarnir eru haldnir í hinum ýmsu sölum íþróttafélaga en þeir fyrstu verða á laugardaginn klukkan 17 í Kaplakrika í Hafnarfirði í samvinnu við FH. Þaðan liggur leiðin á Seltjarnarnes en Pollapönk spilar í íþróttahúsi Seltjarnarness klukkan eitt á sunnudag í samvinnu við Gróttu. 11. mars verða tónleikar í Félagsmiðstöðinni Óðali í samvinnu við Skallagrím. Þann sama dag klukkan hálfsjö spilar sveitin á Hótel Stykkishólmi í samvinnu við Snæfell en tónleikaferðinni lýkur á Selfossi 31. mars þar sem Pollapönk spilar í íþróttahúsi Vallaskóla í samvinnu við handknattleiksdeild Selfoss.

Arnar hefur verið liðsmaður Pollapönks frá árinu 2007. Auk hans skipa sveitina þeir Guðni Finnsson, Heiðar Örn Kristjánsson og Haraldur F. Gíslason en tveir þeir síðarnefndu stofnuðu sveitina. Hugmyndin með sveitinni var að búa til tónlist sem börn og fullorðnir gætu haft gaman af. Arnar segir einkar gaman að spila fyrir ungt fólk. „Það er stórkostlega gefandi að spila fyrir krakka. Þau eru svo fordómalaus og gefa svo mikið af sér og þá gefum við líka einstaklega mikið af okkur,“ segir Arnar sem er ekki í vafa um hvaða lag er uppáhaldstónleikalagið hans. „Það er Pönkdansinn, hann er stórkostlegur læf. Það er svo gaman að fá alla til þess að setja hendur á loft og hrista hausinn,“ segir hann að lokum.

Þess má geta að það kostar 1.200 krónur inn á tónleikana en frítt verður inn fyrir fullorðna í fylgd með börnum.

sigridur@frettabladid.is



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Kristín E. Kjerúlf**

til heimilis að Mosgerði 5, Reykjavík,

lést sunnudaginn 26. febrúar á Landspítalanum í Fossvogi. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju í dag, 1. mars kl. 15.00.

**Stefán Jónsson**
**Margrét Stefánsdóttir** **Rúnar Vífilsson**
**Sigurbjörg Stefánsdóttir** **Örn Guðsteinsson**
**barnabörn og barnabarnabarn.**



†

*Elsku faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Eiríkur Egill Jónsson**

stýrimaður,
Hrafnistu í Reykjavík,

lést sunnudaginn 26. febrúar.
Útförin verður auglýst síðar.

**Guðlaug S. Eiríksdóttir** **Elo Gartmann**
**Jón Ágúst Eiríksson** **Elísabet Magnúsdóttir**
**Sigurbjörn Eiríksson** **Elva Kristjánsdóttir**
**Helga Eiríksdóttir** **Einar Bjarnason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Eiginmaður minn,*

**Guðlaugur Hallgrímsson**

tollvörður,
Naustahlein 26, Garðabæ,

lést þann 12. febrúar. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Fyrir hönd ástvina,**
**Ásdís Bernburg**



†

*Ástkær frændi okkar,*

**Hjalti Finnsson**

frá Ártúni, Eyjafjarðarsveit,

lést á Dvalarheimilinu Hlíð á Akureyri, laugardaginn 25. febrúar.
Jarðarförin fer fram frá Hólakirkju í Eyjafjarðarsveit laugardaginn 3. mars og hefst athöfnin kl. 13.30.

**Aðstandendur.**



†

*Þökkum samúð og vinarhug við andlát og útför eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,*

**Jóns Guðmundssonar**

framhaldsskólakennara,
Þorláksgeisla 33, Reykjavík.

Sérstakar þakkir sendum við starfsfólki gjörgæsludeildar Landspítalans í Fossvogi, fyrir góða umönnun og hlýhug.

**Hjördís Vigfúsdóttir**
**Vignir Jónsson** **Þorbjörg Kolbeinsdóttir**
**Heimir Jónsson** **Jóhanna Kristín Jónsdóttir**
**Fríða Jensína Jónsdóttir** **Auðunn Gísli Árnason**
**Hörður Jónsson** **Ingibjörg Kolbeinsdóttir**

## Dagur gulu bolanna

Viku endómetríósu lýkur í dag. Af því tilefni verður Landspítalinn lýstur gulum lit fram yfir helgi. Í dag er einnig alþjóðlegi gulu-bola dagurinn en þann dag er fólk hvatt til að sýna samhug með konum með endómetríósu með því að klæðast einhverju gulu.




Endómetríósa er krónískur móðurlífssjúkdómur sem talið er að um 5 prósent kvenna séu með sem samsvarar um 3.500 íslenskum konum. Sjúkdómurinn lýsir sér meðal annars með miklum verkjum við blæðingar en birtingarmyndir hans eru margvíslegar og einkennin mismikil. Meðalgreiningartími sjúkdómsins eru talinn vera sex til tíu ár á Íslandi en tilgangur vikunnar er meðal annars að auka vitneskju um sjúkdóminn til þess að konur með hann fái fyrr sjúkdómsgreiningu. Fræðast má nánar um sjúkdóminn á heimasíðu Samtaka um endómetríósu, www.endo.is og á Facebook-síðu samtakanna.




**20% afsláttur**
**AF INNIMÁLNINGU***

# MÁLNINGAR DAGAR

## fimmtudag til sunnudags

**Mundu eftir gula miðanum!**
**Ef þú sérð sömu vöru auglýsta ódýrari annars staðar endurgreiðum við mismuninn.**

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR




**4.995** VERÐVERND
LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

10 ltr.
**Innimálning**
10 ltr, beinhvít.
7119963



**995** VERÐVERND
LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

**Máningarbakki og rúlla**
7014822



**979 kr/m²** VERÐVERND
LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

**Eikarplastparket**
Kaindl, 6 mm, slitþolsflokkur 31.
147049



**1.649 kr/m²** VERÐVERND
LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

**Bilskúrsflís 33x33 cm**
Frostþolin.
8600685



**1.479 kr/m²** VERÐVERND
LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

**Veggflís Blanco Rústico 20x25 cm**
Hvít glansandi m/bugðóttu yfirborði.
8611001



**4.590** VERÐVERND
LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

**Hreinlætistæki**
Emmevi, Giglio.
7900011




**2.795** VERÐVERND
LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

**Höggborvél**
PowerPlus 580W.
5245308

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

***Afsláttur gildir ekki af vörum merktum Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar**

**HÚSASMIÐJAN**

# Sextíu og ein milljón safnaðist

Sextíu og ein milljón króna safnaðist hjá Hjálparstarfi kirkjunnar í desember og janúar síðastliðnum til neyðarhjálpar í Austur-Afríku og til aðstoðar hér á landi. Fjármunirnir eru notaðir til að mæta brýnustu þörfum fólks sem býr við hrikalegar aðstæður á þurrkasvæðum og í flóttamannabúðum í Austur-Afríku og hér á landi með mataraðstoð, stuðningi vegna lyfjakostnaðar, skólagöngu barna og ungmenna ásamt fjármála-, einstaklings- og fjölskylduráðgjöf.

Mataraðstoð Rauða krossins hér á landi er veitt með inneignarkortum í matvöruverslunum. Frá því það fyrirkomulag var tekið upp í maí í fyrra og út árið hafa 1.200 einstaklingar og fjölskyldur fengið afgreidd slík kort. Þar sem þrír einstaklingar eru að meðaltali bak við hverja umsókn eru það um 3.600 sem hafa notið þess.

Hjálparsamtök kirkjunnar eru þakklát fyrir stuðninginn, að því er fram kemur í fréttatilkynningu frá þeim. - gun



**Í SÓMALÍU** Í flóttamannabúðum í Guud í Sómalíu miðla konur hver annarri af því litla sem þær hafa. MYND/ACT/DKH/CHRISTOP PUESCHNER.

---



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og systir,*

**Magnea Sigríður Guðmundsdóttir**

Hraunteigi 21, Reykjavík,

andaðist á Landspítalanum við Hringbraut að kvöldi 19. febrúar. Útför fer fram frá Laugarneskirkju föstudaginn 2. mars kl. 15.00. Þeim sem vildu minnast hennar er vinsamlegast bent á að láta Krabbameinsfélagið eða aðrar líknarstofnanir njóta þess.

**Jóhann Gilbertsson**
**Sveinbjörn Hrafnsson** **Anna María J. Moestrup**
**Mikael Freyr Hannesson** **Harpa Heiðrún Hannesdóttir**
**Svala Guðmundsdóttir** **Már Hólm Einarsson**

---



†

*Ástkær faðir minn, afi okkar og langafi,*

**Ólafur Á. J. Pétursson**

Giljum í Mýrdal,

lést miðvikudaginn 22. febrúar. Útförin fer fram frá Víkurkirkju laugardaginn 3. mars kl. 14.00.

**Sigrún B. Ólafsdóttir**
**Ólafur Þorsteinn Gunnarsson** **Birna Kristín Pétursdóttir**
**Þórir Auðunn Gunnarsson** **Auðbjörg Helgadóttir**
**Sigríður Margrét Gunnarsdóttir** **Helgi Júníus Jóhannsson**
**Sólrún Erla Gunnarsdóttir** **Gylfi Viðar Guðmundsson**
**og barnabarnabörn.**

---



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ingibjörg Júlíusdóttir**

kjólameistari

lést á Droplaugarstöðum, fimmtudaginn 23. febrúar. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju, föstudaginn 2. mars kl. 13.00.

**Ágústa Högnadóttir** **Eyjólfur Ólafsson**
**Ólafur Ellertsson** **Guðmunda Árnadóttir**
**Baldur Ellertsson** **Ásthildur Hannesdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Okkar ástkæri,*

**Þórður Ólafsson**

sérfræðingur hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum í Washington D.C.,

verður jarðsunginn frá Víðistaðakirkju föstudaginn 2. mars kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélag Íslands.

**Lára Alexandersdóttir**
**Gígja Þórðardóttir** **Páll Liljar Guðmundsson**
**Orri Þórðarson**
**Silja Þórðardóttir** **Jóhann Gunnar Jónsson**
**Sölvi, Lára og Laufey afabörn.**

---



†

*Innilegar þakkir til þeirra fjölmörgu sem sýnt hafa fjölskyldunni samúð og kærleika við andlát og útför elskulegs eiginmanns, föður, tengdaföður og afa,*

**Torbens Friðrikssonar**

Gilsárstekk 5, Reykjavík,

sem lést laugardaginn 4. febrúar.

Sérstakar þakkir færum við Karitas hjúkrunarþjónustu og starfsfólki krabbameinsdeildar LSH fyrir einstaka þjónustu, hlýhug og velvilja.

**Margrét Björg Þorsteinsdóttir**
**Steen Magnús Friðriksson** **Heléne Westrin**
**Hanna Katrín Friðriksson** **Ragnhildur Sverrisdóttir**
**Knútur Þór Friðriksson** **Hanna Kristín Pétursdóttir**
**og afabörn.**

---



†

*Hjartans þakkir fyrir samúð og vináttu við andlát*

**Láru Margrétar Ragnarsdóttur**

fyrrverandi alþingismanns.

**Anna Kristín Ólafsdóttir** **Hjörleifur B. Kvaran**
**Ingvi Steinar Ólafsson** **Sigrún Guðný Markúsdóttir**
**Atli Ragnar Ólafsson**
**Kristján Tómas Ragnarsson** **Hrafnhildur Ágústdóttir**
**Árni Tómas Ragnarsson**
**Ásta Kristrún Ragnarsdóttir** **Valgeir Guðjónsson**
**Hallgrímur Tómas Ragnarsson** **Anna Haraldsdóttir**
**Lísa Margrét, Eysteinn, Bjarki, Anika Embla, Salvör Íva, Auður Ísold og Katrín Rán.**

---



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Herdís Guðmundsdóttir**

frá Hóli,

lést á Dvalarheimili aldraðra í Borgarnesi sunnudaginn 26. febrúar. Útförin fer fram frá Borgarneskirkju föstudaginn 2. mars kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Dvalarheimili aldraðra í Borgarnesi.

**Þórir Finnsson** **Rósa Arilíusardóttir**
**Sigrún Finnsdóttir**
**Guðmundur Óskar Finnsson** **Guðrún Fjeldsted**
**ömmubörn og langömmubörn.**

---



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Jón Hilmar Ólafsson**

Laugardælum,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi, fimmtudaginn 23. febrúar. Útför hans fer fram laugardaginn 3. mars. kl. 14.00 frá Selfosskirkju. Jarðsett verður í Laugardælakirkjugarði.

**Rósa Haraldsdóttir**
**Jarþrúður Jónsdóttir** **Ásgeir Albertsson**
**Ólafur Jónsson** **Auður Ingimarsdóttir**
**Kristín Jónsdóttir** **Jóhann Róbertsson**
**Haraldur R. Jónsson** **Helga I. Sturlaugsdóttir**
**Hjördís Þóra Jónsdóttir** **Jóhannes Kristjánsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Okkar ástkæra*

**Helga Ásdís Einarsdóttir**

Grundartúni 4, Akranesi,

andaðist á Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Akranesi, laugardaginn 25. febrúar. Útförin fer fram frá Akraneskirkju mánudaginn 5. mars kl. 14.00.

**Þórður Björnsson**
**Ágúst Svavar Þórðarson** **Linda Gustafsson**
**Jón Ingi Þórðarson** **Ingunn Dögg Eiríksdóttir**
**Ilmur Jónsdóttir**
**Jón Helgi Einarsson** **Guðbjörg Andrésdóttir**
**Sigríður Björk Einarsdóttir.**

---



†

*Elsku móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Hrafnhildur Höskuldsdóttir**

lést á líknardeild Landspítalans 20. febrúar sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að hennar ósk.
Við sendum starfsfólki kvenlækningadeildar 21A og líknardeildar Landspítalans innilegar þakkir fyrir frábæra umönnun og hlýhug.

**Ólafur Loftsson** **Dagný Hermannsdóttir**
**Auður Loftsdóttir** **David Tomis**
**Birta, Grímur, Ásta, Emma og Tómas.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**



**Leikkonan AnnaSophia Robb**, 18 ára, hefur verið valin til að leika Carrie Bradshaw í þáttunum The Carrie Diaries. Í þáttunum er fjallað um unga Carrie á níunda áratugnum áður en hún flutti til New York. Robb þekkja kannski flestir úr mynd Tims Burton um Kalla og súkkulaðiverksmiðjuna. Þar lék hún Violet sem varð fjólublá af tyggjóáti.



FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Snorri Snorrason** snorris@365.is 512 5457


**Alveg gasalega flottur !**



teg 152007 - létt fylltur, mjúkur í B, C skálum á kr. 4.600,- buxur í stíl á kr. 1.995,-

Misty - fyrir allar konur

**Laugavegi 178 - Sími: 551 3366**
**Þú mætir - við mælum og aðstoðum**
**www.misty.is**
**Opið frá 10-18 virka daga.**
**10-14 laugardaga**
Vertu vinur



Eirberg



**Rafknúnir lyftihægindastólar**

Opið kl. 9 - 18 • laugardaga kl. 11 - 16 • Stórhöfða 25 • 569 3100 • eirberg.is



**Vandaðir leðurskór í fallegum litum t.d. bleikir, grænir og silfraðir.**



KENNEL & SCHMENGER
SCHUHMANUFAKTUR

Skoðið brot af úrvalinu á Facebook

hjá Hrafnhildi
• Engjateigur 5
• Sími 581 2141
• www.hjahrafnhildi.is

Opið virka daga frá kl. 10-18 laugardaga frá kl. 10-16


**Greta Salóme segir ekkert ákveðið með búninga fyrir Eurovision en upphluturinn kemur til greina.**



# *Er veik fyrir upphlutnum*

Fiðluleikarinn Greta Salóme Stefánsdóttir kom, sá og sigraði í Eurovision með lagi sínu, Mundu eftir mér, og er á leið til Bakú í Aserbaídsjan í maí. Fatnaður hennar á úrslitakvöldinu fyrr í mánuðinum vakti verðskuldaða athygli en hann hafði þjóðlega skírskotun eins og lagið. Blaðamaður sló á þráðinn og forvitnaðist um hugmyndina og hvort sömu búningar verði notaðir ytra.

„Búningurinn var settur saman úr pilsi og upphlutsvesti. Ég leigði vestið á þjóðbúningaleigu Kolfinnu Sigurvinsdóttur en pilsið var hannað af Rebekku Ingimundardóttur," segir Greta Salóme. Hún segir hugmyndina hafa kviknað fyrir jól en hún vildi að búningar flytjenda myndu styðja við þjóðlegu áhrifin í laginu, þar sem meðal annars má greina fimmundarsöng. „Mér hefur alltaf fundist upphluturinn einstaklega fallegur og fannst liggja beinast við að nota hann."

Jón Jósep Snæbjörnsson, eða Jónsi, var að sögn Gretu Salóme nútímalega klæddur en slaufan minnti þó á gamla tíð. „Við reyndum svo að hafa bakraddirnar eins tímalausar og klassískar og við gátum."

Greta Salóme segir ekki ákveðið hvort búningarnir verði notaðir í aðalkeppninni. „Við erum samt sammála um að upphluturinn virkaði vel hér heima og kemur vel til greina."

*vera@frettabladid.is*





10.000 kr. vöruúttekt fylgir öllum fermingarrúmum

www.svefn.is

**Fermingartilboð**

**Gerið GÆÐA- og verðsamanburð**



12 mánaða vaxtalausar greiðslur

**VALHÖLL** Ný hönnun
5 svæðaskipt gormakerfi, gæðabólstrun, stál kantstyrkingar

| Stærð | Verð | Tilboð |
|---|---|---|
| 120x200 | 84.900 kr. | 79.900 kr. |

**Verð með íslenskum botni og fótum**



Svefn & heilsa ★★★★★

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 · Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150 · Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 · laugardaga 12.00 - 16.00



**Tískan á Óskarnum** vekur ávallt mikið umtal. Meðal þeirra sem tískuspekúlantar töldu hafa misstigið sig á rauða dreglinum þetta árið voru Meryl Streep í umhverfisvænum kjól frá Lanvin, Penelope Cruz í blágráum kjól frá Armani og Emma Stone í rauðum kjól með risastóra slaufu um hálsinn frá Giambattista Valli.


**Stórútsala**

**síðustu dagar allt að**

**70% afsláttur.**

TOPPHÚSIÐ TOPPVÖRUR • TOPPÞJÓNUSTA

NÆG BÍLASTÆÐI

Mörkinni 6 - Sími 588 5518 Opið mán - fös 10-18, laugardaga 10-16, www.topphusid.is


# Tískan er hefðbundin og leitar til fortíðar

**Heiðar Jónsson, snyrtir og flugþjónn, segir að kjólatískan á Óskarsverðlaunaafhendingunni hafi mikil áhrif á tísku komandi mánaða. Kvenleikinn var áberandi á hátíðinni í ár að hans mati.**

„Kjólatískan, eins og við sáum á Óskarshátíðinni, er mjög spennandi. Konurnar eru farnar að velja kjólana með tilliti til kvenleika. Þetta árið voru kjólarnir þó hefðbundnari en oft áður. Nokkrir vöktu sérstaka athygli mína. Ég get nefnt kjólinn sem Gwyneth Paltrow klæddist. Hann var svakalega flottur með skikkju yfir axlirnar. Gwyneth hefur sýningarstúlkuvöxt og ber svona kjól sérlega vel. Mér fannst hún bera af á hátíðinni. Þá get ég einnig nefnt Michelle Williams sem leikur Marilyn Monroe. Hún var í kóralrauðum kjól sem var nánast framlenging af henni sjálfri. Svona stelpukonukjóll," segir Heiðar Jónsson og bætir við.



Heiðar Jónsson

„Angelina Jolie var svakalega flott í svörtu flaueli. Ég skil samt ekki þennan brandara að láta hana standa gleiða uppi á sviði með fótinn út úr klaufinni. Ég er fagurkeri og fannst þetta ofboðslega púkalegt."

**Döpur prinsessa**

Heiðar segist hafa tekið vel eftir bæði förðun og greiðslu hjá stjörnunum. „Þetta var í látlausum stíl þetta árið," segir hann. „Tískan í dag er falleg og sýnir vel þá kvenlegu fegurð sem þessar konur búa yfir. Allt frá fyrstu Óskarsverðlaunahátíðinni 1929 hefur hún haft mótandi áhrif á tískuna. Strax í upphafi var mikill áhugi á kjólunum sem stjörnurnar klæddust. Það skiptir gríðarlega máli fyrir tískuheiminn hverju þær klæðast, bæði snið og litir. Hvítt og rautt var áberandi að þessu sinni. Ég var hissa að sjá Meryl Streep í gullkjól, fyrir mér á hún að vera silfruð. Það má líka segja að ég hafi verið agndofa yfir kærustu George Clooney, Stacy Keibler, en hún var einstaklega flott. Þá fannst mér einnig gaman að sjá prinsessuna í Mónakó, Charlene Whitstock, en hún var í hvít/fjólubláum kjól. Hún var afar glæsileg en döpur á svip eins og venjulega," segir Heiðar.

**Hefðbundnir herrar**

Þegar hann er spurður um herrana svarar hann því til að þeir hafi ekki síður verið fínir í smókingunum. „Þarna mátti sjá merki eins og Burberry, Armani og Tom Ford. Hefðbundinn stíll var einnig áberandi hjá körlunum. Ég geri ráð fyrir að margir taki gömlu galakjólana fram fyrir árshátíðirnar í ár. Það er litið til fortíðar í tískunni eins og í kvikmyndum, samanber þöglu myndina sem vann," segir Heiðar.

Hann telur að hefðbundnir gamaldags kjólar muni verða allsráðandi í Fegurðarsamkeppni Íslands í vor. „Ég hef reyndar talað fyrir því að síðkjólum verði lagt í þessari keppni en stuttir kokkteilkjólar notaðir í staðinn. Það kostar mikið að láta sauma síðkjól samkvæmt nýjustu tísku. Þetta eru ungar stúlkur og varla komnar með þann limaburð sem þarf fyrir mikla kjóla," segir Heiðar sem er sáttur við tískuna í dag. „Hún er afar glæsileg."



Michelle Williams var í stelpukonukjól sem var líkt og framlenging af henni sjálfri.

Heiðar heillaðist af Stacy Keibler í Marchesa gullkjólnum.




20% Afsláttur

1.-15. mars verða Pompea vörur, sokkar og sokkabuxur með 20% afslætti í verslunum Lyfja og í Apótekinu.

Gerið góð kaup! Gæði á góðu verði!

pompea

LYFJA - Lífið heil

Apótekið – einfalt og ódýrt





VORTILBOÐ Í ÞRJÁ DAGA

FRÁ FIMMTUDEGI TIL LAUGARDAGS

1. – 3. MARS

20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM

Í Tösku- og hanskabúðinni má finna mikið úrval af handtöskum, tölvu- og skjalatöskum, seðla-og leðurveskjum, ferðatöskum, leðurhönskum og vönduðum göngustöfum svo fátt eitt sé nefnt. Þú getur litið við í verslun okkar eða einfaldlega farið á slóðina www.th.is þar sem hægt er á aðgengilegan hátt að skoða úrvalið og gera góð kaup!

Tösku og hanskabúðin

Tösku og hanskabúðin • Skólavörðustíg 7 • 101 Reykjavík • Sími 551 5814 • www.th.is



LAGERTILTEKT Í FALSH

50-70% AFSLÁTTUR AF VÖLDUM VÖRUM T.D.

SÍÐIR KJÓLAR áður 34.990 NÚ 9.990

SPARIKJÓLAR áður 19.990 NÚ 5.990

SKOKKAR áður 16.990 NÚ 4.990

GALLAPILS áður 7.990 NÚ 3.990



og margt, margt fleira á ótrúlegu verði

FLASH

Laugaveg 54, sími: 552 5201

Við erum á Facebook




Fótleggur Angelinu Jolie vakti mikla athygli á Óskarsverðlaunahátíðinni um helgina enda passaði leikkonan að láta í hann skína undan svörtum kjólnum eftir Versace. Undir lok kvöldsins var búið að stofna Twitter-síðu í nafni leggjarins fagra.

www.style.com




FULL BÚÐ

af flottum fötum fyrir flottar konur

Stærðir 40–60

Vertu vinur á Facebook

belladonna

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517-6460

www.belladonna.is



## ÚR HÁBORG TÍSKUNNAR
Bergþór Bjarnason skrifar frá Nice

# Brussel borg tískunnar

Í hugum Frakka er París borg tískunnar. Ítalir vilja alls ekki vera minni spámenn en Frakkar (kannski með réttu) og segja það vera Mílanó. Sjálfsagt hafa svo aðrir enn aðra skoðun á því hvaða borg ber þennan titil með réttu. Hins vegar hef ég aldrei heyrt Belga halda þessu fram um Brussel. Sumir eru kannski hógværari en aðrir. Samt sem áður er Brussel áhugaverð og margt skemmtilegt að skoða þegar tískan er annars vegar og mikil uppsveifla í hönnun þar.

Belgíski skólinn svokallaði hefur verið þekktur og viðurkenndur í tískuheiminum um nokkuð langt skeið. Þá er átt við nokkra belgíska hönnuði sem komu frá Antwerpen og hófu feril sinn á svipuðum tíma. Þetta voru til dæmis Dris Van Noten, Anne Demeulemeester og Martin Margiela svo nokkrir séu nefndir. Ef frá er talinn Martin Margiela sem seldi tískuhús sitt til Diesel fyrir nokkrum árum eru þau enn að og njóta bæði virðingar og vinsælda. Þessa hönnuði má að sjálfsögðu finna í Brussel þó þeir sýni á tískuvikum í París. Til dæmis í Antoine-Dansaert-götu í versluninni Stijl. Í sömu götu er að finna Nicolas Woit sem meðal annars hefur starfað í París hjá Chloé, Mugler og Issey Miyake en einbeitir sér nú að kjólahönnun í vintage stíl. Hann segist hafa fengið nóg af stressi og hraða Parísartískunnar og vissulega er Brussel ólíkt minni og afslappaðri borg. Aðalstöðvar Martins Margiela eru á Flandregötu og örstutt frá, í Léon-Lepage-götu, er „konsept-búð“ sem heitir Mapp og selur mjög áhugavertan fatnað, fylgihluti og hönnun frá heimafólki á tiltölulega góðu verði. Haleluja er einnig ómissandi viðkomustaður þar sem eingöngu eru seld föt úr endurunnum efnum og er því afskaplega umhverfisvæn (kíkið á www.haleluja.be). Stutt frá er Johanne Riss til húsa sem hannar fáguð kvenföt en hún er frönsk þótt hún búi og hanni í Brussel.

Belgar sækja í sig veðrið hvað tískuna varðar og á næsta ári opnar tísku- og hönnunarmiðstöð í Brussel sem sýnir hversu mikil áhersla er nú lögð á þessa starfsemi. Líklegt er að mikilvægi greinarinnar verði enn meira.

Að auki er Brussel borg af þægilegri stærðargráðu og auðvelt að komast til hennar hvort sem er með flugi eða jafnvel með lest. Það tekur til dæmis einungis einn tíma og tuttugu og tvær mínútur að fara með Thalys frá París á Gare du Nord, fyrir þá sem eru á ferð og vilja taka smá útúrdúr. Svo eru almenningssamgöngur með besta móti í Brussel.

*bergb75@free.fr*



Það er auðvelt að villast í skóginum með svona höfuðfat. Eins gott að brynjan sé skotheld.



Nútíma Rauðhetta röltir um fannbarinn skóginn og gefur tóninn fyrir andrúmsloft sýningarinnar.

# Grimms-ævintýri Marcs Jacobs

**Ævintýralegt andrúmsloft ríkti á sýningu Marcs Jacobs á haust- og vetrarlínu hans í New York á dögunum. Villtar prinsessur og Öskubuskur ráfuðu um frosinn kynjaskóg.**

Marc Jacobs sýndi haust- og vetrarlínu sína á tískuvikunni í New York 13. febrúar. Sviðsmyndin var fannhvítur skógur og fötin minntu á ævintýrapersónur úr Grimms-ævintýrunum. Stórir loðnir hattar voru notaðir við allan klæðnað og lag á lag ofan-stíllinn var ríkjandi. Meira að segja skórnir virtust eiga sér fyrirmyndir í ævintýrum um prinsa og Öskubuskur.

*- fsb*



Vonda drottningin var líka mætt, uppstríluð.

Ull, leður og loðskinn voru þau efni sem mest bar á hjá Jacobs.





LAGERSALAN
hjá Hafnhildi



Nú einnig fatnaður úr **TUZZI** í Kringlunni
DRANELLA • CULTURE • ULDAHL
Stærðir 34 – 46
TUZZI
KRINGLUNNI

Þýsk og dönsk gæðavara á ótrúlegu verði
**70–90% afsláttur af ÖLLUM fatnaði og skóm!**

2. hæð Engjateigi 5
Opið: Fim. og föst. 12-18. Laug 10-16

Skoðið brot af úrvalinu á facebook!

# Við seljum ekki bara hús, við finnum þér nýtt heimili

## Fasteignasalinn hefur fengið nýtt nafn og heitir nú Húsaskjól

Nafnabreytingin er í takt við það markmið okkar að vera ekki aðeins skjól fyrir húseignir í söluferli, heldur einnig notalegt húsaskjól fyrir fólk í fasteignaviðskiptum þar sem rík áhersla er lögð á nýja nálgun og þjónustu sem fer fram úr væntingum bæði kaupenda og seljenda.

Við leggjum metnað okkar í að veita þér þá þjónustu sem við myndum sjálfar vilja fá frá okkar sölufulltrúa.

Eigandi og framkvæmdastjóri Húsaskjóls er Ásdís Ósk Valsdóttir en hún hefur verið einn af farsælustu fasteignasölum landsins frá árinu 2003 og leiðandi í nýjum aðferðum á fasteignamarkaði.

„*Ég hef keypt og selt fasteign í tvígang. Því miður getur maður ekki valið fasteignasala þegar maður kaupir því fasteignasali er ekki bara fasteignasali.*

*Ásdís og félagar hjá Fasteignasalanum hafa veitt mér framúrskarandi þjónustu og vinna allt 100%. Fagleg og vönduð þjónusta í alla staði.*“

„*Ég gef Fasteignasalanum hf. og Ásdísi hæstu einkunn. Sem kaupandi fékk ég frábæra þjónustu og fagleg vinnubrögð. Hér eru engin vandamál, bara verkefni.*“

„*Það er ánægjulegt að eiga viðskipti við traustvekjandi og fagmannlegar konur. Mæli hiklaust með ykkur hvenær sem er.*“

Þú finnur fleiri umsagnir á www.husaskjol.is og á Facebook-síðunni okkar.

### Þrjár þjónustuleiðir

Til að koma til móts við mismunandi þarfir viðskiptavina okkar bjóðum við þrjú mismunandi þjónustustig. Í öllum þjónustuleiðum okkar felst að seljandi þarf einungis að skrifa undir söluumboð og bíða eftir tilboði – við sjáum um allt hitt.

- Lúxusleiðin
- Full þjónusta
- Kannaðu markaðinn

Kynntu þér þjónustuna á *www.husaskjol.is* og finndu hvaða leið hentar þér.

### Við tökum vel á móti þér!



*Jóhanna Guðrún, johannagudrun@husaskjol.is, s. 845-6305.*
*Ingibjörg Agnes, inga@husaskjol.is, s. 897-6717.*
*Ásdís Ósk, asdis@husaskjol.is, s. 863-0402.*
*Jóhanna Kristín, jkg@husaskjol.is, s. 698-9470.*
*Hrafnhildur Björk, hrafnhildur@husaskjol.is, s. 862-1110.*

Húsaskjól
fasteignasala
– af því að þín fasteign skiptir máli

Stórhöfða 23, 110 Reykjavík, sími: 863-0402
www.husaskjol.is, husaskjol@husaskjol.is

# FERMINGAR

**Kynningarblað**
**Fermingarkort, gjafaóskir, fámennar fermingar, gamla myndin og hugmyndir í veisluna.**

FIMMTUDAGUR **1. MARS 2012**


# *Fermingarkortið* er skemmtileg nýjung

**Hjá Tölvulistanum verður í ár hægt að kaupa svokallað Fermingarkort sem hentar vel í fermingargjafir. Þannig geta fermingarbörnin sjálf valið sér þann tölvubúnað sem þau langar í. Fólk fær meira fyrir peningana enda bætast tíu prósent við gjafaupphæðina og fermingarbarnið getur unnið nýjustu iPad-spjaldtölvuna.**



Gunnar Jónsson með Fermingarkortið sem er nýjung hjá Tölvulistanum í ár. MYND/GVA

Hugmyndin kviknaði út frá þeirri staðreynd að það reynist ættingjum oft mjög erfitt að velja tölvuvörur fyrir fermingarbörnin, þar sem þau hafa yfirleitt sjálf mjög fastmótaðar skoðanir á því hvað þau langar í," segir Gunnar Jónsson, sölu- og markaðsstjóri Tölvulistans, er hann er spurður um nýja Fermingarkortið sem Tölvulistinn býður nú upp á í fyrsta sinn.

„Gjafakort og peningagjafir eru mjög vinsælar fermingargjafir, vegna þess að fermingarbörnin geta þá valið sjálf það sem þau vilja. Það sem gerir Fermingarkortið spennandi er að Tölvulistinn bætir 10% til viðbótar við upphæð gjafakortsins, þannig að þau fá meira fyrir peninginn. Ef keypt er fermingarkort hjá okkur að upphæð kr. 10.000 þá hækkum við gjafakortið upp í kr. 11.000. Stundum eru nánir ættingjar að gefa saman hærri upphæðir og þá getur þessi viðbót skipt verulegu máli fyrir fermingarbarnið."

## Geta unnið aukagjöf

Eitt heppið fermingarbarn getur líka unnið glæsilegan vinning að sögn Gunnars. „Við skráum öll fermingarbörn sem fá Fermingarkort í lukkupott og heppið fermingarbarn vinnur nýjustu iPad-spjaldtölvuna frá Apple. Það mun reynast ágæt aukagjöf fyrir þann heppna," segir hann.

Fermingarkortið kemur í veglegri gjafaöskju. „Það er í raun hægt að spara sér kort og innpökkun, þar sem Fermingarkortið kemur í sérhannaðri gjafaöskju þar sem hægt er að skrifa hamingjuóskir til fermingarbarnsins. Fermingarkortið er gjöf sem er gaman að gefa og þiggja."

## Stærsta verslunin

Tölvulistinn opnaði fyrir stuttu stærstu tölvuverslun landsins í Heimilistækjahúsinu við Suðurlandsbraut 26. Samtals eru verslanirnar sex um allt land. Í verslunum Tölvulistans er að finna 50 gerðir af fartölvum, 30 gerðir af borðtölvum og 10 spjaldtölvugerðir frá mörgum af þekktustu framleiðendum heims.

En fyrir hverju eru fermingarbörnin spenntust í ár? „Hátt hlutfall fermingarbarna er að safna sér fyrir draumatölvunni, hvort sem það er fartölva, borðtölva eða spjaldtölva. Auk þeirra eru sjónvarpsflakkarar, skjáir og ýmsar leikjavörur mjög vinsælar," svarar Gunnar. Að hans sögn finna starfsmenn Tölvulistans mikinn spenning hjá fermingarbörnum fyrir svokölluðum Ultrabook-fartölvum. „Þessar vélar eru ótrúleg bylting og mikill spenningur fyrir þeim almennt á markaðnum." Helsta ástæðan er sú að þær eru örþunnar, oft ekki meira en 3 mm þar sem þær eru þynnstar og fisléttar eða rétt rúmlega eitt kíló. „Það er ótrúlegur munur að ferðast með fartölvu sem er aðeins eitt kíló að þyngd. Ekki spillir fyrir að þær koma yfirleitt með mjög öflugum örgjörva og SSD diski, sem gerir þær mjög kraftmiklar og hentugar í skólann. Ég spái því að Ultrabook-vélarnar eigi eftir að verða mjög vinsælar hjá fermingarbörnunum í ár."



**ASUS ZENBOOK**
Þær gerast ekki flottari en Zenbook. Stálumgjörð úr hringburstuðu stáli og glæsileg hönnun. Örþunn og mjög kraftmikil með öflugustu gerð af Intel Core i5- eða i7-örgjörva, SATA 3 SSD diski og USB 3.0. Hún er fislétt og vegur aðeins um 1,1 kg en samt með allt að sjö tíma rafhlöðuendingu. Sérhönnuð Zenbook-fartölvutaska fylgir.
Verð frá 199.990



**TOSHIBA SATELLITE Z830**
Nýjasta fisvélin hjá Tölvulistanum. Var að lenda frá Toshiba. Mjög flott hönnun með 13,3" LED-skjá og baklýstu lyklaborði. 2.3 GHz Intel Core i5 – Dual Core með Turbo Boost. Vélin er ofurhröð með Solid State-diski og 6GB vinnsluminni. Fislétt og vegur aðeins 1,1 kíló. Góðir tengimöguleikar; 2 x USB, 1 x US3A, VGA, HDMI og kortalesari. Allt að 8 tíma rafhlöðuending.
Verð : 229.990


FERMINGARKORT TÖLVULISTANS

Veldu upphæð sem þú vilt gefa og við bætum 10% við gjafakortið !

Öll fermingarbörn sem fá Fermingarkort Tölvulistans eiga svo möguleika á að vinna nýjustu gerð af iPad spjaldtölvunni.




KEMUR Í GJAFAÖSKJU !




tl.is
TÖLVU LISTINN

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | HAFNARFJÖRÐUR |
|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | REYKJAVÍKURVEGI 66 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | Sími 414 1750 |



Litríkir melónupinnar eru hressandi, svalandi og bragðgóðir í munni og kætandi fyrir augað.



Smápitsur með klettasalati og furuhnetum, eða hverju því áleggi sem hugurinn girnist, er vel þegið partísnakk í hópi táninga.

# Fjörugt fermingarpartí

Þótt hátíðleg fermingarveisla með frændum, frænkum, ömmum, öfum, mömmu, pabba og systkinum sé fermingarbörnum dásamleg stund fylgir því innst inni söknuður að geta ekki notið stóra dagsins með vinahópnum líka, því jafnaldrarnir fermast gjarnan sjálfir sama dag. Því er nánast skylda að hóa í notalega samverustund bestu vinanna þar sem gert er vel við þá í mat og drykk heima um leið og fermingardagurinn er rifjaður upp og gjafirnar sýndar.



Veisluhöld án sætabrauðs af einhverju tagi eru sviplausari en ella. Punkturinn yfir i-ið eru dásamlegar múffur með hnausþykku kremi og kitlandi kökuskrauti.



Ásgerður Elva Jónsdóttir verður fermd í Neskirkju 31. mars. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Ánægð með fermingarfræðsluna

Ásgerður Elva Jónsdóttir fermist í Neskirkju þann 31. mars hjá Erni Bárði Jónssyni. Hún hefur skipulagt veisluna í samráði við móður sína, Jóhönnu Ólafsdóttur.

„Við fengum leigðan sal í Kópavogi og ætlum að bjóða upp á kaffi og tertur," segir Ásgerður Elva. „Ég fermist fyrri partinn og veislan verður eftir hádegi."

Ásgerður segist vera búin að finna fermingarkjólinn sem er hvítur og fékkst í Vero Moda. Hún segist vera afar ánægð með það val en skóna fékk hún í Fókus.

Ásgerður segir að skólasystkini hennar sem fermast með henni ræði ekki mikið hvað þau vilji fá í fermingargjöf. Sjálf segist hún helst vilja peninga. „Ég veit ekki nákvæmlega hvað mig langar í svo ég held að það sé best að fá pening. Þá get ég fundið út í rólegheitum hvað mig vantar," segir hún.

Ekkert eitt kemur upp í hugann þegar Ásgerður er spurð um væntingar jafnaldra hennar til fermingargjafa en hún hafi þó heyrt iPad nefndan.

Ásgerður er ánægð með fermingarfræðsluna sem hún hefur stundað í vetur og hún hlakkar til 31. mars en þann dag eru fyrstu fermingar í Neskirkju.




# Skírður og fermdur sama dag

Matthías Kristófer Matthíasson fermist í Fríkirkjunni í Hafnarfirði 19. apríl. Prestar eru Einar Eyjólfsson og Sigríður Kristín Helgadóttir.

Matthías Kristófer segir að undirbúningur sé þegar hafinn fyrir þennan stóra dag. Veislan verður í sal hjá Hrafnistu í Hafnarfirði og boðið verður upp á kalt borð. „Mamma, amma, frænka mín og systir ætla að hjálpast að við að búa til matinn. Gestir verða sextíu til áttatíu manns," segir Matthías en foreldrar hans eru Sigurbjörg Anna Ársælsdóttir og Matthías Magnússon.

Það sem er óvenjulegt við þennan dag er að Matthías verður skírður áður en að fermingunni kemur. Hann var ekki skírður á sínum tíma heldur einungis gefið nafn. Matthías segir að presturinn muni koma heim fyrir ferminguna og skíra hann inn í hið trúarlega samfélag. Á hverju ári eru nokkur ungmenni skírð fyrir ferminguna. „Ég kaus að verða skírður og fermdur," útskýrir Matthías og hlakkar mikið til þessa dags.

Þegar hann er spurður um væntingar til gjafa, svarar hann að peningur séu efst á óskalistanum. „Mig langar til að safna mér fyrir tölvu sem ég set saman sjálfur. Það væri líka ágætt að fá síma," bætir hann við.

Matthías segist hafa heyrt jafnaldra sína tala um iPhone og MacBook-tölvu sem óskagjafir. „Sumir vilja pening til utanlandsferðar. Ég held að Flórída sé þar efst á lista."

Flestir strákar fermast í jakkafötum og Matthías segist vera búinn að fá sín fermingarföt. „Frænka mín er að skreyta kerti fyrir okkur og þá fer allt að verða tilbúið," segir Matthías sem átti þó eftir að læra ritningarorðið sitt, enda tíminn nægur.



Matthías Kristófer Matthíasson verður skírður og fermdur 19. apríl. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Oddi – umhverfisvottuð prentsmiðja. Höfðabakka 7, 110 Reykjavík, sími 515 5000, www.oddi.is

# Ferming 2012



Skoðið fleiri myndir og verð á facebook síðu Galleri Sautján og á www.ntc.is



galleri sautján

Kringlunni | Smáralind





Úlfur Kári Sonjuson með móður sinni Sonju Huld Gunnlaugsdóttur.

# Fimm manns fermingarvei

**Fermingardagur Úlfs Kára Sonjusonar verður með dálítið öðru s íslenskum fermingarbörnum. Úlfur Kári býr á Lollandi í Danmö einum gesti í fermingarveisluna.**

Úlfur Kári Sonjuson fermist þann 15. apríl í lítilli sveitakirkju á Lollandi í Danmörku, þar sem fjölskyldan hefur búið í rúm tvö ár. Þau búa á sveitabæ og hafa engin samskipti við aðra Íslendinga í Danmörku, enda segir Sonja Huld Gunnlaugsdóttir, móðir Úlfs Kára, að hún viti ekki til þess að margir aðrir Íslendingar búi á þessu svæði. Það verður því ekki stór fermingarveisla í sveitinni en eldri bróðir Úlfs Kára kemur frá Nykøbing á Falstri, sem er næsti stóri bær, og fjölskyldan ætlar að borða saman mat að vali Úlfs Kára eða fara út að borða ef hann kýs það frekar.

Úlfur Kári hefur sótt fermingarfræðslu einu sinni í viku síðan í september auk þess sem fermingarbörnin taka virkan þátt í starfi kirkjunnar á undirbúningstímanum. „Presturinn sem fermir hann er fyrsti kvenpresturinn í sögu sóknarinnar og hún er rosalega dugleg og virk,“ segir Sonja. „Hún lætur þau halda sína eigin guðsþjónustu einu sinni um veturinn og auk þess standa þau fyrir peningasöfnun fyrir börn í Afríku og fleira og fleira. Kirkjan er eldgömul og pínulítil, en mjög kósý og rómantísk. Það eru níu krakkar héðan úr sveitinni sem fermast saman og þetta verður örugglega bara huggulegt og skemmtilegt. Þau hafa verið saman í pínulitlum sveitaskóla þangað til í haust þegar allir svona litlir sveitaskólar voru lagðir niður og krökkunum smalað í einn stóran skóla í næsta bæ, þar sem búa um 1.600 manns. Það er ekki bara á Íslandi sem verið er að skera niður og hagræða.“

Sonja segir Úlf Kára ekkert sérstaklega ánægðan með það að ekki verði stór fermingarveisla með ættingjum og vinum fjölskyldunnar, en við því sé lítið að gera. „Hann er nú held ég aðallega hræddur um að hann fái ekki nógu margar gjafir,“ segir hún hlæjandi. „En við reynum bara að gera daginn eins ánægju-








# s í
# slunni

**niði en hjá flestum öðrum**
**rku og ekki er reiknað með nema**

legan og mögulegt er og njótum þess að vera saman fjölskyldan.“ Auk Sonju og Úlfars Kára samanstendur fjölskyldan af fyrrnefndum eldri bróður sem fluttur er að heiman, ellefu ára systur og stjúpföður.

Í Danmörku er reglan sú að fermingarbörn fá frí í skóla daginn eftir ferminguna og þá fer allur hópurinn sem fermdist saman í ferðalag og gerir eitthvað skemmtilegt. „Þessi dagur er kallaður blå mándag og ég hélt lengi vel að nafngiftin vísaði til þess að fermingarbörnin væru svona döpur, sem ég skildi ekki alveg,“ segir Sonja. „En þetta er rosalega skemmtilegur dagur hjá krökkunum og núna ætla þau að fara í vatnsskemmtigarð sem heitir Lalandia og vera þar allan daginn að skemmta sér saman. Vegna sameiningar skólanna verður það reyndar ekki fyrr en í maí, þar sem bekkjarsystkinin fermast á mismunandi dögum, en það verður samt vonandi skemmtilegt fyrir þau.“ *- fsb*

## JESÚ LEIÐTOGI LÍFSINS

Ferming þýðir staðfesting. Í fermingunni staðfestir barnið skuldbindingu foreldra og guðfeðgina í skírnarathöfninni.

Það fer með trúarjátninguna, vinnur fermingarheit og þiggur fyrirbæn og blessun. Til þess að öðlast rétt til að mega fermast stundar fermingarbarnið sérstakt nám í kristnum fræðum hjá presti eða fermingarfræðara, sem kallast fermingarfræðsla.



Með fermingunni er fermingarbarnið að lýsa því yfir opinberlega að það vill tilheyra Jesú Kristi og að það vilji að hann verði leiðtogi í lífi sínu.

## MÚFFURNAR Á STALL

**Algengt er** að fólk leggi metnað í að skreyta fermingarborð og veislusali og oft er valinn ráðandi litur og þema í stíl við karakter og óskir barnsins. Ekki er síður mikilvægt að veitingarnar líti vel út og enn betra ef þær kallast á við annað skraut. Fyrir handlagna getur verið gaman að spreyta sig á múffum. Baksturinn er einfaldur og því hægt að setja meira púður í skrautið. Þá er gaman að raða afrakstrinum upp á marglaga disk enda smáveigis kransakökubragur yfir því, sem á sjaldan betur við en einmitt í fermingarveislum.




# Gefðu sparnað í fermingargjöf og Landsbankinn bætir 5.000 krónum við

**Þegar fermingarbörn leggja** 30.000 krónur eða meira inn á Framtíðargrunn Landsbankans greiðir bankinn 5.000 króna mótframlag inn á sama reikning. Þannig viljum við hvetja til sparnaðar.



Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000

# GRÆJURNAR FÁST HÉR

HLJÓMTÆKI

HÁTALARAR

iPOD/IPAD VÖGGUR

iPHONE VÖGGUR

ANDROID VÖGGUR

MYNDAVÉLAR

SJÓNAUKAR

HEIMABÍÓ

SJÓNVÖRP

BLU-RAY SPILARAR

MP3 SPILARAR

HEYRNARTÓL

OG ALLT HITT









JBL harman/kardon AKG

TOSHIBA PHILIPS Panasonic

FINLUX OLYMPUS GRUNDIG Nikon


JBL
by HARMAN
CELEBRATING 40 YEARS OF PARTNERSHIP
Sjónvarpsmiðstöðin
RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is


„Mér fannst þetta svolítið vandræðalegt," segir Heiða Bára Hjaltadóttir um þá upplifun að vera eina fermingarbarnið.

# Bæði gott og vont að fermast ein

**Heiða Bára Hjaltadóttir fermdist ein í Ísafjarðarkirkju þann 18. apríl 2010. Hún segir það hafa haft bæði kosti og galla að vera eina fermingarbarnið.**


Heiða Bára Hjaltadóttir, fermingarbarn og séra Magnús Erlingsson sóknarprestur á Ísafirði.

Ástæðan fyrir því að ég var ein var að það vildu flestir fermast á einhverjum sérstökum dögum eins og á páskunum eða á sjómannadaginn, en ég vildi fermast 18. apríl, sem var bara venjulegur sunnudagur," segir Heiða Bára Hjaltadóttir spurð hvers vegna hún hafi verið eina fermingarbarnið sem fermt var í Ísafjarðarkirkju þann dag. „Mér fannst þetta svolítið vandræðalegt, sérstaklega af því að það var alls konar fólk í kirkjunni sem ég þekkti ekki neitt og sat og starði á mig, en ég ákvað bara að láta það ekkert trufla mig."

Heiða Bára segir athöfnina hafa gengið vel, þótt það hafi verið svolítið stressandi að hafa engan til að fylgjast með til að vita hvað ætti að gera næst. „Til dæmis þegar ég átti að koma upp að altarinu og syngja með fólkinu í kirkjunni þá gleymdi ég sálmabókinni í sætinu og mátti ekki snúa við til að ná í hana. Þá varð ég mjög stressuð því ég kunni ekki sálminn sem átti að syngja."

Heiða Bára segist þó telja að það sé fleira jákvætt en neikvætt við það að vera eina fermingarbarnið. „Það snýst allt um þig," segir hún. „Maður þarf ekkert að hafa áhyggjur af því eða láta sér líða illa yfir að einhver annar standi sig betur eða fái meiri athygli. Maður er algjörlega miðpunkturinn."

Fermingin fór fram klukkan ellefu um morguninn og veislan byrjaði ekki fyrr en klukkan fjögur. Heiða Bára segir þann tíma hafa verið lengi að líða og hún hafi eiginlega ekkert vitað hvað hún ætti að gera. „Þetta var svona eins og á aðfangadag. Ég sat bara í sparifötunum og beið eftir að klukkan yrði fjögur á meðan allir voru á fullu að klára að undirbúa veisluna."


Bók sem geymir fögur orð og heillaóskir gesta til fermingarbarnsins er eigulegur gripur sem getur yljað síðar á ævinni.

## VEGANESTI ÚT Í LÍFIÐ

**Á fermingardaginn** er fögur tilhögun að láta eigulega bók ganga á milli gesta þar sem þeir skrifa frá hjarta sínu óskir til fermingarbarnsins um bjarta framtíð, góða heilsu, hamingju og velgengni um ókomin ár. Sú persónulega gjöf verður fermingarbarninu ógleymanlegur dýrgripur um aldur og ævi, og einstakt veganesti út í lífið.



Hannaðu fermingarkortið
á **oddi.is**
ODDI
**Oddi – umhverfisvottuð prentsmiðja.** Höfðabakka 7, 110 Reykjavík, sími 515 5000, www.oddi.is

Glæsileg Fermingatilboð

DÚN & FIÐUR
**Laugavegi 86 • sími: 511-2004**


... svo ótrúlega þægileg eftir sturtuna eða baðið!

Höfuðhandklæðin frá Sif eru saumuð úr gæðabómull. Létt og þægileg í notkun og henta jafnt síðu sem stuttu hári og dömum á öllum aldri.
Fáanleg í 9 litum
**Sölustaðir:** Sundlaugar á höfuðborgarsvæðinu, Sundlaugin í Borgarnesi, Lyfjaver, Reykjavíkur Apótek, Apótek Vesturlands, Apótek Hafnarfjarðar og Garðabæjar, Minja Skólavörðustíg, Femin.is, HB búðin, Skipt í miðju, Apótekarinn Mosfellsbæ, Mistý, Snyrtivörubúðin Glæsibæ, Litla búðin Akranesi. Lyf og heilsa: Eiðistorgi, JL-húsinu, Kringlunni, Austurveri, Firðinum Hfj. og Keflavík.
Sif
höfuðhandklæði
gsm 660 8860
elfursif@internet.is
**Sendi í póstkröfu**
*Nánar um Sif höfuðhandklæði á facebook*






Gott í MATINN

Þessar uppskriftir finnur þú á gottimatinn.is, ásamt fjölda girnilegra uppskrifta fyrir fermingarveisluna. Kíktu á gottimatinn.is og finndu þína rétti fyrir veisluna.

gottimatinn.is

# Í hláturskasti á leið í kirkjuna

Þórhallur Heimisson, sóknarprestur í Hafnarfjarðarkirkju, hefur búið mörg ungmennin undir fermingu í gegnum tíðina. Þórhallur hefur starfað í Hafnarfjarðarkirkju frá árinu 1996. Hann hefur ákveðið að gefa kost á sér til embættis biskups Íslands.

*En hvernig var fermingin hans?*

Þórhallur fermdist um hvítasunnu í Skálholtskirkju og segir að helsta minning sín frá þeim degi sé hávaðarok. „Við gengum í skrúðgöngu frá prestssetrinu yfir í kirkju. Kyrtlarnir fuku næstum af okkur, hárgreiðslan hjá stelpunum ruglaðist og við, krakkarnir níu, sem fermdust þennan dag fengum hláturskast á leiðinni í kirkjuna. Síðan tók alvaran við,“ segir Þórhallur og heldur áfram.



Þórhallur með móður sinni, Dóru Þórhallsdóttur, á fermingardaginn.

„Við löguðum okkur til í kirkjudyrunum og gengum inn með bros á vör. Eftir ferminguna og veisluna hittumst við svo sum aftur um kvöldið og fórum yfir daginn. Helsta minningin er sem sagt hvað þetta var gaman, hvað ég átti skemmtileg fermingarsystkini og gleðin sem ríkti þennan dag. Við vitum vel hvert af öðru fermingarsystkinin og sum þeirra eru mínir bestu vinir enn í dag.“

*Finnst þér fermingin í dag eitthvað frábrugðin því sem þú upplifðir sjálfur á þínum degi?*

„Já, þetta var nú allt miklu formfastara þegar ég fermdist. Bæði fræðslan og sjálf athöfnin þar sem alvarlegir sálmar voru í fyrirrúmi og við fermingarbörnin hrædd um að gera mistök. Nú höfum við þetta á léttari nótum, léttari sálmar og tónlist og fermingarbörnin upplifa vonandi að við viljum að þeim líði vel og að þetta sé gert á þeirra forsendum.“

*Einhver eftirminnileg fermingargjöf?*

„Þær voru margar fallegar og góðar en eftirminnilegust eru stangamél sem ég fékk, skreytt með útskornu stáli (beisli fyrir þau sem ekki þekkja). Það var Arnór Karlsson, bóndi í Biskupstungum og kennari með pabba við Skálholtsskóla, sem gaf mér þau. Þá var ég mikill hestamaður og þetta var ótrúlega höfðingleg gjöf. Beislið notaði ég í mörg ár, alveg þangað til ég hætti hestamennsku á fullorðinsárum. Ég held að beislið sé enn til hjá systur minni, sem er bóndi og hestamaður.“




+ Pantaðu fermingargjöfina á www.icelandair.is
Springsteen, sem er 62 ára, hefur oft á sínum farsæla ferli sungið um fólk sem á erfitt með að ná endum saman en í þetta sinn ákvað að hann beina sjónum sínum frekar að þeim sem áttu þátt í því að búa til hið slæma efnahagsástand sem nú ríkir í Bandaríkjunum.

„Tónlistin mín hefur alltaf snúist um að meta fjarlægðina á milli bandarísks veruleika og bandaríska draumsins, hversu löng hún er á hverri stundu,“ sagði Springsteen. „Uppruna plötunnar má rekja til ársins 2008 þegar mér fannst enginn vilja taka á sig neina ábyrgð í þjóðfélaginu. Wrecking Ball er myndlíking fyrir eitthvað sem hefur átt sér stað, þar sem eitthvað er eyðilagt til að byggja upp eitthvað nýtt. Þá er ég að tala um eyðileggingu á bandarískum gildum og hugmyndum sem hefur orðið, undanfarin, í rauninni þrjátíu ár.“

Auk hefðbundinnar rokktónlistar eru þjóðlaga- og gospellög á plötunni. Með því að kafa aftur í tónlistarsöguna vildi Springsteen sýna að eyðileggingin sem hann talar um er einhvers konar hringrás sem kemur upp aftur og aftur í Bandaríkjunum.


**SAUTJÁNDA PLATAN** Sautjánda hljóðversplata Bruce Springsteen kemur út eftir helgi. NORDICPHOTOS/GETTY

**7** Sjö plötur Springsteen hafa farið beint á topp Billboard-listans.

Hljómsveitin E Street Band er Springsteen sem fyrr til halds og trausts á plötunni. Auk þess fékk hann hjálp frá Tom Morello, gítarleikara Rage Against the Machine, og Matt Chamberlain, fyrrverandi trommara Pearl Jam.

Springsteen, sem hefur oft verið kallaður Stjórinn, heldur fyrirlestur á tónlistarhátíðinni South By Southwest í Texas um miðjan mars. Að honum loknum leggur hann af stað í tónleikaferð um Bandaríkin. Í maí hefst svo tónleikaferð um Evrópu sem lýkur í Helsinki 31. júlí. Hann spilar einnig á Hróarskeldu í júlí og verður það í fyrsta sinn í fjörutíu ára sögu hátíðarinnar sem goðsögnin kemur þar fram.

freyr@frettabladid.is

## LAGALISTINN
Vikuna 23. - 29. febrúar 2012

| Sæti | | Flytjandi | Lag |
|---|---|---|---|
| ▶ | 1 | Of Monsters and Men | *Lakehouse* |
| ▲ | 2 | Valdimar Guðmunds. / Helgi Júl. | *Stöndum saman* |
| ▼ | 3 | The Black Keys | *Lonely Boy* |
| ▲ | 4 | Fun / Janelle Monae | *We are Young* |
| ▶ | 5 | Magni | *Hugarró* |
| ▶ | 6 | Blár ópal | *Stattu upp* |
| ▼ | 7 | Retro Stefson | *Qween* |
| ▲ | 8 | Greta Salóme / Jónsi | *Mundu eftir mér* |
| ▲ | 9 | Amy Winehouse | *Will You Still Love Me Tomorrow* |
| ▲ | 10 | Dikta | *Cycles* |

## TÓNLISTINN
Vikuna 23. - 29. febrúar 2012

| Sæti | | Flytjandi | Plata |
|---|---|---|---|
| ▲ | 1 | Of Monsters and Men | *My Head is an Animal* |
| ▼ | 2 | Ýmsir | *Söngvakeppni Sjónvarpsins 2012* |
| ▼ | 3 | Mugison | *Haglél* |
| ▲ | 4 | Adele | *21* |
| ▲ | 5 | Valgeir Guðjónsson | *Spilaðu lag fyrir mig* |
| ▼ | 6 | Lenoard Cohen | *Old Ideas* |
| ▼ | 7 | Ýmsir | *Einu sinni var / Út um græna grundu* |
| ▲ | 8 | Sigurður Guðmunds. og Sigríður Thorl. | *Ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands* |
| ▲ | 9 | Gus Gus | *Arabian Horse* |
| ▲ | 10 | Sólstafir | *Svartir sandar* |

**Skýringar:**
▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku * Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is. vísir

**Þátttakendur í Lagalistanum:** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, Kaninn, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum:** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elkó, tonlist.is



Geggjuð
LAGERHREINSUN
-hreinsum til fyrir nýjum vörum
LUKKULEIKUR
Allir sem versla á lagerhreinsun fá þáttökuseðil. Þann 11. mars drögum við nokkra heppna út:
VINNINGAR
Playstation VITA
verðmæti kr. 49.999
Fimbulfamb
verðmæti kr. 7.999
Íslandopoly
verðmæti kr. 6.499
Scrabble
verðmæti kr. 5.499
stærðin skiptir máli !!
BLURAY SPILARI AÐ VERÐMÆTI 24.999 KR. FYLGIR MEÐ ÖLLUM SJÓNVÖRPUM 40" OG STÆRRI
SAMSUNG
BAKPOKAR FRÁ 1.499KR
FARTÖLVUR sýningarvélar og síðustu eintök
packard bell
hp
SAMSUNG
FRÁBÆR VERÐ !!
BINGOVÉL 1.499KR
BINGO
BLENDYPEN FRÁ 299KR
SAMSUNG Xcover 271 GSM
19.999
ÁÐUR 27.999
AÐEINS BROT AF ÚRVALINU
PENNAR FRÁ 79KR
COBY MP3 spilarar
MP620-4GB 4.999 ÁÐUR 6.999
MP550-2GB 2.999 ÁÐUR 3.999
CRAYOLA FRÁ 399KR
PÚSL FRÁ 399KR
-tónlist CD
-íslenskt DVD
-barna DVD
20% AFSLÁTTUR
GATAPOKAR 19KR/STK
SKULLCANDY heyrnartól -bara töff !!
20% AFSLÁTTUR
MYNDAVÉLAR -við tökum til !!
SÝNINGARVÉLAR OG SÍÐUSTU EINTÖK -FRÁBÆR VERÐ
VEHO filmuskanni
6.999
ÁÐUR 14.999
FÖNDURBÆKUR FRÁ 49KR
opið til 22 alla daga
GRIFFILL ALLTAF ÓDÝRARI
BT
UNDIR SAMA ÞAKI
Griffill sími 533-1010 - www.griffill.is - SKEIFUNNI 11 - BT sími 550-4444 - www.bt.is

### > CROWE AÐ LEIKA NÓA?

Leikarinn Russell Crowe er í viðræðum um að leika titilhlutverkið í myndinni Noah. Leikstjóri myndarinnar Darren Aronofsky er æstur í að fá Crowe í hlutverkið en myndin er byggð á sögunni um örkina hans Nóa. Crowe ku einnig vera spenntur fyrir hlutverkinu en tökur eiga að hefjast í júlí og myndin sjálf á að vera frumsýnd árið 2013. Líklegt er því að Crowe komi til Íslands í sumar en Aronofsky kom hingað til lands á síðasta ári til að skoða tökustaði fyrir myndina.



# bíó

bio@frettabladid.is

# Andstæðukennd bíóhelgi

Tvær mjög ólíkar myndir verða frumsýndar í bíóhúsunum um helgina.

Hryllingsmyndin The Woman in Black skartar Harry Potter sjálfum, Daniel Radcliffe, í aðalhlutverki og er byggð á samnefndri bók Susan Hill frá árinu 1983. Radcliffe leikur Arthur Kipps, ungan lögmann sem ferðast til lítils þorps vegna vinnu sinnar. Þar kemst hann í kynni við kvenkyns draug sem virðist tengjast tíðum sjálfsmorðum barna í bænum. Samleikari Radcliffs úr Harry Potter-myndunum, Ciarán Hinds, leikur á móti honum í myndinni. Auk þeirra leika meðal annars þær Janet McTeer og Liz White.

Teiknimyndin Töfrateningurinn verður einnig frumsýnd. Um er að ræða fallega fjölskyldumynd frá Milímetros á Spáni sem er sjálfstætt framhald af teiknimyndinni Drekafjöll, og margar sömu persónurnar sem koma fyrir. Í myndinni er skyggnst inn í undraveröld Drekafjalla þar sem við hittum fyrir fjölda litríkra persóna, þar á meðal strákinn Ketil og drekasnáðann Álf.

Þegar illmenninu Hrekklynd áskotnast töfrateningur sem hefur nægan eyðileggingarmátt til að tortíma heiminum reynir á Ketil, Álf og félaga að bjarga fallegu veröldinni okkar.



**DANIEL RADCLIFFE** Leikur aðalhlutverkið í hryllingsmyndinni The Woman in Black.

# Glee höfundur framleiðir söngvamynd

Cameron Diaz, Gwyneth Paltrow, Reese Witherspoon og Ryan Murphy, höfundur sjónvarpsþáttanna Glee, eru sögð vera að undirbúa framleiðslu nýrrar söngvamyndar sem mun skarta leikkonunum þremur í aðalhlutverkum.

Deadline.com og EW.com hafa þegar flutt fréttir af myndinni sem mun hafa hlotið vinnutitilinn One Hit Wonders. Myndin segir frá þremur söngkonum sem hver átti einn slagara á tíunda áratugnum en eru nú í fjárhagsvandræðum. Söngkonurnar ákveða að taka höndum saman og endurheimta fyrri frægð. Lonely Island-þríeykið Andy Samberg, Akiva Schaffer og Jorma Taccone eru sagðir ætla að taka að sér tónsmíðarnar fyrir myndina auk þess sem söngkonan Beyoncé Knowles hefur verið orðuð við myndina og er talið að hún muni taka að sér að syngja lög allra kvennanna.

Framleiðslufyrirtækið Sony mun hafa sýnt verkefninu áhuga og átt fund með Murphy. Fyrirtækið hefur þó enn ekki staðfest fréttirnar við fjölmiðla.



**SÖNGVASYSTUR** Cameron Diaz, Gwyneth Paltrow, Reese Witherspoon og Ryan Murphy hyggjast framleiða söngvamynd saman. NORDICPHOTOS/GETTY











**SPENNTUR** Óskar Þór Axelsson leikstjóri myndarinnar Svartur á leik er spenntur fyrir frumsýningu hennar. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL RÚNARSSON

# MEÐ HNÚT Í MAGANUM

**Kvikmyndin Svartur á leik verður frumsýnd annað kvöld. Þetta er fyrsta kvikmynd leikstjórans Óskars Þórs Axelssonar og hefur verið mörg ár í vinnslu.**

> Þetta er svolítið eins og þegar barnið manns flytur að heiman, maður neyðist til að sleppa af því hendinni og leyfa því að pluma sig upp á eigin spýtur.
>
> **ÓSKAR ÞÓR AXELSSON** LEIKSTJÓRI

Myndin er byggð á samnefndri metsölubók höfundarins Stefáns Mána og segir frá Stebba psycho sem flækist óvart inn í dimma undirheima Reykjavíkur í lok síðustu aldar. Með aðalhlutverk fara Þorvaldur Davíð Kristjánsson, Jóhannes Haukur Jóhannesson, Damon Younger og María Birta Bjarnadóttir.

Myndin hefur verið tæpan áratug í vinnslu og viðurkennir Óskar Þór að tilfinningarnar séu blendnar nú þegar komið er að frumsýningardegi. „Tilfinningin er að mestu góð en að einhverju leyti skrítin. Þetta er svolítið eins og þegar barnið manns flytur að heiman, maður neyðist til að sleppa af því hendinni og leyfa því að pluma sig upp á eigin spýtur."

Svartur á leik er fyrsta kvikmynd Óskars Þórs en hann skrifaði einnig handritið að myndinni. Hann kveðst stoltur af sköpunarverki sínu og er spenntur að sjá myndina á hvíta tjaldinu. „Þetta er mín fyrsta kvikmynd og þar sem undirbúningstíminn var svo langur þurfti maður að sýna mikla þolinmæði sem gat á stundum verið erfitt. Tökutímabilið var mjög skemmtilegt og ánægjulegt og eftirvinnslan sömuleiðis. Manni finnst hálf súrrealískt að þetta sé loks búið eftir allan þennan tíma og er auðvitað með svolítinn hnút í maganum fyrir frumsýningardaginn. En maður getur ekki falið sig, maður stendur og fellur með myndinni."

Óskar Þór er þegar farinn að leiða hugann að nýjum verkefnum en segir þau hanga á sömu spýtu og Svartur á leik. „Maður er alltaf með hugann við önnur verkefni, en framhald þeirra ræðst svolítið af því hvort þessi mynd standi sig," segir Óskar að lokum. sara@

# Kinnaman gæti leikið Robocop

Sænski leikarinn Joel Kinnaman hefur verið orðaður við aðalhlutverkið í endurgerð kvikmyndarinnar RoboCop sem kom fyrst út árið 1987. Kinnaman vakti fyrst athygli fyrir leik sinn í myndinni Snabba Cash þar sem hann fór með hlutverk Daniels Espinosa.

Kinnaman hreppti eitt aðalhlutverkanna í bandarískri endurgerð dönsku sjónvarpsþáttanna Forbrydelsen og virðist þar með hafa fest sig í sessi í Hollywood. Leikstjórinn Jose Padilha mun leikstýra RoboCop og voru bæði Russell Crowe og Michael Fassbender orðaðir við hlutverkið í upphafi. Kinnaman er þó sagður vera fyrsta val leikstjórans og því gæti svo farið að næsti RoboCop verði sænskur að uppruna.

RoboCop segir frá lögreglumanninum Murphy sem myrtur er í starfi og vakinn aftur til lífs sem vélmennið RoboCop. Leikarinn Peter Weller fór upphaflega með hlutverk lögreglumannsins en Rutger Hauer og Arnold Schwarzenegger höfðu einnig verið orðaðir við hlutverkið.



**VÉLMENNI** Sænski leikarinn Joel Kinnaman hefur verið orðaður við hlutverk RoboCop í nýrri endurgerð kvikmyndarinnar. NORDICPHOTOS/GETTY

Morgunverðarfundur:

# Föstudagsmessa um viðskiptagreind

**Opinn fundur Advania um stefnumótun viðskiptagreindar, föstudaginn 2. mars**



**Dagskrá:**

**8.00** **Húsið opnað**
Gómsætur morgunverður
og lútsterkt kaffi í boði Advania

**8.30** **Advania býður góðan dag**
Bjarni Birgisson,
framkvæmdastjóri hugbúnaðarlausna Advania
Sigríður A. Þórðardóttir,
forstöðumaður viðskiptagreindar hjá Advania





**8.40** **5 þrepa nálgun við stefnumótun viðskiptagreindar**
Hinrik Jósafat Atlason,
viðskiptagreindarráðgjafi hjá Advania



**9.00** **Árangursrík innleiðing viðskiptagreindar: Helstu niðurstöður MSc-lokaverkefnis frá HR**
Kristín Guðmundsdóttir, HR



**9.20** **Áskoranir í innleiðingu og rekstri viðskiptagreindarlausna**
Ólafur Magnússon,
forstöðumaður viðskiptakerfa hjá Símanum



**9.40** **Viðskiptagreind hjá Vínbúðunum: Hvernig styður hún við stefnuna?**
Sveinn Víkingur Árnason,
framkvæmdastjóri hjá rekstrarsviði ÁTVR



**10.00** **Skilvirkt eftirlit með fjármálamarkaði**
Bjarni Þór Gíslason,
hópstjóri viðskiptagreindar hjá Fjármálaeftirlitinu



**Fundarstjóri**
Jórunn Sigurðardóttir,
viðskiptagreindarráðgjafi hjá Advania



## Viltu vita meira um viðskiptagreind?

Notkun viðskiptagreindar (business intelligence) og tengdra hugbúnaðarlausna verður sífellt fyrirferðarmeiri í íslensku atvinnulífi.

Föstudaginn 2. mars heldur Advania opinn morgunverðarfund fyrir atvinnulífið um viðskiptagreind með dýnamískri blöndu af fróðleik, fræðimennsku og reynslusögum viðskiptavina.

Þar stíga á stokk sérfræðingar í viðskiptagreind hjá Advania, ÁTVR, Fjármálaeftirlitinu, Háskólanum í Reykjavík og Símanum.

## Hvar og hvenær

Fundurinn hefst kl. 8.30 í ráðstefnusal Advania að Ármúla 2 og lýkur upp úr klukkan tíu.

## Skráning

Skráðu þig á advania.is. Þátttaka er gestum að kostnaðarlausu og er fundurinn öllum opinn meðan húsrúm leyfir.

**#bifundur**

advania
Welcome to IT

Sætún 10 | 105 Reykjavík | Sími 440 9000 | advania@advania.is | www.advania.is

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 12-0124

# lífsstíll

lifsstill@frettabladid.is



**HEILBRIGÐUR HEILI** Fiskur og önnur fæða sem er rík af omega 3-fitusýrum heldur heilanum heilbrigðum þegar fólk verður eldra, ásamt því að verja hjartað fyrir sjúkdómum. Þetta kemur fram í nýrri rannsókn Dr. Zaldy Tan.

## TÆKNI



**LEITA AÐ LÍFI Á ÖÐRUM HNÖTTUM** Vefsíðan Setilive.org hefur verið opnuð. Þar getur almenningur tekið þátt í leitinni að lífi á öðrum hnöttum með því að fylgjast með útvarpsbylgjum. Samkvæmt frétt BBC eru bylgjurnar sendar frá Seti-stofnuninni sem helgar sig leitinni að lífi á öðrum hnöttum.



**TWITTER FYRIR MARKAÐSFRÆÐINGA** Bresk fyrirtæki mega núna rannsaka allt að tveggja ára gömul Twitter-skilaboð í markaðslegum tilgangi. Hægt er að skoða skilaboð frá því í janúar 2010 til að rýna í hegðun neytenda og skipuleggja markaðsherferðir. Áður gátu fyrirtæki aðeins skoðað þrjátíu daga gömul Twitter-skilaboð í þessum tilgangi.



**SPILA TÖLVULEIK MEÐ AUGUNUM** Vísindamenn við De Montford-háskólann í Bretlandi eru að hanna tölvuleik sem hægt er að spila með augunum. Tilgangurinn er að gefa fötluðum einstaklingum tækifæri til að spila tölvuleiki. Í frétt BBC segir einnig að spilamennskan hjálpi fötluðu fólki að glíma við raunverulegar aðstæður.




GÖNGUGREINING

- getur m.a. hjálpað ef þú finnur fyrir:

- Þreytuverkjum og pirring í fótum
- Verkjum í hnjám
- Aumum hælum
- Beinhimnubólgu
- Verkjum í iljum
- Verkjum í baki eða mjöðmum
- Hásinavandamálum

Sjúkraþjálfari framkvæmir göngugreiningu hjá Heilsulandi



HEILSULAND
Grensásvegur 11 | 108 Reykjavík
Sími: 571-1000 | www.sportland.is

Sérfræðingar Heilsulands eru Ásmundur Arnarsson og Jónas Grani Garðarsson sjúkraþjálfarar

Food & Fun í Perlunni

Gestur Perlunnar í ár er **Michelinstjörnukokkurinn Philippe Girardon** sem hefur þjálfað flest alla íslenska matreiðslumeistara sem hafa tekið þátt í hinni heimsþekktu Paul Bocuse keppni.

· Humar- og krabbamósaík ·
· Ljós hörpudiskur og tómata crème brûlée ·
· Steiktur lambabógur „confit" og lambahryggur ·
· Croque-monsieur fourme d'Ambert/Mascarpone ·
· Súkkulaði-Stradivarius með „Pur Caraïbes" súkkulaði ·

Sími: 562 0200 · perlan@perlan.is · www.perlan.is



FJÖLVARP
CNN
Alla daga **kl. 19.00 og 01.00**
PIERS MORGAN tonight

CNN er fáanlegi í FJÖLVARP ALLT FJÖLVARP FRÆÐSLA FJÖLVARP TOPPUR




**BÍSTRÓIN SLÁ Í GEGN** Steinn Óskar Sigurðsson matreiðslumeistari segir enga tilviljun ráða því að bístró veitingastaðir njóta vinsælda um þessar mundir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# BÍSTRÓ VEITINGASTAÐIR NJÓTA VAXANDI VINSÆLDA

**Bístró veitingastaðir sem bjóða upp á fjölbreyttan en ódýran mat virðast njóta aukinna vinsælda hér á landi. Að sögn veitingamanna má rekja þessa þróun til breytts tíðaranda.**

**MATUR** Bístró veitingastaðir hafa lengi notið vinsælda í stórborgum eins og London, New York og París og hafa vinsældirnar nú náð hingað til lands. Veitingastaðurinn Snaps var opnaður fyrir stuttu og innan skamms bætist Silfurtunglið í stækkandi hóp bístró veitingastaða.

„Þetta er engin tilviljun heldur bundið tíðarandanum. Svokallaðir „fine dining" staðir eru á undanhaldi og landinn sækist nú frekar eftir ódýrari stöðum sem bjóða upp á létta rétti og meiri stemningu. Samfélagið stýrir þessu," útskýrir Steinn Óskar Sigurðsson, yfirmatreiðslumaður og rekstrarstjóri Silfurtunglsins, þegar hann er spurður út í þessa þróun en Fréttablaðið greindi nýverið frá opnun veitingastaðarins Snaps á Óðinstorgi þar sem áður var Brauðbær. Þar verður meðal annars boðið upp á snafsa, smurbrauð og klassískan bistrómat. Áður mátti finna bístró veitingastaðina Geysi og Nauthól og því augljóst að bístrómatur fellur Íslendingum í geð.

Veitinga- og skemmtistaðurinn Silfurtunglið var starfræktur frá 1955 til 1975 á efri hæð leikhússins Austurbæjar og hyggst Steinn Óskar endurvekja staðinn en á sinn sérstaka hátt. „Matseðillinn verður fjölbreyttur og við munum blanda saman mörgum ólíkum stílum. Ég ætla meðal annars að bjóða upp á gamla klassíska rétti af gömlum matseðli Silfurtunglsins í bland við góða kjöt- og fiskrétti í nýnorrænum stíl og skyndibita sem ég mun framreiða á minn persónulega hátt."

Steinn Óskar leggur mikið upp úr því að halda í þá stemningu er ríkti á gamla Silfurtunglinu. „Það er mikil sál í húsinu og við höfum lagt mikla vinnu í að hafa uppi á gömlum matseðlum, myndum og öðru efni sem tengist staðnum og ætlum meðal annars að bjóða upp á kokteila sem bornir voru fram á gamla Silfurtunglinu," segir Steinn Óskar sem kveðst sækja innblástur til bístró veitingastaða í London, New York og Kaupmannahöfn þar sem slíkir veitingastaðir hafa lengi notið vinsælda. Silfurtunglið mun opna í Austurbæ í lok mars.

sara@frettabladid.is

### HVAÐ ER BÍSTRÓ?

- Óvíst er hvaðan nafnið bístró er upprunnið en talið er að það sé annað hvort komið frá franska fordrykknum „bistrouille" eða sé frá rússneskum hermönnum komið er kölluðu „bystro" á franskar gengilbeinur, en orðið þýðir fljótt.
- Orðið á upprunalega við veitingastaði sem eru smáir í sniðum og bjóða upp á heimilislegan mat á viðráðanlegu verði. Í grunninn á þetta enn við í dag.
- Fyrstu bístró-veitingastaðirnir voru reknir í heimahúsum þar sem leigusalar drýgðu tekjur sínar með því að bjóða leigjendum einnig upp á heitan mat. Fljótlega vatt þetta upp á sig og aðrir gátu einnig sest inn og fengið máltíð á góðu verði.

# Leirlistamenn hanna skeggbolla

**HÖNNUN** Fjórir listamenn hafa hannað hver sína útgáfu af skemmtilegum skeggbollum til styrktar Mottumars. Bollarnir eru að erlendri fyrirmynd og eru ætlaðir undir hvers kyns kaffidrykki en um leið að minna karlmenn á að fylgjast með sjálfum sér.

„Við erum fjögur sem stöndum að þessu, öll menntaðir leirlistamenn og hönnuðir og starfandi innan Leirlistafélagsins. Við gerum hvert okkar sína týpu af bollanum og höfum þróað hönnunina frá áramótum," útskýrir Guðrún en hver listamaður býr til tíu bolla. Hinir hönnuðirnir sem koma að verkefninu eru Guðný Hafsteinsdóttir, Bjarni Sigurðsson og Ragnheiður Ingunn Ágústsdóttir.

„Ég starfa einnig sem lyfjafræðingur á Landspítalanum og vinn meðal annars við að blanda krabbameinslyf og verð því mjög vör við þennan vágest í mínu daglega umhverfi. Málefnið er mér því hugleikið," segir Guðrún.

Bollarnir fást í Herrafataverslun Kormáks og Skjaldar og rennur allur ágóði sölunnar til Krabbameinsfélagsins. Guðrún bætir við að hverjum bolla fylgi ástarpungur í kaupbæti til áminningar um hvað ætlast sé til af karlmönnum. - sm



**SKEGGBOLLAR** Leirlistahönnuðurnir Guðrún Indriðadóttir, Guðný Hafsteinsdóttir, Bjarni Sigurðsson og Ragnheiður Ágústsdóttir hanna skeggbolla til styrktar Mottumars.



BIOTHERM

SKIN·ERGETIC

Eyðir sjáanlega þreytumerkjum
áður en þau breytast í öldrunarmerki húðar




# BIOTHERM BOMBA

## Í LYFJU LÁGMÚLA OG LAUGAVEGI

FIMMTUDAG 1. MARS OG FÖSTUDAG 2. MARS

**20%**
**kynningarafsláttur af tilboðsöskjum í Aquasource, Skin Ergetic og Skin Vivo.**

Kaupaukinn þinn þegar þú kaupir Biotherm vörur fyrir 6.900 kr. eða meira.

- Skin Ergetic krem 15 ml
- Biomains handáburður 20 ml
- Huile De Douche sturtuolía 75 ml
- Baume Corps húðmjólk 75 ml
- Biosource 3 in 1 hreinsivatn 30 ml

*Gildir ekki með öðrum tilboðum eða deodorant.




LYFJA
- Lifið heil

Lágmúla 5 – sími 533 2309 - Laugavegi 16 – sími 552 4045

# Fólk

folk@frettabladid.is



**3. MYNDIN** um njósnarana í svörtu fötunum, Men in Black, mun skarta söngkonunni Lady Gaga, sem verður í litlu hlutverki í myndinni.



**ÞRJÚ BÖRN** Jennifer Garner og Ben Affleck eru nú þriggja barna foreldrar eftir að þau eignuðust son í byrjun vikunnar. NORDICPHOTOS/GETTY

## Garner og Affleck eignuðust son

**Leikarahjónin Jennifer Garner og Ben Affleck eignuðust sitt þriðja barn í vikunni en fyrir eiga þau þriggja og sex ára dætur. Í þetta sinn eignuðust hjónin dreng og heilsast móður og barni vel að söng fjölmiðla vestanhafs. Fæðingin fór fram á spítala í Santa Monica.**

**Affleck og Garner kynntust árið 2003 við tökur á myndinni Daredevil og gengu upp að altarinu árið 2005.**

# Sárast að hafa fallið eftir 26 ár edrú

**Árleg byssusýning Veiðisafnsins á Stokkseyri verður haldin um helgina þrátt fyrir að stofnandinn Páll Reynisson hafi verið handtekinn í fyrra.**



**EKKI AF BAKI DOTTINN** Páll Reynisson með antilópu sem hann veiddi í Suður-Afríku. Hann segir sárt að hafa fallið fyrir Bakkusi en er ekki af baki dottinn.

„Ég er búinn að taka á mínum málum en það sem er sárast fyrir mig er að hafa fallið eftir tæplega 26 ára edrúmennsku,“ segir Páll Reynisson, stofnandi Veiðisafnsins á Stokkseyri.

Veiðisafnið heldur sína árlegu byssusýningu um helgina þrátt fyrir að Páll hafi verið handtekinn í júlí í fyrra eftir að hann hafði skotið af skammbyssum og haft í hótunum við lögreglumenn. „Það mál er í ferli í kerfinu. Ég gerði mistök og þau eru viðurkennd. Það gera allir mistök,“ segir Páll, spurður út í stöðu mála. „Það var sárt að falla eftir 26 ár fyrir Bakkusi en það skeði og ég gerði mistök og hef beðist afsökunar á því.“

Páll missti vopnaleyfið tímabundið á meðan mál hans er til meðhöndlunar og þess vegna er það Veiðisafnið og ábyrgðarmenn þess sem halda byssusýninguna í ár en ekki hann sjálfur.

Sýningin hefur notið mikilla vinsælda síðan Veiðisafnið var opnað árið 2004. Safnið sjálft hefur einnig verið vel sótt. Flestir komu þangað árið 2009, eða tæplega tíu þúsund manns. Aðspurður segist Páll ekki óttast að almenningur þori ekki að láta sjá sig þetta árið. „Þó að þetta hafi skeð þá vita þeir sem til þekkja að kallinn er alveg í lagi. Ég vil þakka fyrir þann stuðning og skilning sem ég hef fengið í þessu máli, hann hefur verið ótrúlegur og hefur komið mér á óvart.“

Byssusýningin verður haldin á laugardag og sunnudag frá kl. 11 til 18 í samvinnu við verslunina Vesturröst. Þar verða haglabyssur, rifflar, skammbyssur, herrifflar og fleira til sýnis. „Þessi sýning er aldrei eins, það er það skemmtilega við hana. Ég held að þessar föstu sýningar Veiðisafnsins hafi ýtt undir það að menn haldi byssusýningar. Það hefur orðið vakning í þessu, sérstaklega fyrir norðan og austan.“

Páll er mikill veiðimaður og er með mörg uppstoppuð dýr í Veiðisafninu. Yfir tveggja metra hár strútur, sem er sá eini á landinu, er væntanlegur á safnið í byrjun sumars, auk krókódíla, fjögurra antilópa og móts af risastórum nashyrningi sem er enn þá lifandi. Þessi dýr veiddi hann í Suður-Afríku rétt undir áramótin 2010.

Páll segist hvergi nærri hættur að veiða og ætlar að halda því áfram um leið og hann fær vopnaleyfið aftur. „Maður heldur ótrauður áfram þótt maður detti í stiganum. Við erum öll mannleg.“

freyr@frettabladid.is






## Á stefnumót með óþekktum manni

**Söngkonan Katy Perry sást á dögunum á stefnumóti með óþekktum manni í Los Angeles en samkvæmt fjölmiðlum vestanhafs daðraði Perry ófeimin við kappann fyrir framan ljósmyndara. Þetta er í fyrsta sinn sem Perry sést á stefnumóti síðan skilnaðurinn við leikarann Russel Brand varð opinber í lok síðasta árs. Perry og Brand voru gift í 95 daga en ástæða skilnaðarins ku vera sá að söngkonan vildi frekar einbeita sér að starfsframanum en eignast börn.**

**Brand virðist vera búinn að jafna sig eftir skilnaðinn en hann var meðal annars orðaður við leikkonuna Zooey Deschanel í byrjun árs en er víst núna í tygjum við myndlistarkonuna Oriela Medellin.**



**DAÐRAÐI ÓFEIMIN** Söngkonan Katy Perry sást á stefnumóti með óþekktum manni í Los Angeles. NORDICPHOTOS/GETTY

## Connery á toppnum



Sean Connery hefur verið kjörinn besti James Bond allra tíma í nýrri könnun á vegum tímaritsins Vanity Fair.

Skoski leikarinn hlaut 56% atkvæða fyrir frammistöðu sína sem njósnari hennar hátignar, 007, í myndum á borð við Dr. No, Goldfinger og Diamonds Are Forever. Connery er fyrsti Bondinn sem leit dagsins ljós og lék hann njósnarann alls í sjö myndum.

Í öðru sæti í könnuninni lenti Pierce Brosnan með 10% atkvæða og Roger Moore varð skammt undan með 9%.

Þrátt fyrir að mikil ánægja hafi verið með Daniel Craig sem Bond lenti hann neðarlega í könnuninni, eða á svipuðum stað og John Lazenby. Hafa ber í huga að Craig hefur aðeins leikið í tveimur Bond-myndum en nýjasta myndin, Skyfall, er væntanleg síðar á árinu.

**BESTUR** Sean Connery hefur verið kjörinn besti Bondinn enn og aftur.

# FYLLT'ANN

## ÞAÐ ER

TÖKUM UPP NÝJAR VÖRUR • ATH! • ALLA DAGA •




VIÐ AFNEMUM VIRÐISAUKASKATTINN
AF ÖLLUM VÖRUM Í VERSLUNINNI*
FRÁ FIMMTUDEGI TIL SUNNUDAGS!

*Gildir ekki af DVD-diskum - Afslátturinn er alfarið á kostnað KorpuOutlet

Ráðandi - auglýsingastofa ehf

STÆRSTA OUTLET LANDSINS!

KORPU OUTLET

Fylgstu með okkur á Facebook!

KORPUOUTLET, KORPUTORGI • Opið mánudag til laugardags frá 11 til 18 • Sunnudaga frá 12 til 18 • S. 578 9400



# Syngja lag Jackson og Mercury

Friðrik Ómar og Matthías Matthíasson bregða sér í hlutverk söngvaranna sálugu Michaels Jackson og Freddies Mercury í nýútgefnu lagi.

„Matti er með það rosalega háa rödd og hann tók Freddie án mottunnar,“ segir Friðrik Ómar um samstarf þeirra en lagið heitir There Must Be More to Life Than This.

Mercury söng lagið einsamall á sínum tíma en eftirlifandi meðlimir Queen ætla síðar á árinu að senda frá sér áður óútgefna hljóðritun af laginu sem hann söng með Michael Jackson. Friðriki Ómari og Matthíasi tókst að vera á undan þeim því þeirra útgáfa er þegar komin í útvarpsspilun. „Þessu var stungið að mér fyrir Freddie Mercury-tónleikana í fyrra af Rúnari Róberts á Bylgjunni sem er mikill Queen-aðdáandi. Við ákváðum að taka þetta saman við Matti og þetta var skemmtilegt augnablik á tónleikunum,“ segir Friðrik Ómar. Þeir sungu á fimm tónleikum til heiðurs Mercury í fyrra og ætla að endurtaka leikinn í Eldborg í Hörpu 18. apríl ásamt Eiríki Haukssyni, Eyþóri Inga, Magna og Huldu Björk Garðarsdóttur. Miðasala hefst kl. 12 í dag.

„Það verða þessir einu tónleikar og svo erum við búin að fá fyrirspurnir frá Færeyjum. Svo langar okkur líka að fara með þetta aftur norður á Akureyri.“ - fb



**TIL HEIÐURS MERCURY** Friðrik Ómar og Matthías Matthíasson syngja útgefið lag Michaels Jackson og Freddies Mercury.


# CLINIQUE

dagar í Debenhams 1.-7. mars




Glæsilegur kaupauki fylgir ef keyptar eru vörur frá Clinique fyrir 4.900 kr eða meira.*

- Rinse-Off Foaming Cleanser 50 ml
- DDML Gula Kremið 30 ml
- Moisture Surge Extended Thirst Relief 15 ml
- All About Eyes 7 ml
- High Impact Mascara 3.5 ml
- Varalita Palletta 4 litir

OPIÐ Í KVÖLD TIL KL 23.00

*meðan birgðir endast

DEBENHAMS

HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI


# Fékk fiðring í magann

**Megan Fox segist hafa fengið fiðring í magann þegar hún hitti eiginmanninn sinn Brian Austin Green úr þáttunum Beverly Hills 90210 í fyrsta sinn. Þau hittust árið 2004, þegar Fox var aðeins átján ára, við tökur á sjónvarpsþætti hennar Hope & Faith.**

**„Ég vissi ekkert hver hann var, enda var ég of ung til að hafa horft á Beverly Hills 90210. En í fyrsta sinn sem ég sá hann fékk ég fiðring í magann,“ sagði leikkonan.**

**Þau gengu í hjónaband árið 2010 en hafa engu að síður glímt við vandræði í sambandinu. „Við höfum lent í erfiðleikum en við höfum sigrast á þeim,“ sagði Fox. „Mér finnst hann vera sálufélagi minn.“**



**FIÐRINGUR** Megan Fox fékk fiðring í magann þegar hún hitti Green.

# Mætti með nýju kærustuna

**Leikarinn Ashton Kutcher mætti með nýja dömu í eftirpartý eftir Óskarsverðlaunin um síðustu helgi. Frá þessu greinir US Magazine en daman er sú sama og sást ítrekað með kappanum í fríi um Evrópu á dögunum, Lorene Scafaria.**

**Partýið sem um ræðir er boð sem fyrrverandi eiginkona hans, Demi Moore, hefur haldið undanfarin tvö ár ásamt söngkonunni Madonnu. Nú var Moore hins vegar víðs fjarri en hún er í lyfja- og áfengismeðferð eftir skilnaðinn. Partýið var þétt setið af frægu fólki á borð við Cameron Diaz, Katy Perry og Leonardo DiCaprio. Samkvæmt heimildum US Magazine létu Kutcher og Scafaria eins og kærustupar í partýinu en talsmaður leikarins hefur ítrekað neitað að hann sé kominn í samband.**



**MEÐ NÝJA DÖMU** Ashton Kutcher skemmti sér vel í eftirpartýi Madonnu eftir Óskarsverðlaunin ásamt vinkonu sinni Lorene Scafaria.






**SPILAR Á ÍSLANDI** Högni Reistrup spilar á þrennum tónleikum á Íslandi.

# Högni spilar á Íslandi

**Færeyingurinn Högni Reistrup treður upp ásamt hljómsveit á þrennum tónleikum 1. til 3. mars. Þetta verða fyrstu tónleikar hans hér að landi. Hann fær til liðs við sig færeysku söngkonuna Guðrið Hansdóttur sem hefur verið búsett á Íslandi síðan í haust.**

**Högni Reistrup sendi í byrjun árs frá sér sína þriðju plötu, Samröður við framtíðina, þar sem hann blandar saman poppi, raf- og rokktónlist. Gripurinn hefur fengið góða dóma í færeyskum og dönskum fjölmiðlum. Fyrstu tónleikarnir verða á Græna hattinum í kvöld, þeir næstu á Gauki á Stöng annað kvöld og þeir síðustu á Kex Hosteli á laugardagskvöld.**



**LAUG** Fyrirsætan Agyness Deyn viðurkennir að hún sé 29 ára í stað 24 eins og flestir héldu. NORDICPHOTOS/GETTY

# Laug til um aldur sinn

**Fyrirsætan Agyness Deyn viðurkennir að hún hafi logið um aldur sinn og að hún sé í raun 29 ára gömul í stað þess að vera 24 eins og flestir héldu. Þetta kemur fram í viðtali ofurfyrirsætunnar við blaðið Guardian. „Þegar ég byrjaði í fyrirsætubransanum var ég 18 ára og í raun of gömul til að geta orðið nýtt andlit þá. Þess vegna ákváðum við umboðsmaður minn að yngja mig um nokkur ár á pappírunum,“ segir Deyn sem eldist því um fimm ár á skömmum tíma.**

**Sjálf hefur Deyn sagt skilið við tískupallana í bili fyrir hvíta tjaldið en hún leikur fatafellu í endurgerð á myndinni Pusher.**

# Ljúft og fagurt þjóðlagapopp

Tónlist ★★★☆☆

**Hvað ef himininn brotnar**

Blágresi

Hvað ef himininn brotnar er fyrsta plata Blágresis, sem er tríó skipað söngkonunni Tinnu Marínu Jónsdóttur, Daníel Auðunssyni gítarleikara og söngvara og Leifi Björnssyni sem spilar á gítar og hljómborð og syngur. Platan hefur að geyma tíu ný lög við texta Einars Más Guðmundssonar rithöfundar. Auk meðlimanna þriggja spila á plötunni nokkrir gestir, Bassi Ólafsson slagverksleikari, Óttar Sæmundsson bassaleikari, Unnur Birna Björnsdóttir fiðluleikari og Pétur Hallgrímsson sem spilar á stálgítar og banjó.

Tónlist Blágresis er ljúft þjóðlagapopp. Tinna Marína hefur mjög bjarta og fallega söngrödd sem nýtur sín vel í þessari tónlist, bæði þegar hún syngur ein og þegar hún raddar með strákunum. Platan er mjög vel unnin, hljómurinn er góður og útsetningarnar eru smekklegar, fiðlan kemur t.d. mjög vel út. Textar Einars Más eru ágætir, ástin er fyrirferðamesta viðfangsefnið, en fleiri koma við sögu. Lagasmíðarnar eru yfir það heila góðar og nóg af grípandi lögum sem gætu náð vinsældum. Ég nefni sem dæmi kreppulagið Alltaf sama sagan, hið fallega Vekjum heiminn og lokalagið Þessar blóðrauðu varir.

Þetta er ágætis plata. Hún brýtur ekki blað tónlistarlega en lög og textar eru vel úr garði gerð og flutningurinn er góður. **Trausti Júlíusson**

**Niðurstaða:** Vel unnin og sæt þjóðlagapoppplata.






# Mugison maður kvöldsins

**Íslensku tónlistarverðlaunin fóru fram með pompi og pragt í Hörpu í gærkvöldi og óhætt að segja að tónlistarmaðurinn Mugison hafi staðið upp úr er hann fór heim með fimm verðlaun.**

- **Hljómplata ársins (popp, rokk):** Haglél-Mugison
- **Lagahöfundur ársins (popp,rokk):** Mugison
- **Lag ársins (popp,rokk):** Stingum af-Mugison
- **Söngvari ársins (popp, rokk,djass og blús):** Daníel Ágúst Haraldsson
- **Söngkona ársins (popp, rokk, djass og blús):** Andrea Gylfadóttir
- **Tónlistarflytjandi ársins (popp, rokk, djass og blús):** Björk
- **Textahöfundur ársins:** Mugison
- **Tónlistarviðburður ársins:** Biophilia Bjarkar í Hörpu
- **Bjartasta vonin (popp,rokk,blús):** Of Monsters and Men
- **Vinsælasti flytjandinn:** Mugison
- **Heiðursverðlaun:** Magnús Þór Jónsson, Megas



**STÓÐ UPP ÚR Á ÁRINU** Tónlistarmanninum Mugison hefur verið vel tekið en hann fékk verðlaun fyrir hljómplötu ársins, lagahöfund ársins, textahöfund ársins, lag ársins og vinsælasti flytjandi ársins. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**FLYTJANDI ÁRSINS** Björk fékk tvenn verðlaun á hátíðinni meðal annars fyrir tónleikaröð sína Biophilia í Hörpu síðasta haust.



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**SÖNGVARI ÁRSINS** Daníel Ágúst Haraldsson fékk verðlaun sem söngvari ársins, en hann hefur meðal annars staðið sig vel með dansveitinni Gus Gus.



**SÖNGKONA ÁRSINS** Andrea Gylfadóttir var valinn söngkona ársins í flokknum popp, rokk, djass og blús. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Syngur til heiðurs Houston

„Ég er ekkert að fara að taka I Will Always Love You," segir Magni Ásgeirsson.

Hann verður eini karlsöngvarinn á tónleikum til heiðurs Whitney Houston í Austurbæ 22. mars. Þar stíga einnig á svið Jóhanna Guðrún, Sigga Beinteins og fleiri söngkonur. „Ég geng þarna í störf karlpeningsins sem hún söng með. Hún söng dúetta með George Michael og hinum og þessum og ég fæ að vera karlmaðurinn í sambandinu," segir Magni, sem útilokar samt ekki að spreyta sig á Houston sjálfri. „Við erum ekki byrjuð að hnakkrífast um hver syngur hvað en það getur bara vel verið að ég fái að syngja eitthvað konulag, annað eins hefur nú gerst. Gott lag virkar alveg fyrir bæði kynin en ég er ekki að reyna að fara í háu hælana hennar Whitneyjar, það er alveg á hreinu."

Aðspurður segir hann að hin sáluga Houston hafi verið ein besta söngkona allra tíma. „Hún var með gjörsamlega fáránlega rödd, sérstaklega fyrir tíma tölvanna þegar hægt er að laga allt."

Houston er komin í hóp margra látinna söngvara sem Magni og fólk af hans kynslóð hefur hrifist af. „Þetta fer að verða svolítið pirrandi. Kurt Cobain, Layne Staley, Amy Winehouse, Whitney Houston og Michael Jackson. Þetta hrynur allt niður." - fb



**SYNGUR Á HEIÐURSTÓNLEIKUM** Magni Ásgeirsson syngur á tónleikum til heiðurs Whitney Houston 22. mars. HEIDA.IS


SAMBÍÓIN 3D SAMbio.is





SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | | |
|---|---|---|---|
| JOURNEY 2 kl. 5:50 - 8 - 10:10 | | 3D | 7 |
| JOURNEY 2 : THE MYSTERIOUS ISLAND | kl. 5:50 | 2D | 7 |
| A FEW BEST MEN | kl. 8:30 - 10:40 | 2D | 12 |
| A FEW BEST MEN Luxus VIP kl. 5:50 - 8 - 10:10 | | 2D | VIP |
| BEAUTY & THE BEAST - 3D (FRÍÐA OG DÝRIÐ) M/ ísl. Tali | kl. 6 | 3D | L |
| HUGO Með texta | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 2D | 10 |
| ONE FOR THE MONEY | kl. 8 | 2D | 12 |
| CONTRABAND | kl. 8 - 10:20 | 2D | 16 |
| SHERLOCK HOLMES 2 | kl. 10:20 | 2D | 12 |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | 2D | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | | |
|---|---|---|---|
| JOURNEY 2: THE MYSTERIOUS ISLAND | kl. 6 - 8 | 2D | 7 |
| EXTREMELY LOUD AND INCREDIBLY CLOSE | kl. 10:20 | 2D | 10 |
| PRÚÐULEIKARARNIR enskt tal ísl texti | kl. 6 | 2D | L |
| A FEW BEST MEN | kl. 8 - 10:20 | 2D | 12 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | | |
|---|---|---|---|
| WOMAN IN BLACK | kl. 8 | 2D | 16 |
| JOURNEY 2:THE MYSTERIOUS ISLAND | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 3D | L |
| HAYWIRE | kl. 8 - 10:10 | 2D | 10 |
| FRÍÐA OG DÝRIÐ m/ísl tali | kl. 6 | 3D | 12 |
| HUGO | kl. 5:20 | 2D | 10 |
| A FEW BEST MEN | kl. 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| PRÚÐULEIKARARNIR m/ens tali | kl. 5:40 | 2D | 16 |
| EXTREMELY LOUD & INCREDIBLY CLOSE | kl. 10:10 | 2D | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| COMEDY OF ERRORS leikrit í beinni útsendingu | kl. 7 | | L |
| JOURNEY 2 | kl. 8 | 3D | 7 |
| EXTREMELY LOUD AND INCREDIBLY CLOSE | kl. 8 | 2D | 10 |
| A FEW BEST MEN | kl. 10:30 | 2D | 12 |
| SHAME | kl. 10:10 | 2D | 16 |
| MAN ON A LEDGE | kl. 10:40 | 2D | 12 |
| THE HELP | kl. 5 | 2D | L |
| WAR HORSE | kl. 5 | 2D | 12 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | | |
|---|---|---|---|
| JOURNEY 2 : THE MYSTERIOUS ISLAND | kl. 8 | 3D | 7 |
| GHOST RIDER 2 Ótextuð | kl. 10:10 | 3D | 12 |
| A FEW BEST MEN | kl. 8 - 10:10 | 2D | 12 |

SAMbio.is

TAKTU ÞÁTT Í AFMÆLISLEIKNUM
kynntu þér málið á www.SAMbio.is

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075
5%





LAUGARÁSBÍÓ

| | Sýningartímar |
|---|---|
| JOURNEY 2 3D | 6 og 8 |
| SAFE HOUSE | 8 og 10.20 |
| SKRÍMSLI Í PARÍS 2D | 6 - ISL TAL |
| THE GREY | 8 og 10.20 |
| THE IRON LADY | 5.50 |

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ midi.is





SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR 5%

| | | |
|---|---|---|
| HAYWIRE | KL. 10.30 | 16 |
| HAYWIRE LÚXUS | KL. 10.30 | 16 |
| GHOST RIDER 3D ÓTEXTUÐ | KL. 10.30 | 12 |
| THIS MEANS WAR | KL. 10.30 | 14 |
| STAR WARS EPISODE 1 3D ÓTEXTUÐ | KL. 4 | 10 |
| SAFE HOUSE | KL. 10.30 | 16 |
| SKRÍMSLI Í PARÍS 3D | KL. 3.40 | L |
| CHRONICLE | KL. 4 | 12 |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 3 | KL. 3.40 | L |

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS 5%

| | | |
|---|---|---|
| GHOST RIDER 3D ÓTEXTUÐ | KL. 8 - 10.15 | 12 |
| CHRONICLE | KL. 6 - 8 - 10 | 12 |
| THIS MEANS WAR | KL. 5.45 - 8 | 14 |
| STAR WARS EPISODE 1 3D ÓTEXTUÐ | KL. 10.15 | 10 |
| THE DESCENDANTS | KL. 5.30 | L |
| LISTAMAÐURINN | KL. 6 - 8 - 10 | L |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| GHOST RIDER 2 3D ÓTEXTUÐ | KL. 8 - 10 | 12 |
| HAYWIRE | KL. 8 - 10 | 16 |
| THIS MEANS WAR KL.6 14 | GLÆPUR OG SAMVISKA KL.5.45 | |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio

BÍÓ ★ PARADÍS

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
CAFÉ/BAR, opið 17-23 / www.bioparadis.is / midi.is ■ Hluti af Europa Cinemas

FIMMTUDAGUR: THE AWAKENING 18:00, 20:00, 22:00 ■ THE SKIN I LIVE IN 20:00, 22:15 ■ THE DESCENDANTS 17:45, 22:00 ■ A DANGEROUS METHOD 20:00 ■ MY WEEK WITH MARILYN 18:00 ■ ELDFJALL 18:00 ■ Á ANNAN VEG 20:00 ■ BORGRÍKI 22:00
ÍSL. TEXTI *ENG. SUBS*

SKÓLANEMAR: 25% afsláttur gegn framvísun skírteinis!
Sami afsláttur fyrir öryrkja og eldri borgara.




VERÐHRUN
Í OUTLET 10
500 kr. - 990 kr. - 1990 kr. - 2990 kr. - 3990 kr. - 4990 kr.
Kíktu á okkur og dressaðu þig upp - fyrstir koma fyrstir fá.
Moss
Ullarkápur
4.990 kr.
Úlpur frá:
1.990
Kawasaki
skór
2.990 kr.
adidas
Peysur
4.990 kr.
Fermingar
jakkaföt
9.990 kr.
DIESEL
FOR SUCCESSFUL LIVING
Dömu gallabuxur frá:
990 kr.
Fermingar
kjólar frá:
990 kr.
OPIÐ: MÁN - FÖS 11 - 18, LAUGARDAG 11 - 18
SUNNUDAG 12 - 17 erum á facebook
+ + + OUTLET 10 + + +
OUTLET 10
+++ merki fyrir minna +++
FAXAFENI 10 - s. 578 7977

# sport

sport@frettabladid.is



**JÓHANNES KARL GUÐJÓNSSON** var í fyrsta sinn í byrjunarliði Huddersfield á þessu tímabili þegar liðið gerði 2-2 jafntefli við Stevenage í ensku c-deildinni í fyrrakvöldi. Jóhannes Karl var úti í kuldanum hjá stjóranum Lee Clark en það er komin upp staða eftir að Simon Grayson settist í stjórastólinn. Jóhannes Karl ætlar að spila með ÍA í sumar en ef Huddersfield fer í úrslitakeppnina um laust sæti í b-deildinni þá verður hann ekki löglegur með Skagamönnum fyrr en í júlí. Huddersfield er í 4. sætinu í dag.



**TEVEZ** Hér við komuna til Manchester þann 14. febrúar síðastliðinn. NORDIC PHOTOS/GETTY

Þótti ekki nógu góður:

## Tevez fær annan varaliðsleik

**FÓTBOLTI** Samkvæmt enskum fjölmiðlum mun Carlos Tevez spila aftur með varaliði Manchester City í dag eftir að hann þótti ekki standa sig nógu vel í leik með varaliðinu nú á þriðjudaginn. Þá spilaði hann í 45 mínútur og náði aðeins einu skoti að marki.

Tevez kom aftur til Englands um miðjan síðasta mánuð og sagðist þá aðeins þurfa um tvær vikur til að koma sér í stand. Annað hefur komið á daginn og er nú talað um að hann eigi ekki möguleika á að spila með aðalliði City á ný fyrr en gegn Chelsea þann 19. mars næstkomandi.

Varalið City mætir Bolton í dag en óvíst er hvort leikurinn fari fram fyrir luktum dyrum eins og síðast. - esá

Þung refsing:

## Derek Chisora í lífstíðarbann

**BOX** Breski hnefaleikakappinn Derek Chisora hefur verið dæmdur í ótímabundið keppnisbann af Alþjóðahnefaleikasambandinu og sektaður um 20 milljónir króna.

Chisora gerði allt vitlaust á blaðamannafundum fyrir og eftir bardaga sinn gegn Vitaly Klitschko á dögunum. Hann sló Klitschko á fyrri fundinum og spýtti vatni að bróður hans, Vladimir sem einnig er boxari.

Eftir bardagann lenti hann svo í orðaskaki við David Haye, annan breskan hnefaleikakappa, sem leiddi svo til slagsmála.

Chisora var handtekinn af lögreglunni í Þýskalandi vegna þessa en bardaginn fór fram í München. Honum var síðar sleppt án kæru. Í yfirlýsingu frá sambandinu segir að hegðun Chisora sé óásættanleg og að annað eins hafi vart sést hjá hnefaleikakappa í gegnum tíðina. - esá

# Ný ævintýri í Kasakstan

**Hannes Þ. Sigurðsson hefur samið við FC Atyrau í Kasakstan og mun spila með því á tímabilinu sem hefst nú í mars. „Minn stærsti samningur á ferlinum,“ segir Hannes en mikill uppgangur er í knattspyrnunni í þessum heimshluta.**

**FÓTBOLTI** Hannes Þ. Sigurðsson gekk í vikunni frá samningi við FC Atyrau í Kasakstan sem gildir til loka tímabilsins. Hannes heldur því áfram að spila á framandi slóðum því á seinni hluta síðasta tímabils lék hann með Spartak Nalchik í Rússlandi.

Hann var samningslaus þegar forráðamenn Atyrau höfðu samband við umboðsmenn Hannesar. „Mér fannst þetta heillandi,“ sagði Hannes í samtali við Fréttablaðið í gær. „Liðið var að leita sér að sóknarmanni og það var mælt með mér við þjálfarann. Þannig kom þetta til.“

Þjálfarinn umræddi heitir Zoran Flipovic og á langan feril að baki, bæði sem þjálfari og leikmaður. Hann var landsliðsþjálfari Svartfjallalands frá 2007 til 2010 en sem leikmaður lék hann lengst af sem sóknarmaður með Rauðu stjörnunni í Belgrad. „Mér líst auðvitað gríðarlega vel á þjálfarann og mér fannst mjög spennandi að fá að spila fyrir mann sem státar af slíkum ferli,“ segir Hannes.

### Hér er gott að vera

Hannes lék lengi vel á Norðurlöndunum sem og eitt tímabil í Englandi. Hann kom svo aftur til Íslands og spilaði rúmlega hálft tímabil með FH í fyrra áður en hann hélt utan til Rússlands. „Ég sé alls ekki eftir því og ég heillaðist mjög af Rússlandi og nú Kasakstan. Fótboltinn í þessum heimshluta er á uppleið og menn ætla sér stóra hluti. Hér ríkir líka velmegun, fólkið er afar vingjarnlegt og hér er gott að vera.“

Hann segist aldrei hafa verið hræddur við að prófa eitthvað nýtt. „Þetta er mikið ævintýri og hér kynnist maður ýmsu sem er manni framandi, sérstaklega eftir að hafa verið lengi á Norðurlöndunum. Það er gaman að upplifa nýja hluti og kynnast nýrri menningu og án efa meiri upplifun heldur en að vera allan atvinnumannaferilinn í Skandinavíu.“

Sjálfsagt eru fáir Íslendingar sem þekkja mikið til Kasakstan. Landið nær yfir tvær heimsálfur, Evrópu og Asíu, en knattspyrnusamband landsins fékk inngöngu í Knattspyrnusamband Evrópu, UEFA, árið 2002. Landið er ógnarstórt, um 2,7 milljónir ferkílómetra og er stærra en öll Vestur-Evrópa.

Atyrau er olíuborg en þess fyrir utan er almennt mikið um peninga í knattspyrnunni í Kasakstan. „Þetta er stærsti samningur sem ég hef gert og er ég mjög ánægður með þá hlið mála,“ sagði Hannes.



**FRÁ HAFNARFIRÐI TIL KASAKSTAN** Hannes í leik með FH síðastliðið sumar. Síðan þá hefur hann spilað í Rússlandi og er nú kominn til Kasakstan. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### Góður gluggi fyrir Rússland

Hafþór Hafliðason er einn umboðsmanna Hannesar en umboðsskrifstofan Sportic hefur séð um hans mál. „Hannes vildi vera áfram í Rússlandi en fyrst það gekk ekki er gott að komast til Kasakstan. Það er góður gluggi fyrir rússneska boltann,“ sagði Hafþór. „Kasakstan er olíuveldi og þarna eru lið með mikinn pening. Deildin hefur styrkst mikið.“

Hafþór segir að lönd á borð við Rússland og Kína séu spennandi kostir fyrir knattspyrnumenn. „Eins og sést á því hversu margar stórstjörnur eru farnar til þessara landa þá er mikill peningur í knattspyrnunni í þessum heimshluta. Landslagið hefur verið að breytast mikið á síðustu 5-10 árum og fyrir leikmenn sem eiga ekki tök á því að komast í stærstu deildir Evrópu er fjárhagslega mjög hagstætt að fara á þessa nýju markaði. Hannes hefur mikinn metnað fyrir því að spila í Rússlandi og verður sú deild mjög stór áður en langt um líður. Við teljum að þetta sé gott skref í þá áttina. Hann þarf að komast á beinu brautina, fá að spila mikið svo hann geti skorað mikið af mörkum. Við teljum að þetta sé rétta liðið fyrir hann.“

Sjálfur segir Hannes að liðið ætli sér að vera í fremstu röð í Kasakstan. „Liðið endaði í tíunda sæti á síðustu leiktíð og því erfitt fyrir mig að meta stöðuna nákvæmlega. En það ríkir bjartsýni hér og stefnan hefur verið sett á efstu fimm sætin.“

eirikur@frettabladid.is



**FULLT HÚS** Fram hefur unnið báða leikina við FH í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

N1-deild karla í kvöld:

## Er Fram með tak á FH?

**HANDBOLTI** Þrír leikir fara fram í N1-deild karla í handbolta í kvöld og flestra augu verða á leik FH og Fram í Kaplakrika.

FH-ingar hafa unnið alla þrjá deildarleiki sína eftir EM-fríið en Framarar eru í sárum eftir tvö töp á móti Haukum í röð, í deild (17-23) og bikarúrslitum (23-31). Framarar búa hins vegar að því að hafa unnið FH-inga tvisvar sinnum í vetur og þar á meðal 28-23 í fyrri leiknum í Krikanum.

Hinir leikir kvöldsins eru Afturelding-Akureyri á Varmá klukkan 18.30 og Haukar-Valur á Ásvöllum klukkan 19.30. - óój



**CHARLES PARKER** Var hetjan í sigri Keflavíkur í Hólminum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Iceland Express-deild karla:

## Spenna á dagskrá í Keflavík

**KÖRFUBOLTI** Þrír leikir fara fram í Iceland Express-deild karla í í kvöld og þar á meðal er leikur bikarmeistara Keflavíkur og Snæfells í Keflavík.

Keflavík vann dramatískan 115-113 sigur í framlengingu í Hólminum og það má því búast við æsispennandi leik í kvöld. Keflvíkingar fóru alla leið niður í fimmta sætið eftir tap fyrir Þór í síðasta leik. Snæfell er í 6. sæti, fjórum stigum á eftir Keflavík.

Hinir leikir kvöldsins eru Tindastóll-Haukar á Sauðárkróki og Stjarnan-Njarðvík í Garðabæ. Njarðvíkingar unnu 105-98 gegn lærisveinum Teits Örlygssonar og geta stigið stórt skref í átt að úrslitakeppninni með sigri. - óój




Ísland í neðsta sæti riðilsins í undankeppni EM 2012 eftir tap í Aserbaídsjan:

# Áttum ekki skilið að tapa leiknum

**FÓTBOLTI** Íslenska U-21 lið karla tapaði í gær fyrir Aserbaídsjan í undankeppni EM 2013, 1-0. Sigurmarkið kom undir lok fyrri hálfleiks, beint úr aukaspyrnu.

Þjálfarinn Eyjólfur Sverrisson var að vonum svekktur eftir leikinn en var þó ánægður með frammistöðu sinna manna. „Við vorum betri aðilinn og áttum ekki skilið að tapa leiknum. Við fengum færin en náðum einfaldlega ekki að setja boltann yfir línuna,“ sagði Eyjólfur en besta færi Íslands fékk Hörður Björgvin Magnússon, leikmaður Juventus, er hann skallaði boltann í slá um fimmtán mínútum fyrir leikslok.

„Strákarnir lögðu sig fram og áttu góða kafla, sérstaklega í seinni hálfleik. Þá settum við mikla pressu á Aserana. Ég veit ekki hversu oft boltinn rann í gegnum teiginn þeirra án þess að við náðum að setja tána í boltann,“ sagði Eyjólfur.

Ísland saknaði nokkurra leikmanna í leiknum sem gátu ekki gefið kost á sér af ýmsum ástæðum. „Það vantar mikið af mönnum en það er ekkert út á þá leikmenn að setja sem spiluðu leikinn, þeir stóðu sig vel.“

Þetta var fyrsti sigur Asera í riðlinum en liðið er nú með fjögur stig – Ísland þrjú. „Ég ræddi við þjálfara Aserbaídsjan eftir leikinn og hann sagði mér að Ísland hefði átt betri leik gegn þeim hér úti en bæði Noregur og Belgía [sem eru í sama riðli]. Þeir áttu meira skilið úr þeim leikjum heldur en úr þessum. En í þetta skiptið datt þetta bara þeirra megin – þetta var bara einn af þessum leikjum.“

Næsti leikur Íslands í riðlinum verður einmitt gegn Aserum á Laugardalsvellinum í júní. - esá



**EYJÓLFUR** Íslenska U-21 liðið hefur nú tapað fjórum keppnisleikjum í röð. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


LEIÐIN Á
LEIKANA
SAFFRAN hefur gert styrktarsamning við sex íslenska afreksmenn í íþróttum í þeim tilgangi að mæta kostnaði þeirra við vandaðan undirbúning fyrir Ólympíuleikana í London 2012.
Með stolti lýsir Saffran yfir stuðningi sínum við Kára Stein Karlsson maraþonhlaupara.
Skoðaðu leið Kára Steins á leikana á leidin.saffran.is
SAFFRAN

## ÚRSLIT

### Algarve Cup:

**Þýskaland-Ísland** **1-0**
**Svíþjóð-Kína** **1-0**
**Írland-Ungverjaland** **0-1**
**Portúgal-Wales** **0-1**

### Vináttulandsleikir:

**Kýpur-Serbía** **0-0**
**Ungverjaland-Búlgaría** **1-1**
**Rúmenía-Úrúgvæ** **1-1**
0-1 Edinson Cavani (2.), 1-1 Bogdan Stancu (49.).
**Tyrkland-Slóvakía** **1-2**
**Danmörk-Rússland** **0-2**
0-1 Roman Shirkov (4.), 0-2 Andrei Arshavin (45.).
**Sviss-Argentína** **1-3**
0-1 Lionel Messi (19.), 1-1 Xherdan Shaqiri (49.), 1-2 Lionel Messi (88.), 1-3 Lionel Messi, víti (90.).
**Austurríki-Finnland** **3-0**
**Grikkland-Belgía** **1-1**
**Króatía-Svíþjóð** **1-3**
0-1 Zlatan Ibrahimovic, víti (12.), 1-1 Jonas Olsson, sjm (43.), 1-2 Sebastian Larsson (45.), 1-3 Sebastian Larsson (67.)
**Þýskaland-Frakkland** **1-2**
0-1 Olivier Giroud (21.), 0-2 Florent Malouda (69.), 1-2 Cacau (90.+1)
**Norður-Írland-Noregur** **0-3**
0-1 Havard Nordtveit (44.), 0-2 Tarik Elyounoussi (86.), 0-3 Espen Ruud (90.+3).
**Ítalía-Bandaríkin** **0-1**
0-1 Clint Dempsey (54.)
**Pólland-Portúgal** **0-0**
**Írland-Tékkland** **1-1**
0-1 Milan Baros (49.), 1-1 Simon Cox (85.)
**Wales-Kosta Ríka** **0-1**
0-1 Joel Campbell (6.)
**England-Holland** **2-3**
0-1 Arjen Robben (57.), 0-2 Klaas-Jan Huntelaar (58.), 1-2 Gary Cahill (85.), 2-2 Ashley Young (90.+1), 2-3 Arjen Robben (90.+2).

### IE-deild kvenna:

**Haukar-Fjölnir** **67-68**
Haukar: Jence Ann Rhoads 31/9 fráköst/5 stoðsendingar, Margrét Rósa Hálfdánardóttir 10/5 fráköst, Íris Sverrisdóttir 10/6 stoðsendingar, Hope Elam 6/7 fráköst, Guðrún Ósk Ámundardóttir 6/6 fráköst/7 stolnir, Auður Íris Ólafsdóttir 2, María Lind Sigurðardóttir 2.
Fjölnir: Brittney Jones 25/7 fráköst, Katina Mandylaris 10/8 fráköst, Birna Eiríksdóttir 8, Jessica Bradley 7/15 fráköst, Erla Sif Kristinsdóttir 6, Eva María Emilsdóttir 6, Bergdís Ragnarsdóttir 6/5 fráköst.
**KR-Snæfell** **82-86**
KR: Erica Prosser 23/8 stoðsendingar, Margrét Kara Sturludóttir 21/10 fráköst, Hafrún Hálfdánardóttir 11/5 fráköst, Hrafnhildur Sif Sævarsdóttir 10, Sigrún Sjöfn Ámundadóttir 6/8 fráköst/5 stoðsendingar, Rannveig Ólafsdóttir 3.
Snæfell: Jordan Lee Murphree 30/7 fráköst/6 stoðsendingar, Kieraah Marlow 16/8 fráköst, Hildur Sigurdardottir 12/6 fráköst/6 stoðsendingar, Helga Hjördís Björgvinsdóttir 8, Berglind Gunnarsdóttir 5, Hildur Björg Kjartansdóttir 4, Björg Guðrún Einarsdóttir 3, Sara Mjöll Magnúsdóttir 2.
**Hamar-Njarðvík** **83-84**
Hamar: Katherine Virginia Graham 34/10 fráköst/9 stoðsendingar/5 stolnir, Samantha Murphy 29/6 fráköst, Fanney Lind Guðmundsdóttir 6/6 fráköst, Íris Ásgeirsdóttir 4, Marín Laufey Davíðsdóttir 4/6 fráköst, Sóley Guðgeirsdóttir 2, Jenný Harðardóttir 2.
Njarðvík: Shanae Baker-Brice 33/12 fráköst, Lele Hardy 28/17 fráköst/5 stoðsendingar/5 stolnir, Petrúnella Skúladóttir 10/5 stolnir, Salbjörg Sævarsdóttir 6/7 fráköst, Ólöf Helga Pálsdóttir 3/5 fráköst, Erna Hákonardóttir 3.
**Valur-Keflavík** **88-53**
Valur: Melissa Leichlitner 26, Kristrún Sigurjónsdóttir 15/6 fráköst, Lacey Katrice Simpson 12/17 fráköst/7 stolnir/3 varin skot, Guðbjörg Sverrisdóttir 10/7 fráköst/, Berglind Karen Ingvarsdóttir 8, María Ben Erlingsdóttir 7, Hallveig Jónsdóttir 6, Signý Hermannsdóttir 2/5 fráköst.
Keflavík: Pálína Gunnlaugsdóttir 21/7 fráköst, Jaleesa Butler 11/15 fráköst/5 varin skot, Sara Rún Hinriksdóttir 9, Helga Hallgrímsdóttir 4/5 fráköst, Lovísa Falsdóttir 2, Hrund Jóhannsdóttir 2, Birna Ingibjörg Valgarðsdóttir 2/5 fráköst, Eboni Monique Mangum 2

**STAÐAN:**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Keflavík | 24 | 19 | 5 | 1855-1669 | 38 |
| **Njarðvík** | **24** | **18** | **6** | **1998-1791** | **36** |
| Snæfell | 24 | 13 | 10 | 1721-1779 | 26 |
| **Haukar** | **24** | **12** | **12** | **1765-1721** | **24** |
| KR | 24 | 12 | 12 | 1760-1672 | 24 |
| **Valur** | **24** | **10** | **14** | **1763-1791** | **20** |
| Hamar | 24 | 6 | 18 | 1680-1843 | 12 |
| **Fjölnir** | **24** | **6** | **18** | **1720-1996** | **12** |

IMAGE FUDGE
Þú kemst fljótt að!
...en þú getur líka pantað tíma
FUDGE IMAGE
Rakarastofan Klapparstíg
S: 551 3010
Opið laugard. kl. 10-14

# Batamerki á leik íslenska liðsins

**Þó svo Ísland hafi tapað, 2-1, gegn Svartfjallalandi má nú þegar sjá batamerki á leik íslenska liðsins undir stjórn Svíans Lars Lagerbäck. Þetta var hans fyrsti alvöru leikur með liðið og kom ýmislegt í leik liðsins á óvart. Framherjaskortur er þó hjá landsliðinu og munaði um það hjá íslenska liðinu í gær.**



**GRIMMIR** Íslensku strákarnir börðu hraustlega frá sér í leiknum í gær. Hér má sjá Eggert Gunnþór Jónsson í kröppum dansi í leiknum. Hann gaf ekkert eftir frekar en félagar hans. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**FÓTBOLTI** Íslenska landsliðið varð að sætta sig við svekkjandi tap, 2-1, gegn Svartfjallalandi í gær. Þetta var fyrsti alvöru leikur Íslands undir stjórn Svíans Lars Lagerbäck en leikurinn gegn Japan fór ekki fram á alþjóðlegum leikdegi.

Þó svo tapið hafi verið svekkjandi getur Svíinn tekið margt jákvætt úr leiknum.

Heimamenn byrjuðu leikinn betur en íslenska liðið var fljótt að vinna sig inn í hann. Strákarnir færðu sig framar á völlinn með hverri mínútu og pressuðu heimamenn. Gríðarleg vinnsla var í öllum leikmönnum íslenska liðsins sem augljóslega ætluðu að sanna sig fyrir nýja þjálfaranum.

Ísland átti að fá víti snemma leiks er Birki Bjarnasyni var haldið í teignum en ekkert dæmt. Birkir fékk svo dauðafæri skömmu fyrir hlé sem hann hefði átt að nýta betur. Markalaust í leikhléi þar sem Ísland var sterkara.

Eins og svo oft vill gerast í vináttuleikjum fer botninn svolítið úr þeim er bæði lið skipta af krafti. Á því varð engin undantekning núna og sérstaklega gaf íslenska liðið eftir framan af.

Á 56. mínútu skoraði Stevan Jovetic fyrsta mark leiksins með skalla af markteig. Ragnar Sigurðsson og Bjarni Ólafur Eiríksson voru báðir úti að aka í varnarleiknum. Það dró af íslenska liðinu eftir því sem leið á hálfleikinn og það var ekki fyrr en Alfreð Finnbogason kom af bekknum sem líf færðist í leik íslenska liðsins á ný. Alfreð skoraði fimm mínútum eftir að hann kom af bekknum. Fékk flotta stungusendingu frá Aroni Einari, lék á varnarmann og lagði boltann í fjærhornið.

Aðeins tveim mínútum síðar átti Alfreð að skora aftur. Hann fékk þá dauðafæri í teignum en því miður fór skot hans í slána. Boltinn barst til Jóhannesar Bergs sem var einnig í flottu færi en hann skaut yfir.

Það var svo þrem mínútum fyrir leikslok að Jovetic afgreiddi leikinn með þrumufleyg utan teigs.

Það var gaman að fylgjast með íslenska liðinu í þessum leik og sérstaklega í fyrri hálfleik. Undirritaður man vart eftir að hafa séð landsliðið pressa svona hátt á vellinum. Færslan og vinnslan á öllu liðinu var til fyrirmyndar svo það kom ekkert í bakið á þeim þó svo þeir færðu sig hátt á völlinn. Emil og Kári fengu langþráð tækifæri og nýttu það ágætlega. Sérstaklega var samvinna Emils og Bjarna Ólafs í fyrri hálfleik góð.

Það háði samt liðinu greinilega að vera ekki með „alvöru“ framherja. Þó svo Gylfi og Birkir séu flottir og duglegir leikmenn þá hentar þeim ekki fullkomlega að spila í fremstu víglínu. Þess vegna hefði Alfreð að ósekju mátt koma fyrr inn af bekknum.

Spilamennskan, sem og andinn í liðinu þar sem allir lögðu sig af heilum hug í verkefnið, lofar góðu fyrir framhaldið.

**Fyrri hálfleikur virkilega góður**

„Auðvitað er mjög svekkjandi að tapa svona undir lok leikja,“ sagði Lars Lagerbäck landsliðsþjálfari við Fréttablaðið eftir leikinn.

„Við gerðum mistök hér og þar og vorum oft að tapa boltanum á slæmum stöðum. Fyrra markið þeirra kemur úr skyndisókn og hitt er að við gerum mistök og töpum boltanum á slæmum stað. Mönnum er refsað fyrir slík mistök í alvöru leikjum.“

Þó svo Svíinn hafi verið ósáttur við tapið þá var hann ánægður með ýmislegt í leik liðsins.

„Fyrri hálfleikur var mjög góður hjá okkur. Skipulagið til fyrirmyndar frá markverði til fremsta manns. Við áttum margar fínar sóknir en gáfum svolítið eftir með öllum skiptingunum. Þá voru menn líka byrjaðir að þreytast. Þetta var samt fyrsti leikurinn og í fyrsta skipti sem við hittumst. Ég held að við getum gert góða hluti ef við höldum áfram á þessum nótum.“

Hápressan sem Ísland bauð upp á í fyrri hálfleik vakti athygli.

„Ég veit ekki hvort við munum alltaf spila þannig. Það var gott að sjá okkur gera það samt og mér fannst við pressa vel sem lið. Andinn var samt góður og menn lögðu sig alla fram.“ **henry@frettabladid.is**

**Svartfjall. 2-1 Ísland**

*1-0 Stevan Jovetic (56.)*
*1-1 Alfreð Finnbogason (79.)*
*2-1 Stevan Jovetic (87.)*

**Íslenska liðið 4-4-2**

Stefán Logi Magnússon
Grétar Rafn Steinsson
(60., Birkir Már Sævarsson)
Ragnar Sigurðsson
Sölvi Geir Ottesen
(77., Indriði Sigurðsson)
Bjarni Ólafur Eiríksson
(60., Hjörtur Logi Valgarðsson)
Rúrik Gíslason
Eggert Gunnþór Jónsson
Kári Árnason
(66., Aron Einar Gunnarsson)
Emil Hallfreðsson
(45., Jóhann Berg Guðmundsson)
Gylfi Þór Sigurðsson
Birkir Bjarnason
(74., Alfreð Finnbogason)

Íslenska kvennalandsliðið í fótbolta tapaði naumlega fyrir Evrópumeisturum Þýskalands í Algarve-bikarnum:

# Getum varist vel á móti bestu liðum heims

**FÓTBOLTI** Sigurður Ragnar Eyjólfsson kvennalandsþjálfari var sáttur við frammistöðu íslenska kvennalandsliðsins þrátt fyrir 0-1 tap fyrir Evrópumeisturum Þýskalands í fyrsta leik Algarvebikarsins. Anja Mittag tryggði þýska liðinu sigurinn á 25. mínútu leiksins.

„Maður er aldrei ánægður með að tapa en frammistaðan hjá liðinu var góð í leiknum og sérstaklega voru þær sterkar og vel skipulagðar varnarlega,“ sagði Sigurður Ragnar Eyjólfsson en Margrét Lára Viðarsdóttir komst næst því að skora þegar hún átti sláarskot úr hornspyrnu í lok fyrri hálfleiksins.

„Ég var mjög ánægður með þetta því þetta er eitt allra besta liðið í heimi. Við vorum auðvitað að verjast stóran hluta leiksins og náðum lítið að skapa okkur sóknarlega. Það sem við tökum út úr þessu er að við getum varist mjög vel á móti allra bestu liðum heims,“ segir Sigurður Ragnar. Íslenska kvennalandsliðið hefur tapað öllum tólf leikjum sínum við Þýskaland en tveir þeir síðustu hafa aðeins tapast 0-1.



**HALLBERA GÍSLADÓTTIR** Í leiknum á móti Þýskalandi í gær. NORDICPHOTOS/GETTY

„Ísland hefur aldrei unnið Þýskaland og við skoruðum síðast á móti þeim árið 1987 og markatalan fyrir leikinn var 3-47. Við erum klárlega að nálgast þær. Okkur fannst við vera meira inni í þessum leik en á móti þeim í lokakeppninni. Við gáfum sjaldnar færi á okkur núna og við finnum að við erum að nálgast bestu liðin í getu,“ segir Sigurður Ragnar.

Sigurður Ragnar hrósaði þeim Gunnhildi Yrsu Jónsdóttur og Mist Edvardsdóttur sem voru í fyrsta sinn í byrjunarliðinu, Gunnhildur á miðjunni og Mist í miðri vörninni með fyrirliðanum Katrínu Jónsdóttur.

„Við hentum þeim út í djúpu laugina og ef þú getur spilað vel á móti Þýskalandi þá ættir þú að geta það á móti flestum liðum í heimi. Ég var mjög ánægður með það hvernig þær stóðu sig í leiknum og það er ekki auðvelt að byrja inn á með mjög litla landsleikjareynslu,“ segir Sigurður Ragnar.

„Við tökum það með okkur út úr leiknum sem var gott og reynum að byggja ofan á það. Það er stutt í næsta leik og það er líka mjög sterkt lið, Svíþjóð. Okkur hefur aðeins einu sinni tekist að vinna þær þannig að það verður bara annað mjög gott próf fyrir liðið,“ sagði Sigurður Ragnar. **- óój**




Komdu á kósýkvöld hjá okkur í Víkurverk og sjáðu hvernig hægt er að ferðast um fallega landið okkar í sumar.
Hjá okkur er fullur salur af ferðavögnum við allra hæfi sem þú getur skoðað í notalegri stemmingu.
**Komdu í kvöld og gerðu kósýkaup.**
**Við tökum gamla vagninn þinn upp í nýjan þó hann sé í geymslu!**
Svo verður náttúrulega opið um helgina, laugardag frá klukkan 12 til 16 og sunnudag frá klukkan 13 til 17


HOBBY hjólhýsi verð frá 2.990.000


HOBBY Landhaus verð 6.250.000


HOBBY húsbílar verð frá 13.900.000


Bürstner hjólhýsi verð frá 3.875.000


FamilyCamp verð frá 1.190.000


Coachmen fellihýsi verð 2.990.000


Esterella verð frá 3.295.000

***VÍKURVERK – ALLT Í FERÐALAGIÐ!***

VÍKUR
V • E • R • K

**VÍKURVERK EHF - VÍKURHVARF 6 - 203 KÓPAVOGUR - SÍMI 557 7720 - WWW.VIKURVERK.IS**

> STÖÐ 2 KL. 20.55

**ALCATRAZ**

Spennan magnast í Alcatraz á Stöð 2 í kvöld þar sem lögreglukonan Rebecca Madsen lendir í bráðri hættu. Bankaræningi sem hvarf úr Alcatraz fyrir 50 árum skýtur upp kollinum á ný og herjar á banka í San Francisco.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ ÞÓRÐUR SNÆR JÚLÍUSSON VILL BREYSKLEIKA

## *Sýnið Shameless*

Á síðari hluta ársins 2005 sýndi RÚV fyrstu seríu af bresku sjónvarpsþáttunum Shameless. Við tækið-skrifari man ekki til þess að fleiri seríur hafi verið sýndar enda líklegt að þeir mannlegu breyskleikar sem hampað var í þáttunum hafi farið öfugt ofan í íhaldsamari hluta RÚV-áhorfenda. Shameless fjölluðu um Gallagher-fjölskylduna sem bjó í félagsbústað í Manchester og var það sem best er lýst sem bresku, hvítu hyski. Persónugalleríið samanstóð af sjálfselskandi fyllibyttunni Frank Gallagher, brotnu börnunum hans sex og allskyns viðloðandi fylgihnöttum sem hver og einn bætti hressandi lesti í sarpinn.



Því var sérstaklega ánægjulegt þegar bandaríska sjónvarpsstöðin Showtime (þar sem má blóta og stunda kynlíf) hóf sýningar á bandarískum Shameless-þáttum sem byggja á hinum upprunalegu. Þar hefur söguvsviðið verið fært til Chicago, stórleikarinn William H. Macy fer með hlutverk Franks, börnin eru öll orðin fallegri og lestirnir ýktari. Við tækið-skrifari hvetur íslenskar sjónvarpsstöðvar til að sýna þessa dásemdarþætti, enda íslensk þjóð orðin mun umburðarlyndari fyrir drykkjuóhófi, smáglæpum, hirðuleysi, óþrifnaði, munnsöfnuði, samkynhneigð, rýmisfælni og allskyns sérkennilegri afstöðu til kynlífs en hún var árið 2005.

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Litla flugan **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Íslensk menning **14.00** Fréttir **14.03** Á tónsviðinu **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Laufdalaheimilið **15.25** Skurðgrafan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **17.00** Fréttir **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Sinfóníukvöld - Á leið í tónleikasal **19.30** Sinfóníutónleikar **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Lestur Passíusálma **22.20** Útvarpsperla: Við endimörk vetrarbrautarinnar **23.20** Til allra átta **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

### RÚV

**15.30 Meistaradeild í hestaíþróttum** (e)
**15.50 Kiljan** (e)
**16.40 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.20 Konungsríki Benna og Sóleyjar**
**17.31 Sögustund með Mömmu Marsibil** (31:52)
**17.42 Fæturnir á Fanneyju** (31:39)
**17.54 Grettir** (4:54)
**17.55 Stundin okkar** (e)
**18.25 Táknmálsfréttir**
**18.35 Melissa og Joey** (26:30)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Framandi og freistandi með Yesmine Olsson** (8:9)
**20.40 Tónspor** (6:6) S.
**21.10 Aðþrengdar eiginkonur** (10:23) (Desperate Housewives VIII) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Glæpahneigð** (118:138) (Criminal Minds VI)
**23.05 Höllin** (5:20) (Borgen) (e)
**00.05 Kastljós** (e)
**00.35 Fréttir**
**00.45 Dagskrárlok**

### BÍÓ

**08.00 The Wedding Singer**
**10.00 Kingpin**
**12.00 Martian Child**
**14.00 The Wedding Singer**
**16.00 Kingpin**
**18.00 Martian Child**
**20.00 Little Trip to Heaven** Spennumynd eftir Baltasar Kormák með Forest Whitaker og Juliu Stiles í aðalhlutverki.
**22.00 Lions for Lambs**
**00.00 The Prophecy 3**
**02.00 I'ts a Boy Girl Thing**
**04.00 Lions for Lambs**
**06.00 He's Just Not That Into You**

### STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (110:175)
**10.15 White Collar**
**11.00 Celebrity Apprentice** (5:11)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Daddy's Little Girls**
**14.40 E.R.** (20:22)
**15.25 Friends** (23:24)
**15.50 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 The Simpsons** (12:22)
**18.30 Fréttir**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Malcolm In The Middle** (12:22)
**19.45 Til Death** (17:18)
**20.10 The Amazing Race** (2:12) Fimmtánda þáttaröðin af einum vinsælasta raunveruleikaþætti síðari ára.
**20.55 Alcatraz** (4:13) Glæný spennuþáttaröð um lögreglukonu í San Francisco sem aðstoðar alríkislögregluna við að handsama hættulegustu glæpamenn Bandaríkjanna. Þeir hurfu sporlaust úr Alcatraz fyrir 50 árum. Núna snúa þeir aftur einn af öðrum og hafa ekkert breyst.
**21.45 NCIS: Los Angeles** (11:24) Önnur þáttaröðin um starfsmenn sérstakrar deildar innan bandaríska hersins sem hafa það sérsvið að rannsaka glæpi sem tengjast sjóhernum eða strangæslunni á einn eða annan hátt. Með aðalhlutverk fara meðal annars Chris O'Donnell og LL Cool J.
**22.30 Rescue Me** (3:22)
**23.15 Spaugstofan**
**23.45 The Mentalist** (10:24)
**00.30 The Kennedys** (8:8)
**01.15 Boardwalk Empire** (3:12)
**02.10 Terra Nova**
**03.35 Daddy's Little Girls**
**05.15 The Simpsons** (12:22)
**05.40 Fréttir og Ísland í dag**

### SPORT *besta sætið*

**07.00 England - Holland**
**15.15 England - Holland**
**17.00 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu.** Skyggnst á bakvið tjöldin hjá liðunum sem leika í Meistaradeild Evrópu.
**17.30 Enski deildarbikarinn: Liverpool - Cardiff**
**20.00 Meistaradeild Evrópu: Basel - Bayern** Útsending frá leik Basel og Bayern Munchen.
**21.45 NBA All Star Game** Útsending frá stjörnuleiknum í NBA.
**23.35 Spænsku mörkin**

### SPORT 2 *enski boltinn*

**16.20 Arsenal - Tottenham**
**18.10 QPR - Fulham** Útsending frá leik Queens Park Rangers og Fulham í ensku úrvalsdeildinni.
**20.00 Premier League World**
**20.30 Premier League Review 2011/12.** Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
**21.25 Football League Show** Sýnt frá síðustu leikjum í neðri deildum enska boltans. Glæsileg mörk og mögnuð tilþrif.
**21.55 Wigan - Aston Villa**
**23.45 Stoke - Swansea**

### EXTRA

**19.50 The Doctors** (60:175)
**20.30 In Treatment** (67:78)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 New Girl** (3:24)
**22.15 Kalli Berndsen-Í nýju ljósi** (9:10)
**22.45 Grey's Anatomy** (16:24)
**23.30 Gossip Girl** (5:24)
**00.15 Pushing Daisies** (4:13)
**01.00 Malcolm In The Middle** (12:22)
**01.20 Til Death** (17:18)
**01.40 In Treatment** (67:78)
**02.05 The Doctors** (60:175)
**02.45 Fréttir**
**03.35 Tónlistarmyndbönd**

### SKJÁREINN

**06.00Pepsi MAX tónlist**
**07.30 Innlit/útlit** (3:8) (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**10.00 Árshátíðarmyndband Kvennaskólans í Reykjavík 2012**
**10.30 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 Innlit/útlit** (3:8) (e)
**12.30 Pepsi MAX tónlist**
**14.55 Minute To Win It** (e)
**15.40 Eureka** (8:20) (e)
**16.30 Dynasty** (5:22)
**17.15 Dr. Phil**
**18.00 The Firm** (1:22) (e)
**18.50 Game Tíví** (6:12)
**19.20 Everybody Loves Raymond** (5:24)
**19.45 Will & Grace** (16:27) (e)
**20.10 The Office** (20:27) Michael vingast við arftaka sinn en þegar hann sér hann að störfum fara að renna á hann tvær grímur.
**20.35 Solsidan** (4:10)
**21.00 Blue Bloods** (3:22)
**21.50 Flashpoint** (9:13) Sérsveitin er í sjokki eftir hræðilega skotárás á listasafni. Á stöðinni bíður þeirra svo innra eftirlitið sem vill yfirheyra hvern þeirra fyrir sig.
**22.40 Jimmy Kimmel**
**23.25 CSI: Miami** (22:22) (e)
**00.15 Jonathan Ross** (14:19) (e)
**01.05 The Good Wife** (5:22) (e)
**01.55 Blue Bloods** (3:22) (e)
**02.45 Everybody Loves Raymond** (5:24) (e)
**03.10 Pepsi MAX tónlist**

### SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **08.35** Inside the PGA Tour (9:45) **09.00** Golfing World **09.50** World Golf Championship 2012 (5:5) **17.50** PGA Tour - Highlights (8:45) **18.45** Golfing World **19.35** Inside the PGA Tour (9:45) **20.00** The Honda Classic 2012 (1:4) **23.00** US Open 2006 - Official Film **00.00** ESPN America

### N4

**18.00** Að norðan

### BBC entertainment

**11.45** Come Dine With Me **12.35** Top Gear **13.25** ,Allo ,Allo! **13.50** ,Allo ,Allo! **14.15** ,Allo ,Allo! **14.40** ,Allo ,Allo! **15.05** My Family **15.35** QI **16.05** QI **16.35** The Best of Top Gear **17.25** Top Gear **18.20** Come Dine With Me **19.10** QI **19.40** QI **20.10** Top Gear **21.00** Lee Evans Live from the West End **21.55** Derren Brown. How to Control the Nation **22.45** Michael McIntyre's Comedy Roadshow

### DR 1

**12.35** Aftenshowet **13.30** Klimaduks og Blærerov **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Maggies nye liv **15.00** Benjamin Bjørn **15.15** Timmy-tid **15.25** Den fortryllede karrusel **15.35** Peter Pedal **16.00** Lægerne **16.50** DR Update - nyheder og vejr **17.00** Jamies mad på 30 minutter **17.25** OBS **17.30** TV Avisen med Sport **18.05** Aftenshowet **19.00** Sporløs **19.30** Nye hvide verden **20.00** TV Avisen **20.25** Jersild Live **20.50** SportNyt **21.00** Mord i familien **21.45** Sømanden & Juristen - historier fra et hospice **22.15** OBS **22.20** Lykke **23.15** Rockford

### NRK 1

**11.00** NRK nyheter **11.15** Aktuelt **11.45** Oddasat - nyheter på samisk **12.00** NRK nyheter **12.05** Snøbrett **13.00** NRK nyheter **14.00** NRK nyheter **14.10** VM skiskyting **16.00** NRK nyheter **16.10** Dyreklinikken **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Tegnspråknytt **17.00** Førkveld **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.45** Schrödingers katt **19.15** VM-kveld fra Ruhpolding **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Debatten **21.30** Fremmed i Norge **22.00** Kveldsnytt **22.15** Lydverket **22.45** Lilyhammer **23.30** Lindmo

### svt1

**11.45** Dag **12.10** Min stad **12.25** Den sjungande trappuppgången **13.25** Minnenas television **14.20** Strömsö **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **15.30** Designreportage **15.40** Det ljuva livet i Alaska **16.30** Sverige idag **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport **19.00** Antikrundan **20.00** Plus **21.00** Debatt **21.45** Bästa frisören **22.30** Det ljuva livet i Alaska **23.20** Rapport **23.25** Uppdrag Granskning **00.25** Rapport

### iNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Einar Kristinn og sjávarútvegur **21.30** You tube spjallið

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |




Endurgreiðsluleikur Orkunnar í mars




# Endur-greiðsla eða 100.000 kr.

Í endurgreiðsluleik Orkunnar fær einn viðskiptavinur á dag í mars **áfyllingu sína endurgreidda** og 3 viðskiptavinir fá **100.000 kr. inneignarkort** í lok mánaðar.







Handhafar Orkulykils, Orku- og Afsláttar-korts, Orkufrelsis og Staðgreiðslukorts Skeljungs eru sjálfkrafa með!

Dregið verður á föstudögum úr öllum áfyllingum vikunnar og fá 7 viðskiptavinir áfyllingu sína endurgreidda í hvert skipti. Endurgreiðslan er í formi inneignarkorts með sömu upphæð og dælt var fyrir.

Allir viðskiptavinir með Orkulykil, Orkukort, Afsláttarkort (skráð á kennitölu), Orkufrelsi eða Staðgreiðslukort Skeljungs geta vænst þess að fá áfyllingu sína endurgreidda, hvort sem þeir hafa tekið eldsneyti á bensínstöðvum Orkunnar eða Shell. Óþarfi er að skrá sig sérstaklega til leiks.

**Ef vinningshafar endurgreiðsluleiksins eru líka vinir okkar á Facebook fá þeir aukavinning.**

Fylgstu með á Orkan.is og á Facebook.

ORKAN

AFSLÁTTUR VINSTRI HÆGRI!

ENNEMM / SÍA / NM49308

**LÖGIN VIÐ VINNUNA**



*„Mér finnst gaman að streyma útvarpsþáttinn Morgunstund með KK á RÚV á meðan ég vinn. Ef ég er í hressara skapi á ég þó til að spila 90‘s danstónlist.“*

Harpa Rún Ólafsdóttir myndlistarkona.

# Okkar karakter mun fyndnari

„Hann var að öllum líkindum að stela þessu af okkur,“ segir Dóri DNA.

Einræðisherra hans í væntanlegu gamanþáttunum Mið-Íslandi er ótrúlega líkur einræðisherranum sem Sacha Baron Cohen túlkar í sinni nýjustu gamanmynd , The Dictator, og gerði mikinn óskunda fyrir Óskarsathöfnina á sunnudaginn. Báðir eru þeir klæddir hvítum jakkafötum með skrauti framan á, með borða yfir öxlina, hatt á höfði og fúlskeggjaðir. „Okkar er mjög sérstakur. Hann tekur þátt í arkitektasamkeppni og kemur frá Perú en kemur hans karakter ekki frá Pakistan?“ segir Dóri og bætir við: „Við höfðum ekki hugmynd um þetta. Þegar einræðisherrann var skrifaður átti hann að líta miklu meira út eins og skæruliði en það er líklega bara ein leið til að sýna einhverja svona einræðisherra,“ segir hann. „Þetta er reyndar rosalega lítið hlutverk í einum þættinum og meira að segja er ég með skegg eins og hann á kynningarmyndinni en í þáttunum er ég ekki með skegg, bara hýjung. Þannig að líkindin eru ekki alveg eins mikil og maður mætti halda. Fyrir utan það held ég að okkar karakter sé miklu fyndnari en þetta drasl. Mér sýndist þetta vera heldur þunnur þrettándi,“ segir hann um persónu Sacha Baron Cohen.



**LÍKIR EINRÆÐISHERRAR** Sacha Baron Cohen og Dóri DNA eru ótrúlega líkir í hlutverkum einræðisherranna.








**HEILL HER AF AÐSTOÐARFÓLKI** Þær Steinunn, Alma og Klara sjást hér við tökur á myndbandi við lagið Tickin´ Like a Bomb ásamt danshöfundi sínum, Jennifer Nappa.

STEINUNN CAMILLA: SÖGUÞRÁÐURINN Á EFTIR KOMA Á ÓVART

# Charlies-stúlkur djarfar í væntanlegu myndbandi

„Söguþráðurinn á eftir að koma áhorfendum á óvart,“ segir Steinunn Camilla sem ásamt þeim Klöru og Ölmu skipa hljómsveitina The Charlies. Stúlkurnar tóku upp fyrsta myndband sitt í Los Angeles á dögunum.

Myndbandið er við lag sveitarinnar Tickin‘ Like a Bomb og er að finna á „mixteipi“ sem stúlkurnar sendu frá sér í lok seinasta árs. Myndbandið var bæði tekið upp í stúdíói á vegum Notion Studios, þar sem risar á borð við MTV og Paris Hilton hafa tekið upp myndbönd, og á ströndinni í Malibu.

„Þetta gekk allt eins og í sögu en í myndbandinu má finna sprengjur, svínið Winston, mann í fjötrum, The Charlie‘s Angels og partí á ströndinni. Einnig bregðum við okkur í gervi slökkviliðsmanns, hermanns og einkaþjóns,“ segir Steinunn og bætir við að þær hafi fengið til liðs við sig rosalega dansara með danshöfundinn Jennifer Nappi í fararbroddi.



**GEGNUM LINSUNA** Leikstjóri myndbandsins heitir Raphael Chatelain en The Charlies fara meðal annars í gervi hermanns og einkaþjóns í myndbandinu.

Myndbandinu var leikstýrt af Raphael Chatelain en fjöldi manna kom að tökunum, sem stóðu yfir í tvo daga, og greinilegt að öllu var tjaldað til.

„Við enduðum á að keyra Pacific-þjóðveginn alla leið til Malibu þar sem við tökum upp senur á ströndinni fram eftir kvöldi en þar fengum við til dæmis til afnota 1964 árgerð af Ford Mustang,“ segir Steinunn.

Myndbandið verður frumsýnt innan skamms en þangað til er hægt að hlusta á og hala niður laginu Tickin‘ Like a Bomb á vefsíðu sveitarinnar thecharlies-official.com. alfrun@frettabladid.is

# Vilja gera plötu með Jimi Tenor

Hjálmar eru í viðræðum við finnska tónlistarmanninn Jimi Tenor um að vinna með honum fleiri lög. Hann söng með hljómsveitinni í laginu Messenger of Bad News sem var tekið upp í fyrra.

„Okkur langar að þróa það samstarf aðeins meira og hann var heitur fyrir því,“ segir gítarleikarinn Kiddi í Hjálmum. Inntur eftir því hvort plata sé á teikniborðinu segir hann að hún sé alla vega á óskalistanum.

Hljómsveitin spilar í fyrsta sinn í Slóvakíu í sumar á tónlistarhátíðinni Pohoda. Þar stígur Emilíana Torrini einnig á svið. „Það er alltaf gaman að fara eitthvert og spila fyrir nýtt fólk,“ segir Kiddi. FM Belfast spilaði á sömu hátíð í fyrra.

Hjálmar eru nýkomnir með tónleikabókara í Amsterdam og hann ætlar að reyna að koma þeim að í Hollandi, Belgíu og Lúxemborg. „Við fórum á Eurosonic Festival og það kom smotterí út úr því sem er verið að vinna í núna, þar á meðal þetta.“

Kiddi segir það ekki auðvelt að koma íslenskri reggítónlist að erlendis. „Ég held að við séum ekki nógu svartir til að vera alvöru reggí því það er fullt af reggíhátíðum í gangi. Ég held líka að þetta sé aðeins of mikið reggí fyrir venjulegar hátíðir.“ -fb



**Í VIÐRÆÐUM VIÐ TENOR** Hjálmar hafa áhuga að að taka upp plötu með Finnanum Jimi Tenor.



Fimm rétta

# HOLI

hátíðarmatseðill

**4.990 kr.**

FORRÉTTUR

Masala tígrisrækjur
*Pönnusteiktar tígrisrækjur með gómsætri blöndu af sinnepsfræjum, karrílaufblöðum, kóríander og chillí*

AÐALRÉTTIR

Gulabi Gosht
*Lambafillet marinerað í garam masala, engiferi, rósarblöðum, hvítlauk og kasjúhnetum. Grillað í tandoori-ofninum*

og

Tikka Masala kjúklingur
*Grillaðar kjúklingalundir í mildri sósu með kókos, tómötum, rjóma, kasjúhnetum og heimalagaðri kryddblöndu*

og

Aloo Gobi
*Ljúffeng blanda af baunum og blómkáli í kóríander, lauk, engiferi og hvítlauk*

MEÐLÆTI

Raitha
*Salat úr heimalagaðri jógúrt og gúrkum*

og

Basmati-hrísgrjón

og

Naan
*Indælis brauð úr tandoori-ofninum*

EFTIRRÉTTUR

Kulfi
*Heimalagaður ís úr pistasíuhnetum og saffrani*

# HOLI-hátíð

## á Austur-Indíafjelaginu

### – gleði, litir og dásamlegur matur

Um þessar mundir halda Indverjar Holi-hátíðina sína og Austur-Indíafjelagið færir þér angan af gleðinni og litadýrðinni frá Indlandi með ríkulegum hátíðarmatseðli í mars á hreint frábæru verði: **4.990 kr**.

***Komdu og njóttu þess besta í indverskri matargerð.***
***Borðapantanir í síma 552 1630.***





*HOLI er án efa líflegasta og litríkasta hátíð Indverja. Þá fagna þeir vorkomunni og kveðja vetrardrungann. Hvítklætt fólk, jafnt háir sem lágir, flykkist út á götur bæja og borga og baðar hvað annað upp úr alls kyns litum og gleðin ræður ríkjum.*

*Hverfisgata 56, 101 Reykjavík*
*Sími: 552 1630*

*Opið:*
*sun.-fim. 18:00 - 22:00*
*fös. og lau. 18:00 - 23:00*

AUSTUR-INDÍAFJELAGIÐ
INDIAN RESTAURANT
www.austurindia.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



NOVA
LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ
ORATORS
- félag laganema við Háskóla Ísland

**Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.**


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Færri komast að ...

Glæpamyndin Svartur á leik var forsýnd í Smárabíói í gærkvöldi. Ásóknin í sýninguna var gríðarleg og samkvæmt heimildum Fréttablaðsins komust miklu færri að en vildu. Búið var að bjóða ákveðnum fjölda á myndina, en kynningarteymið þurfti að hringja í fólk, sem hafði fengið boð, og bjóða því í bíó um helgina þar sem allt of margir höfðu boðað komu sína. Ljóst er að fólk er spennt fyrir myndinni sem skartar Þorvaldi Davíð, Jóhannesi Hauki og **Maríu Birtu** í aðalhlutverkum, en hún fer í almennar sýningar á morgun. **- afb**



### Ekki í framboðshug

Hermt er að umhverfisverndarsinnar leiti nú logandi ljósi að verðugum frambjóðanda til embættis forseta Íslands. Þeir munu hafa stungið hugmyndinni að leikkonunni **Maríu Ellingsen**, sem var ekki á þeim buxunum að gefa kost á sér, og síðan lagt hart að rithöfundinum Andra Snæ Magnasyni. Fleiri bíða þess að vita hvað Ólafur Ragnar Grímsson ætlast fyrir. Þannig hafa tveir menn, kunnir af störfum sínum á vettvangi borgarinnar, kannað landslagið upp á síðkastið: Þórólfur Árnason og Stefán Jón Hafstein. Þá munu stuðningsmenn Hönnu Birnu Kristjánsdóttur vera áhugasamir um að hún reyni fyrir sér í forsetakjöri eftir tapið í formannsslag Sjálfstæðisflokksins. **- sh**



## Mest lesið vísir

1. Elsta hlaupársbarn þjóðarinnar 22 ára
2. Kona leitaði til lögreglunnar vegna mannránstilraunar
3. Auglýsa dýrustu skemmtisiglingu sögunnar
4. Ákært fyrir manndráp af gáleysi
5. Fyrrverandi ráðherra: Skömmin send til gerandans


**Er svefninn vandamál?**

**Verðlaunuð náttúruafurð úr Bygg- og Hveitigrösum**




**Fæst í flestum apótekum og heilsubúðum**



